allt

ÁSGERÐUR JÚNÍUSDÓTTIR

*Carmen og dumbrauði kjóllinn*

tíska heimili heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



SIGURÐUR PÉTURSSON

*Drepur hákarla og baðar sig á borgarísjaka*

Heimildarmynd um hreystimennið væntanleg

FÓLK 54






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. janúar 2006 — 11. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Eignir Símans hafa þrefaldast eftir sölu

**Eigið fé Símans hefur nær tvöfaldast í höndum nýrra eigenda, sem meðal annars hafa rennt honum saman við önnur félög. Langtímaskuldir í nafni félagins verða 50 til 60 milljarðar króna eftir nýjar lántökur í upphafi ársins.**

**VIÐSKIPTI** Efnahagsreikningur Símans hefur blásið út eftir eigendaskiptin á síðasta ári. Bæði skuldir og eignir félagsins jukust gríðarlega samkvæmt nýjum gögnum um skuldabréfaútboð sem KB banki annast fyrir félagið þessa dagana.

Samkvæmt útboðinu hyggst Síminn taka 14 milljarða króna að láni með vaxtagreiðslubréfum til liðlega átta ára. Útgáfudagur var 2. janúar síðastliðinn.

Í útboðsgögnunum eru heildareignir Símans eftir samruna við Skipti, félag KB banka og Bakkavararbræðra sem eignuðust stærstan hluta Símans, metnar á liðlega 83 milljarða króna en eignir samstæðunnar árinu áður voru 28,6 milljarðar króna og hafa þær því þrefaldast. Eigið fé hefur að sama skapi nærfellt tvöfaldast frá árinu 2004. Þá voru þær áætlaðar 17 milljarðar króna en tæpur 31 milljarður um áramótin.

Tölurnar bera með sér tugmilljarða skuldaaukningu á vegum félagsins eftir að það var selt núverandi eigendum. Í efnahagsreikningi Símans kemur fram að langtímaskuldir félagsins hafa aukist úr 4,3 milljörðum króna árið 2004 í tæpa 45 milljarða króna á nýliðnu ári. Með aukinni skuldsetningu félagsins lækkaði eiginfjárhlutfall þess úr tæpum 60 prósentum árið 2004 í um 37 prósent á síðasta ári.

Samkvæmt útboðinu ætlar Síminn að auka skuldir sínar enn um 14 milljarða króna. Arðsemi eigin fjár Símans jókst verulega milli ára eða úr liðlega 21 prósenti í 30,6 prósent. Í gögnum frá KB banka kemur jafnframt fram að farsímaþjónusta Símans stóð undir 38% af heildartekjum ársins í fyrra. Önnur símaþjónusta skilaði 30 prósentum af heildartekjum þess.

Síminn var einkavæddur og seldur núverandi eigendum á 66,7 milljarða króna í fyrra, en langstærstu eigendurnir eru Bakkavararbræður og KB banki. -jh



**UPPNÁM** Júrí Jekhanúrov, forsætisráðherra Úkraínu og fleiri ráðherrar í þinginu í Kíev.

Úkraínuforseti um vantraust:

## Kosningabrella

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Jústsjenkó, forseti Úkraínu, sakar þjóðþingið um að grafa undan stöðugleika í stjórnmálum með samþykki vantraustsyfirlýsingar á ríkisstjórnina vegna óánægju með samninga um jarðgaskaup frá Rússlandi.

Jústsjenkó sagði yfirlýsinguna „óljósa, órökrétta og ranga“. „Þessi ákvörðun var tekin af þingi sem var kjörið fyrir fjórum árum, og er að syngja sitt síðasta.“ Talsmenn stjórnarinnar og sumir stjórnarandstæðingar sögðu atkvæðagreiðsluna pólitískt klækjubragð, hugsað til að koma höggi á stjórnina fyrir kosningar í mars. - aa

### Tarantino fríkaði út

Leikstjórinn Eli Roth talar um Hostel, hryllingsmyndir, framtíðina og vináttuna við Tarantino.

FÓLK 44



### Haltur hjólar hringinn

Bjarki Birgisson íþróttamaður ætlar ásamt unnustu sinni að hjóla hringinn í kringum landið í sumar.

TILVERAN 16



### Djöflaeyjan

Skáld gegna mikilvægu þjóðþrifahlutverki í uppeldi og upplýsingu, að mati Þorvaldar Gylfasonar sem telur Jónsbók Einars Kárasonar marka vatnaskil.

Í DAG 24

### Ekki til Stoke í janúar

Johan Boskamp, stjóri Stoke, er ekki til í að greiða fyrir Indriða Sigurðsson og ætlar sér að fá hann án greiðslu næsta sumar.

ÍÞRÓTTIR 48



### VEÐRIÐ Í DAG




**SÍBREYTILEGT Í DAG** Það verður snjókoma á Vestfjörðum, skúrir eða slydduél vestan til en rigning á Suðaustur- og Austurlandi. Víða stöku él í kvöld. Hiti 0-5 stig í dag en kólnandi í kvöld.

VEÐUR 4



**STEMNING Í BLÁFJÖLLUM** Margir lögðu leið sína í Bláfjöll í gær en þá voru lyfturnar opnaðar í fyrsta sinn í vetur. Biðraðir mynduðust við miðasöluna og að sögn forstöðumanns skíðasvæðisins var margir orðnir óþreyjufullir að stíga á skíðin. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

Bláfjöllin opnuð í fyrsta sinn:

## Margir orðnir óþreyjufullir

**SKÍÐASVÆÐI** „Dagurinn hefur komið okkur á óvart því hér er talsvert mikið af fólki sem greinilega hefur lengi beðið óþreyjufullt eftir að komast á skíði eða bretti,“ segir Grétar Þórisson, forstöðumaður skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, en í gær var opið í Bláfjöllum í fyrsta sinn í vetur.

Fjórar lyftur voru þá í gangi og veitti ekki af því biðröð var í miðasöluna langt fram eftir kvöldi en opið var til níu í gærkvöld.

Opnað verður aftur í dag ef veður leyfir og segir Grétar að þess sé ekki langt að bíða að allar lyftur verði opnaðar og fjörið geti byrjað fyrir alvöru.

Ekki er víst að blási byrlega fyrir skíðamenn í dag og á morgun en þá spáir Veðurstofan slyddu og rigningu. Um helgina er gert ráð fyrir að veður fari kólnandi með norðanátt.

Hægt er að fá upplýsingar um opnunartíma og veðurspá á netinu og í sérstökum upplýsingasíma Bláfjalla. - aöe

MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA

Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

Mesta fjölgun innflytjenda til landsins á einu ári í fyrra:

## Fjölgaði um þriðjung á árinu

**INNFLYTJENDUR** Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgaði meira á síðastliðnu ári en dæmi eru um áður á einu ári. Skráðum útlendingum með lögheimili hér á landi fjölgaði um 3.500 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands en það er svipaður fjöldi og fluttist til landsins allan síðasta áratug. Að sögn Ólafar Garðarsdóttur, deildarstjóra mannfjöldadeildar Hagstofunnar, er fjöldi erlendra ríkisborgara kominn í ríflega fjórtán þúsund manns. „Þetta hefur verið jöfn og stöðug fjölgun undanfarin ár en okkur sýnist að fjölgunin á síðasta ári sé meiri en nokkru sinni,“ segir hún.



**PÓLVERJAR** Næstum fimmti hver innflytjandi kemur frá Póllandi.

Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á landinu tekur mikinn kipp upp á við vegna þessa, er orðið 4,5 prósent sem er svipað og í Noregi en örlítið lægra en í Danmörku og Svíþjóð.

Sem fyrr eru Pólverjar langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi og er fjöldi þeirra kominn yfir tvö þúsund manns eða sem nemur tæpum fimmtungi allra erlendra ríkisborgara í landinu. - ssal sjá bls 18

Taldi sig vera að missa heyrn:

## Með könguló fasta í eyranu

**SVÍÞJÓÐ** Kona í Östersund í Svíþjóð var með könguló í eyranu í 27 daga. Hún hélt sig vera stíflaða í eyranu eða vera að missa heyrn og fór í apótek um jólin til að kaupa eyrnadropa.

Allt kom fyrir ekki og konunni fannst hún auk þess verða vör við krafs í eyranu. Þegar hún hreinsaði eyrað með eyrnapinna datt sprelllifandi svört könguló á stærð við þumalfingursnögl út úr því.

Konan taldi sig hafa fengið köngulóna í eyrað þegar hún svaf hjá kunningjum sínum nýverið. ■



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, var diskóið ekki glæpur í sjálfu sér?*

„Diskóið var skárri endaþarmur á hippabylgjunni en sítt-að-aftan var á pönkbylgjunni.“

Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikstýrir leikritinu Glæpur gegn diskóinu sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir enga ástæðu til að örvænta út af fuglaflensu:

# Heimurinn í viðbragðsstöðu

**TYRKLAND, AP** Á sama tíma og starfsmenn Alþjóðaheilbrigðsstofnunarinnar (WHO) reyna að róa Tyrki og minna á að engin ástæða sé til óðagots vegna fuglaflensunnar, varar Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna við því að veiran geti dreifst víða og að landbúnaði í nágrannaríkjunum geti stafað mikil hætta af flensunni í Tyrklandi.

„Það er engin ástæða til að örvænta,“ sagði Marc Danzon, yfirmaður Evrópusviðs stofnunarinnar, á blaðamannafundi í gær og bætti við að heilbrigðisyfirvöld gerðu nú allt sem í þeirra valdi stendur til að hafa stjórn á málunum og að öll lönd heimsins verði að vinna saman að lausninni á vandanum. Enn bendir ekkert til að veiran smitist manna í millum, en þetta afbrigði veirunnar er talið líklegast til stökkbreytingar sem gerði þann smithátt gerlegan og gæti þar með valdið heimsfaraldri.

Fimm manns til viðbótar hafa smitast af skæða afbrigðinu H5N1 í Tyrklandi að sögn tyrkneskra yfirvalda og hundruð þúsunda fugla hafa verið aflífuð þar í landi. **- smk**



**FUGLAFLENSA** Nágrannalönd Tyrklands hafa flest tekið upp strangar varúðarráðstafanir vegna fuglaflensunnar. Hér rekur búlgörsk kona gæsirnar sínar í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landspítalinn dæmdur:

## Bótaskyldur vegna mistaka

**DÓMSMÁL** Landspítalinn er bótaskyldur vegna mistaka sem urðu í læknismeðferð fimmtugrar konu. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð sinn í gær.

Konan greindist með brjósklos í febrúar 2000 og fór þá í aðgerð. Hún fann fljótlega aftur fyrir verkjum en var ekki send aftur í aðgerð fyrr en í apríl. Hún sagðist hafa orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni, þjáningum, varanlegum miska og varanlegri örorku.

Dómurinn úrskurðaði því að spítalinn væri skaðabótaskyldur, en til að sækja bæturnar þarf konan að höfða mál að nýju. **- óká**

Sjóslysið á Viðeyjarsundi:

## Mál Jónasar til ríkissaksóknara

**DÓMSMÁL** Mál ákæruvaldsins gegn Jónasi Garðarssyni, formanni Sjómannafélags Reykjavíkur, var sent ríkissaksóknara í gær en Jónas var drukkinn á bát sínum þegar báturinn sökk á Viðeyjarsundi, með þeim afleiðingum að tveir létust.

Í framhaldinu tekur ríkissaksóknari ákvörðun um hvort ákært verður í málinu. **- mh**

Ólöglegar veiðar togara:

## Rannsakað í Færeyjum

**LANDHELGISBROT** Færeysk yfirvöld rannsaka nú hvort þarlendur togari hafi stundað ólöglegar veiðar í íslenskri landhelgi í síðustu viku.

Áhöfn flugvélar gæslunnar stóð togarann að veiðum í landhelgi Íslands rétt við miðlínu Íslands og Færeyja en deilur standa um legu þeirrar línu. Ekkert varðskip var í grenndinni og því var leitað á náðir færeyskra yfirvalda að rannsaka viðkomandi togara. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur borist viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Danir, Finnar og Svíar borga minna

**Forsætisráðherra Íslands er með næsthæstu eftirlaun forsætisráðherra Norðurlanda. Aðeins norski forsætisráðherrann er með hærri eftirlaun. Danski forsætisráðherrann hefur áberandi lægstu eftirlaunin. Finnski og sænski forsætisráðherrann hafa svipuð eftirlaun.**

**EFTIRLAUN** Forsætisráðherra Íslands er með næsthæstu eftirlaun forsætisráðherra Norðurlanda. Hann kemur næst á eftir norska forsætisráðherranum. Danski forsætisráðherrann hefur langlægstu eftirlaunin. Finnski og sænski forsætisráðherrann hafa svipuð eftirlaun, jafnvirði um 425-450 íslenskra króna.

Norski forsætisráðherrann hefur jafnvirði um 9.812.352 íslenskra króna í eftirlaun á ári eða um 817.696 krónur á mánuði þegar hann fer á eftirlaun. Ráðherrann fer á eftirlaun 67 ára gamall hafi hann verið ráðherra í sex ár eða lengur og skerðast eftirlaunin ef hann hefur aðrar tekjur fram að 69 ára aldri. Frá sjötugu fær forsætisráðherrann full eftirlaun óháð öðrum tekjum.

Eftirlaun forsætisráðherra miðast við 80 prósent af launum forsætisráðherra á hverjum tíma. Íslenski forsætisráðherrann fengi 791.890 krónur í eftirlaun á mánuði ef miðað er við úrskurð Kjaradóms, sem tók gildi um áramót. Sé miðað við launin áður en hækkunin kom til yrðu eftirlaunin 732.130 krónur á mánuði. Hér á landi getur ráðherrann hafið töku eftirlauna 55 ára gamall og þegið eftirlaun samhliða öðrum launum. Hann getur tekið út eftirlaun þó að hann sé í launuðu starfi.

Danski forsætisráðherrann hefur tæpar 13,6 milljónir króna í heildartekjur á ári miðað við 1. apríl 2005. Samkvæmt nýjum lögum um eftirlaun ráðherra getur hann mest fengið 2.806.730 krónur í eftirlaun yfir árið eftir átta ár sem ráðherra þegar hann fer á eftirlaun 60 ára gamall. Samkvæmt gömlum lögum, sem núverandi forsætisráðherra fengi að hluta til greidd eftirlaun eftir, fengi hann jafnvirði 1.875.686 danskar krónur á ári að 65 árum fylltum. Þetta nemur um 233.894 krónum á mánuði. Samkvæmt gömlu lögunum væru eftirlaunin mun lægri.

Sænski forsætisráðherrann fær um 434.850 íslenskar krónur á mánuði þegar hann hættir í haust og er þá 57 ára gamall. Eftirlaun ráðherra nema 54.940 sænskum krónum fyrir 65 ára aldur og 40.982 sænskum eftir 65 ára aldur. Við síðari upphæðina bætast 15.800 sænskar krónur úr öðrum eftirlaunasjóði þannig að heildarupphæðin verður 56.800 sænskar. Þetta gera um 449.572 íslenskar krónur á mánuði. Sé ráðherrann í launuðu starfi dregst það frá. Sænski forsætisráðherrann verður að hafa verið ráðherra í samtals sex ár og vera orðinn 50 ára gamall til að geta tekið út eftirlaun.

Kjör forsætisráðherranna á Norðurlöndum eru endurskoðuð reglulega. Í nokkrum landanna hafa ný lög tekið gildi og taka þá sumir ráðherranna eftirlaun eftir bæði gömlum og nýjum lögum. Tölurnar hér að ofan eru hámarkstölur og miðuð við full réttindi.

**ghs@frettabladid.is**

**EFTIRLAUN NORRÆNU FORSÆTISRÁÐHERRANNA***




* Á mánuði. Miðað er við eftirlaun forsætisráðherranna í dag og reiknað út frá gengi nú í vikunni.
** Flókið er að reikna út eftirlaun sænska forsætisráðherrans og eru þau því sýnd hér í sínu einfaldasta formi. Tímabundið geta þau orðið aðeins hærri.
*** Miðað er við laun forsætisráðherra eftir úrskurð Kjaradóms um áramót.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Norski og íslenski forsætisráðherrann eru með hæstu eftirlaun forsætisráðherra á Norðurlöndum en danski forsætisráðherrann er sá lægsti og það þrátt fyrir að eftirlaun hans hafi nýlega hækkað nokkuð. Samanburðurinn er hér í sinni einföldustu mynd en miðað er við full réttindi og full eftirlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**ABBAS BIÐST FYRIR** Mahmoud Abbas Palestínuleiðtogi tekur þátt í bænastund í mosku í Gazaborg í gær, við upphaf Eid Al-Adha-hátíðar múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Palestínu:

## Abbas endurnýjar hótun

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti heimastjórnar Palestínumanna, endurtók hótun sína um að aflýsa kosningum til palestínska þingsins sem áformaðar eru síðar í mánuðinum ef ísraelsk stjórnvöld fallast ekki á að heimila aröbum sem búa í Jerúsalem að kjósa.

Varnarmálaráðherra Ísraels sagði á þriðjudag að Palestínumenn í borginni fengju að taka þátt í kosningunum með utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Slíkt fyrirkomulag var einnig notað í síðustu kosningum. Ísraelsstjórn á eftir að leggja blessun sína yfir ákvörðunina en búist er við að það verði gert á ríkisstjórnarfundi á sunnudag. **- aa**

## ÁSTRALÍA

**Fangar í hungurverkfalli** Tíu menn, sem sitja inni í Melbourne í Ástralíu grunaðir um aðild að hryðjuverkum, eru í hungurverkfalli til að mótmæla ákvörðun fangelsisyfirvalda um að leyfa þeim ekki að biðjast fyrir saman. Mennirnir, sem allir eru múslimar, voru handteknir í nóvember.



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Fíkniefnamálið í Vestmannaeyjum vindur enn upp á sig:

# Spjótin beinast að illa fengnu fé

**FÍKNIEFNAMÁL** Rannsókn lögreglunnar í Vestmannaeyjum á fíkniefnamisferlinu sem upp kom fyrir nokkru er nú meðal annars farin að beinast að peningaþvætti fíkniefnasala í Vestmannaeyjum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að maðurinn, sem játað hefur að hafa átt fíkniefnin sem fundust, hafi þvætt peninga fyrir mann sem seldi honum fíkniefni til að selja í Vestmannaeyjum.

Tryggvi Kr. Ólafsson, lögreglufulltrúi í Eyjum, segir umfang málsins nú mun meira en það hafi litið út fyrir að vera í fyrstu. „Við höfum alltaf fylgst vel með eiturlyfjamálum hér í Vestmannaeyjum. En það kemur óneitanlega á óvart hversu stórt þetta mál virðist vera. Nú er málið ekki lengur einungis fíkniefnamál, heldur snýr það mögulega einnig að illa fengnu fé.“



**FÍKNIEFNIN SEM TEKIN VORU Í EYJUM** Hér sjást fíkniefnin sem lögreglan í Vestmannaeyjum gerði upptæk. Á myndinni sjást einnig hnífar sem gerðir voru upptækir. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆÞÓRVÍDÓ

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, skynjar mikla ánægju meðal bæjarbúa með störf lögreglunnar en segir jafnframt að fólk sé slegið yfir umfangi málsins. „Lögreglan hefur staðið sig frábærlega í þessu máli og tekið á málinu af mikilli festu. Þetta er áfall fyrir okkur íbúa í Vestmannaeyjum þar sem við höfum staðið í þeirri trú að ekki væri mikið um fíkniefni í bænum.“ **- mh**

# Útsalan
# hefst í dag

## útsala á ÖLLUM
## vörum Húsasmiðjunnar*

allt að
**80%**
afsláttur



**3.990** ~~5.990~~

**Sturtusett**
Damixa Plus
8000880



**2.295** ~~3.495~~

**Stingsög**
**B&D, KS400E** 400W
5245383



**2.995** ~~6.995~~



**2.990** ~~4.990~~



**Flíshúfa** **295**
Nokkrir litir
5860635-41

**Byrjendasett**
41 stk. í pakka
2009957

**Morgunverðarsett**
**Bomann**, hraðsuðukanna, brauðrist og kaffivél
1840900

***Nema af stjörnumerktum vörum**

# Opið til 21.00 í kvöld
## í Skútuvogi

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,17 | 61,47 |
| Sterlingspund | 107,32 | 107,84 |
| Evra | 73,81 | 74,23 |
| Dönsk króna | 9,895 | 9,953 |
| Norsk króna | 9,177 | 9,231 |
| Sænsk króna | 7,887 | 7,933 |
| Japanskt jen | 0,5338 | 0,537 |
| SDR | 88,58 | 89,1 |

*Gengisvísitala krónunnar*
103,4172

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heildarafli landsmanna nam nærri 1,7 milljónum tonna á nýliðnu ári:

# 60 þúsund tonna samdráttur

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli landsmanna var liðlega 60 þúsund tonnum minni en árið áður. Samdrátturinn skýrist að mestu af 157 þúsund tonna samdrætti í kolmunnaveiðum. Á móti vó aukinn loðnu- og síldarafli á árinu.

Enn dró- úr rækjuveiðum og nam aflinn um 8.600 tonnum en var liðlega 20 þúsund tonn á árinu 2004.

Afli úthafskarfa varð meira en helmingi minni í fyrra en árið áður, eða um 16 þúsund tonn á móti nærri 37 þúsund tonnum árið áður.

Humarveiðin varð liðlega 40 prósentum meiri í fyrra en árið áður og skötuselsveiðin jókst um 28 prósent. Keilu-, löngu-, ýsu og steinbítsaflinn varð 10 til 16 prósentum meiri í fyrra en árið 2004, en nokkuð dró úr þorskveiðinni sem varð um 206 þúsund tonn á móti 220 þúsund tonnum árið áður.

Í yfirliti Fiskistofu kemur fram að síldveiðar hafi gengið vel á árinu en dregið hafi úr þeim í lok ársins sökum markaðsaðstæðna.

Botnfiskaflinn í desember nýliðnum er svipaður og í sama mánuði árið 2004 eða um 36 þúsund tonn.

Eftirstöðvar kvóta um áramótin eru litlu minni en á sama tíma fyrir ári, en fiskveiðiárið stendur frá septemberbyrjun til ágústloka ári síðar. **- jh**



**FISKVEIÐAR** Eftirstöðvar kvóta um áramótin eru litlu minni en á sama tíma fyrir ári

Ný verðkönnun ASÍ:

# Fiskur misdýr

**VERSLUN** Miklu munar á fiskverði verslana, mest 111 prósentum á verði rauðsprettu, samkvæmt nýrri könnun Alþýðusambands Íslands. Rauðsprettan var dýrust í Fiskbúðinni Hafinu í Kópavogi, kostaði þar 790 krónur kílóið, en ódýrust í Fiskbúðinni Trönuhrauni í Hafnarfirði þar sem kílóið kostaði 375 krónur.

Könnun ASÍ var gerð á þriðjudag í 23 verslunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Á hæsta og lægsta verði milli verslana munaði aldrei minna en 22 prósentum, en skoðaðar voru 27 tegundir fersks fiskmetis.

Ýsa var dýrust í Samkaupum og í Hagkaupum á Akureyri. **- óká**



**HEIMSÓKN** Sonur Sharons heimsækir hann á sjúkrahúsið í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líðan Ariels Sharon:

# Á hægum batavegi

**ÍSRAEL, AP** Forsætisráðherra Ísraels, Ariel Sharon, virðist vera á hægum batavegi eftir alvarlegt heilablóðfall sem hann fékk fyrir rúmri viku. Sharon hefur legið milli heims og helju síðan þá og hafa tvær aðgerðir verið gerðar á honum til að stöðva blæðingu í heila hans.

Á þriðjudag hófu læknar að vekja hann úr dái sem honum var haldið í með aðstoð lyfja og er hann talinn úr lífshættu. Þó er enn óljóst hversu miklar skemmdir hafa orðið vegna blæðingarinnar. Margir hafa talið hinn 77 ára forsætisráðherra líklegastan til að leysa úr deilunni milli Ísraela og Palestínumanna. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Maður sem réðst á stúlku ófundinn** Lögreglan leitar enn manns sem réðst á sextán ára stúlku í strætisvagnaskýli við Miklubraut á föstudagskvöld. Maðurinn er sennilega innan við tvítugt, skolhærður með axlasítt hár, sérstaklega að aftan en styttra í hliðunum. Hann er um 175 cm á hæð og var á dökkrauðum fólksbíl með vindskeið kvöldið sem hann réðst á stúlkuna.

# Mikil reiði í garð DV

**Fjöldi fólks hefur skrifað undir áskorun til DV um breytta ritstjórnarstefnu. Mikil reiði braust út eftir að meintur kynferðisbrotamaður svipti sig lífi á mánudag. Þingflokksformaður Framsóknar líkir DV við morðingja. Ritstjóri DV segir blaðið standa við frétt sína. Blaðamannafélagið vill að siðareglur gildi.**

**FJÖLMIÐLAR** Almenn reiði braust út í samfélaginu vegna máls þar sem maður á Ísafirði, sakaður um kynferðisbrot, svipti sig lífi á þriðjudag. Sama dag birtist forsíðuumfjöllun um mál hans í DV þar sem hann var nafngreindur og birt af honum mynd. Fram kemur í tilkynningu Þórdísar Sigurðardóttur, stjórnarformanns Dagsbrúnar, að stjórn félagsins komi saman á morgun til að ræða umfjöllunina um DV.

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sakar DV á vef sínum um að hafa myrt manninn. Þá lokaði fjöldi vefja síðum sínum í gærmorgun og birti í stað hefðbundins efnis áskorun til DV um breytta ritstjórnarstefnu og hlekk á undirskriftasöfnun þar að lútandi. Lokunin stóð frá klukkan ellefu til þrjú síðdegis.

Í gærdag höfðu um 13 þúsund skrifað undir, en þá bilaði vefmiðlari og síðan hrundi um tíma. Í gærkvöld voru undirskriftir komnar yfir 15 þúsund, en að söfnuninni stóð Deiglan.com, auk fjölda annarra vefja og samtaka ungs fólks í stjórnmálum. Formenn allra þingflokka á Alþingi tóku undir áskorunina. Þá hafa gestir spjallvefjarins Málefnin.com farið mikinn, en þar var fyrst greint opinberlega frá sjálfsvígi mannsins.

Stjórn Blaðamannafélagsins fundaði í gær og leggur áherslu á að siðareglur félagsins geri blaðamönnum að stíga varlega til jarðar í vandasömum málum og að forðast allt sem valdið geti saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu. „Ritstjóri DV hefur áður lýst því að blaðið fari eftir eigin siðareglum þótt þær stangist á við siðareglur BÍ. Þetta telur stjórn Blaðamannafélagsins ótækt, og álítur að hverjum blaðamanni sé skylt að starfa í samræmi við siðareglur félagsins.“

Jónas Kristjánsson, ritstjóri DV, áréttar að þar á bæ hafi menn bara verið að vinna vinnuna sína, en áður en umrædd grein birtist hafi verið búið að rannsaka málið í heilan mánuð. „Við fylgdumst með aðgerðum lögreglu, húsleit og öðru og náðum tali af mönnum sem telja sig fórnarlömb mannsins. Mér finnst að menn megi aðeins hugsa til þeirra líka, því þetta eru margir óháðir aðilar og ekki tengdir hver öðrum,“ segir hann og kveðst ekki vita hvort stórar yfirlýsingar um umfjöllun blaðsins muni lifa lengi komi þau mál öll upp á yfirborðið.

Jónas segir blaðamenn DV fara vandlega eftir siðareglum blaðsins. „Spurning er hvort ágreiningur milli Blaðamannafélagsins og okkar snúist um að reglur Blaðamannafélagsins ganga út á að oft megi satt kyrrt liggja, meðan okkar reglur ganga út á að satt megi ekki kyrrt liggja. Á þessu er grundvallarmunur. En við teljum okkur fara eftir mjög góðum vinnureglum.“

Jónas gaf ekki mikið fyrir stór orð Hjálmars Árnasonar á vef hans. „Ég hef aldrei haft neitt álit á honum. Er þetta ekki bara ódýr stjórnmálamaður að slá pólitískar keilur?“ segir hann og kveður DV stunda blaðamennsku sem verði að sinna í landinu. „Við erum ekkert að lasta aðra fjölmiðla þó þeir hafi ekki rannsakað þetta mál og ekkert að heimta að allir séu að því. En mér finnst skrítið að þeir sem á okkur ráðast, líkt og NFS, skuli ekki rannsaka málið í leiðinni.“ Jónas kvaðst ekki hafa vitneskju um fyrirhugaðan stjórnarfund Dagsbrúnar á morgun. „Það kæmi mér mjög á óvart ef í því væri fólginn einhver broddur í okkar garð.“

Birgir Guðmundsson, aðjúnkt í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri, líkir ritstjórnarstefnu DV við tímasprengju. „Menn hafa lengi teflt ansi djarft út af þessari nafnbirtingu,“ segir hann og bendir á að alltaf kunni einhver hópur manna að vera í andlegu ójafnvægi. „Þegar reglan um nafnbirtinguna er keyrð svona hlýtur að koma að því að einhvers staðar bresti eitthvað.“ Birgir kveðst þeirrar skoðunar að í nafnog myndbirtingu felist ákveðinn dómur, sérstaklega í kynferðisbrotamálum. „En auðvitað eru samt að verki samverkandi þættir þegar svona hlutir gerast og ekki bara hægt að kenna um ritstjórnarstefnu DV,“ segir hann og telur alla fjölmiðla þurfa að staldra við og velta fyrir sér hvernig fjalla eigi um viðkvæm mál.

**olikr@frettabladid.is**



**ARNA SCHRAM** Formaður Blaðamannafélags Íslands segir óþolandi að ekki skuli allir blaðamenn starfa eftir sömu siðareglum.



**JÓNAS KRISTJÁNSSON** Jónas, sem er annar tveggja ritstjóra DV, segist telja að á blaðinu sé unnið eftir góðum vinnureglum.



**BIRGIR GUÐMUNDSSON** Birgir, sem kennir fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri, líkir ritstjórnarstefnu DV við tímasprengju.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASSVIÐRI**
Það er lægð á fullri ferð yfir landið og því síbreytilegt veður í dag. Nú í morgunsárið og fram til hádegis verður allhvasst eða hvasst vestast á landinu og á Suðausturlandi og Aust-fjörðum. Lægir víðast síðdegis, þó ekki á norðausturhorninu þar sem verður hvasst.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Allhvöss norðvestanátt en lægir eftir hádegi. Skúrir eða slydda en síðar snjóél í kvöld. Hiti 0-3 stig, svalast í kvöld.

*um hádegi »*




*» föstudagur*




Strekkingur eða allhvass vindur austan til, annars hægari.

*» laugardagur*




Yfirleitt hægur vindur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C heiðskírt | París | 10°C heiðskírt | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Osló | 3°C heiðskírt | Berlín | 3°C heiðskírt | Mílano | 9°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 4°C heiðskírt | Frankfurt | 4°C heiðskírt | New York | 12°C léttskýjað |
| Helsinki | 1°C heiðskírt | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 1°C heiðskírt |
| London | 10°C hálfskýjað | Barcelona | 14°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 27°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Enn meiri afsláttur…

## Nýtt kortatímabil!

Gerðu góð kaup á stærstu útsölu landsins. Yfir 100 verslanir, troðfullar af flottum vörum!

## Opið til 21 í kvöld!

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



## KJÖRKASSINN

*Telur þú að Úrvalsvísitalan haldi áfram að hækka á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 93% |
| Nei | 7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu áhyggjur af því að fuglaflensan berist hingað til lands?*

Segðu þitt álit á vísir.is

vísir

Menntamálaráðherra um afstöðu stjórnarandstöðunnar til fjölmiðlanefndar:

# Tregðan veldur vonbrigðum

**STJÓRNMÁL** „Afstaða stjórnarandstöðunnar kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir, því það er ekki verið að biðja hana um að tilnefna í enn eina fjölmiðlanefndina,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráherra.

Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar tilkynntu menntamálaráðherra í gær að ekki yrðu tilnefndir fulltrúar í nýja fjölmiðlanefnd að beiðni menntamálaráðherra nema málefni Ríkisútvarpsins yrðu þar einnig til meðferðar.

„Umfjöllun um Ríkisútvarpið fer ekki að öllu leyti saman við smíði frumvarps um fjölmiðla



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Höfum þegar komið til móts við stjórnarandstöðuna um Ríkisútvarpið.

því í sérstöku frumvarpi er fjallað um rekstrarform þess. Auk þess er komið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunar í því frumvarpi, að það verði áfram í eigu ríkisins og styrki innlenda dagskrárgerð. En almenn löggjöf um fjölmiðla mun að sjálfsögðu taka til Ríkisútvarpsins.“

Þorgerður kveðst fagna því engu að síður að stjórnarandstaðan sé reiðubúin til þess að koma að smíði frumvarps ásamt þeim lögfræðingum sem hún hafi valið til starfans og muni líkast til starfa í sérstakri nefnd.

„Aðalatriðið er að stjórnarandstaðan var beðin um að koma að því að semja frumvarp og þar eru enn álitamál uppi,“ segir menntamálaráðherra. **- jh**

Bílslys á Snæfellsnesi:

## Þrír slasaðir eftir árekstur

**LÖGREGLA** Tvær konur og einn karl voru flutt á slysadeild eftir harðan árekstur lítils jeppa og fólksbíls á Snæfellsnesvegi síðdegis í gær.

Að sögn lögreglu í Borgarnesi fór annar bíllinn yfir á rangan vegarhelming þannig að þeir lentu framan á hvor öðrum. Hálka var á snæfellsnesi og snjór yfir öllu.

Konurnar voru á ferð í jeppanum og voru þær fluttar á slysadeild Landspítalans í Reykjavík, en maðurinn var fluttur á Sjúkrahúsið á Akranesi til skoðunar. Draga þurfti bílana af vettvangi. Fólkið kenndi til eymsla í hálsi, að sögn lögreglu. **- óká**



**ÁSGEIR DAVÍÐSSON** Ásgeir, sem stundum er kallaður Geiri á Goldfinger, hafnar ákærum sýslumannsins í Kópavogi.

Kært vegna Goldfinger:

## Brutu reglur um nektardans

**DÓMSMÁL** Þingfest var í Héraðsdómi Reykjaness í gær kæra á hendur Ásgeiri Davíðssyni, sem rekur nektarstaðinn Goldfinger í Kópavogi, og tveimur dansmeyjum, 35 og 33 ára gömlum.

Konurnar eru ákærðar fyrir að hafa að kvöldi 7. október sýnt nektardans viðskiptavini í lokuðu rými, svokallaðan einkadans. Ásgeir er svo kærður fyrir að hafa sem fyrirsvarsmaður og rekstraraðili staðarins staðið fyrir sýningunni.

Brotið er í ákæru sagt vera gegn lögreglusamþykkt Kópavogsbæjar. Ásgeir vísar ákærunni hins vegar á bug. „Þetta er ekkert sem veldur mér áhyggjum,“ segir hann og bendir á að ekki sé hægt að líta á staðinn þar sem dansinn fór fram sem lokað rými. „Það væri þá eitthvað nýtt ef nægir að draga fyrir tjald til að úr verði lokað rými.“ **- óká**

## UMSÓKNIR

**Fimmtán umsóknir** Alls sóttu fimmtán manns um starf framkvæmdastjóra Háskólaskrifstofu Háskólans á Akureyri sem auglýst var laust til umsóknar í síðasta mánuði.

## BJÖRGUNARSKIP

**Tvö ný skip** Slysavarnafélagið Landsbjörg sjósetti tvö ný björgunarskip í gær sem koma í stað eldri skipa á Vopnafirði og Siglufirði. Er því búið að endurnýja ellefu af fjórtán björgunarskipum félagsins um landið.

# Segir þvinganir ekki munu hagga áætlun

**Rafsanjani, fyrrverandi Íransforseti, segir Írana munu halda kjarnorkuáætlun sinni til streitu, burtséð frá því til hvaða þvingunaraðgerða Vesturveldin kunna að grípa gegn henni. Líkur aukast á því að málið komi til kasta öryggisráðs SÞ.**

**ÍRAN, AP** Það er sama til hvaða þvingunaraðgerða eða annarra ráðstafana Vesturveldin kunna að grípa til, það mun ekki hafa nokkur áhrif á kjarnorkuáætlun Írana. Þetta sagði Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti Írans, sem enn er einn æðsti ráðamaður landsins.

Utanríkisráðherrar Bretlands, Frakklands og Þýskalands – hópurinn sem í nafni Evrópusambandsins hefur síðastliðin tvö ár reynt að eiga milligöngu um lausn á deilunni um kjarnorkuáætlun Írana – munu hittast í Berlín í dag til að ráða ráðum sínum um viðbrögð við þeirri ákvörðun Írana að hefja aftur vinnu við áætlunina. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, gaf til kynna í Lundúnum að bresk stjórnvöld myndu ýta á um að Alþjóða kjarnorkumálastofnunin (IAEA) vísaði málinu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það getur ákveðið refsiaðgerðir.

„Ég tel að það fyrsta sem gera beri sé að tryggja samkomulag um að vísa málinu til öryggisráðsins,“ sagði Blair. „Við útilokum augljóslega engar ráðstafanir,“ sagði Blair um hugsanlegar þvingunaraðgerðir.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagðist hafa rætt málið við bandaríska starfssystur sína, Condoleezza Rice, og þau deildu „djúpstæðum vonbrigðum“ yfir ákvörðun Írana. Rússar hafa lagt Írönum til ýmsan búnað og aðstoð við uppbygginguna kjarnorkuáætlunar þeirra.

Til hafði staðið að miðlunarviðræður Evrópusambands-þríeykisins Breta, Frakka og Þjóðverja



**Á BÆN** Hashimi Rafsanjani, fyrrverandi forseti Írans og einn æðsti klerkurinn í klerkastjórninni, leiðir bænir námsmanna við Teheran-háskóla við upphaf Eid-al-Adha-hátíðar múslima í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

héldu áfram í Teheran þann 18. þessa mánaðar. Háttsettur fulltrúi í þýska utanríkisráðuneytinu sagði í gær að ESB-teymið gæti ekki haldið áfram viðræðum við Írana um kjarnorkuáætlunina nema þeir hétu því með trúverðugum hætti að auðga ekki úran. Auðgað úran er hægt að nota í kjarnorkuvopn.

Sérfræðingar IAEA segja að í þeim búnaði sem starfsmenn kjarnorkuáætlunar Írana rufu innsiglið á í fyrradag sé hægt að auðga úran.

Íranar halda því staðfastlega fram að öll kjarnorkuáætlunin hafi það eitt að markmiði að framleiða rafmagn, en ráðamenn í Washington og víðar á Vesturlöndum grunar að klerkastjórnin í Teheran stefni að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

audunn@frettabladid.is



**AUSTURSTRÆTI 12A-14** Dánarbú Ketils Axelssonar hefur selt húsið sem hefur verið í eigu fjölskyldunnar frá 1936.

Austurstræti 12a og 14 selt:

## Sami rekstur í húsinu og áður

**FASTEIGNAVIÐSKIPTI** Fasteignin Austurstræti 12a og 14 í Reykjavík og fyrirtækin í húsinu, Kaffi Reykjavík og tóbaksverslunin London, skiptu um eigendur í desember þegar Austurstræti 14 ehf., félag í eigu dánarbús Ketils Axelssonar, seldi Höllum hf., sem eru í eigu feðganna Franz og Grétars I. Berndsen, framkvæmdastjóra Óðals, eignina.

Í húsinu er margþættur rekstur, Kaffi París, tóbaksverslunin London, nektarklúbburinn Óðal og skrifstofur alþingismanna. Grétar segir að reksturinn verði að mestu leyti óbreyttur. Fasteignin er rúmlega 2.200 fermetrar að stærð á fimm hæðum. Kaupverðið er trúnaðarmál. **- ghs**

Slippstöðin á Akureyri:

## Fáar eignir upp í kröfur

**GJALDÞROT** Lítið fæst upp í þær kröfur sem gerðar hafa verið í þrotabú Slippstöðvarinnar á Akureyri.

Alls áttu um 300 aðilar kröfu í búið en einungis 20 höfðu fyrir því að láta sjá sig á skiptafundi sem haldinn var í gær. Langstærsti kröfuhafinn er þýska stórfyrirtækið DSD og hljóðar krafa félagsins upp á rúmar 625 milljónir króna en Slippstöðin var undirverktaki fyrirtækisins við stórt verkefni í Kárahnjúkavirkjun. **- kk**



**NÝTT ANDLIT** Tölvumynd af þeim hluta andlitsins sem græddur var á konuna.

Konan sem fékk nýtt andlit:

## Fær nokkuð eðlilegt útlit

**PARÍS, AP** Frönsk 38 ára kona sem á var grætt nýtt nef, haka og munnur í nóvember fer nú út á meðal manna án þess að vekja athygli, að sögn skurðlæknis hennar. Konan, sem er tveggja barna móðir, örkumlaðist í framan þegar labradorhundur hennar réðist á hana í fyrra.

Þetta er í fyrsta sinn sem andlit líffæragjafa er grætt á manneskju. **- smk**

Nokkur skip hafa veitt loðnu norður og norðaustur út af Langanesi en ekki er vitað hversu mikið er af henni:

# Ákvörðun um leit tekin í byrjun dags

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun ætlar að meta á fundi sínum í morgunsárið í dag hvort leitarskipið Árni Friðriksson RE verði sent á miðin norður og norðaustur af Langanesi. Þar hafa nokkur skip verið við loðnuveiðar í næstum tvo sólarhringa.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri á nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunar, áréttar að enn ríki algjör óvissa um ástand loðnustofnsins. „Það voru þarna fimm skip við veiðar og það er eitthvað nýtt sem ekki mældist um daginn, en í augnablikinu er ekkert hægt að meta hvort það er mikið eða lítið,“ segir hann og bætir við að stofnunin fylgist með þróun mála.

Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landsambands íslenskra útvegsmanna, tekur í sama streng og Þorsteinn, en kvað þó ástandið hafa gjörbreyst á þessu svæði þar sem loðnan hefur verið að veiðast. „Það er miklu meira líf og hvalur þarna núna. Þetta er á svæði sem við förum yfir um daginn og sáum þá ekki neitt,“ segir hann en kveður enn of snemmt að segja til um hvort loðnan sé þarna komin. „Þessi skip sem eru þarna taka ekki mjög mikið magn, heldur bara eins og þau þurfa til að frysta, en þau verða þarna nokkur áfram á miðunum og svo fer rannsóknaskipið líka af stað, hvenær sem það verður.“ Friðrik sagði því enga ástæðu til að vera með neinar dómsdagsspár að sinni. „Það er allavega eitthvert líf kviknað þarna núna.“

Þá segir hann mjög mikilvægt að menn átti sig á að jafnvel þótt einn árgangur loðnunnar misfærist, þá þyrfti það ekki að þýða að stofninn væri hruninn. „Þetta er allt öðru vísi en aðrir stofnar sem við erum að nytja vegna þess hve þetta er skammlífur fiskur. Það er einn árgangur sem ber uppi veiðina hverju sinni.“ Hann segir fordæmi fyrir því að árgangar misfarist, en áréttar um leið að LÍÚ hafi hvatt Hafrannsóknastofnun til að verja mun meiri fjármunum í rannsóknir á göngum loðnunnar og hrygningu. „Það er alveg ljóst að hún hefur haldið sig á öðrum svæðum.“ **- óká**



**LOÐNUVINNSLA Í TOGARA** Framkvæmdastjóri LÍÚ furðar sig á umræðum um mögulegt hrun loðnustofnsins því fordæmi séu fyrir að árgangar misfarist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30879 01/2006



**Stórsýning.** Hraðar, hærra, sterkar!

Ástsælustu bílar Íslandssögunnar bíða þín á stórsýningu Toyota á Nýbýlaveginum. Komdu og reynsluaktu nýjum Toyota og þú færð vikukort í Iceland Spa & Fitness.

**10 heppnir ökumenn sem reynsluaka fá árskort í Iceland Spa & Fitness.**

Boðið verður upp á ljúffengar og hollar veitingar.
**Sérstakt sýningartilboð** frá Glitni er 90% lánshlutfall og allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum.

Nýtt ár, nýr Yaris, nýr Hilux og glænýr Aygo.
**Þetta verður gleðilegt ár.**

Opið laugardag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá kl. 13 til 16.

Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| KÓPAVOGUR | AKUREYRI | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir bæjarstjóri Fjarðabyggðar sem lætur af störfum í vor?

2 Hvaða körfuboltamaður skoraði á dögunum 45 stig eða fleiri í fjórum leikjum í NBA-deildinni?

3 Hvað nefnist ný íslensk sakamálamynd sem tökur hefjast á í næsta mánuði?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Prófkjör Samfylkingarinnar í Kópavogi:

# Tuttugu og tveir um sex sæti

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tuttugu og tveir frambjóðendur verða í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi. Fjórtán karlar og átta konur. Kosið verður um sex efstu sætin þann 4. febrúar.

Tveir af frambjóðendunum hafa tilkynnt að þeir sækist eftir fyrsta sætinu, Guðríður Arnardóttir framhaldsskólakennari og Jón Júlíusson íþróttafulltrúi bæjarins. Tveir stefna einnig á annað sætið, Hafsteinn Karlsson bæjarfulltrúi og Ingibjörg Hinriksdóttir þjónustufulltrúi. Flosi Eiríksson bæjarfulltrúi, sem nú er oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, sækist eftir fjórða sætinu. Aðrir frambjóðendur stefna ekki á eitt fast sæti í prófkjörinu.



**FLOSI EIRÍKSSON** Býður sig fram í baráttusæti Samfylkingarinnar, það fjórða. Þeir hafa þrjá bæjarfulltrúa í stjórn þetta kjörtímabil.

Flokkurinn er í minnihluta í bænum með þrjá bæjarfulltrúa af ellefu. Sigrún Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar, gefur ekki aftur kost á sér. „Ég hef verið aðalbæjarfulltrúi í átta ár og varabæjarfulltrúi í fjögur ár þar á undan. Mér finnst tími kominn til að breyta,“ segir Sigrún. Hún segist samt ekki hætt að starfa með Samfylkingunni.

Steingrímur Steingrímsson er formaður kjörstjórnar. Hann segir um tvö þúsund manns skráða í flokkinn í Kópavogi. Þeir hafi kosningarétt í prófkjörinu. „Kópavogur hefur stækkað mikið og því erfitt að sjá hvar línurnar liggja fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Við eigum von á því að það fjölgi í flokknum,“ segir Steingrímur. - gag

SAMFYLKING Í KÓPAVOGI

**Prófkjör Samfylkingarinnar í Kópavogi**

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Guðríður Arnardóttir |
| | Jón Júlíusson |
| 1.-6. sæti | Arnþór Sigurðsson |
| | Bjarni Gaukur Þórmundsson |
| | Björk Óttarsdóttir |
| | Guðmundur Örn Jónsson |
| | Hreiðar Oddsson |
| | Hulda Björg Sigurðardóttir |
| | Jens Sigurðsson |
| | Jóhann Guðmundsson |
| | Kristín Pétursdóttir |
| | Margrét Júlía Rafnsdóttir |
| | Ragnhildur Helgadóttir |
| | Rut Kristinsdóttir |
| | Sigurður M. Grétarsson |
| | Tjörvi Dýrfjörð |
| | Tryggvi Felixson |
| | Þorsteinn Ingimarsson |
| | Þór Ásgeirsson |
| 2. sæti | Hafsteinn Karlsson |
| | Ingibjörg Hinriksdóttir |
| 4. sæti | Flosi Eiríksson |

Þjóðgarði lokað í Kína:

## Of margir leita snjómannsins

**KÍNA, AP** Kínverjar hafa lokað hluta af náttúrufriðlandi vegna mikillar aðsóknar ferðamanna í Snjómanninn ógurlega sem sagður er búa á svæðinu. Ákveðin svæði innan Shennongjia-garðsins verða lokuð í minnst þrjá mánuði til að leyfa náttúrunni að ná sér aftur á strik eftir ágang ferðalanganna.

Engum hefur tekist að sanna tilvist verunnar, en tugir manna segjast hafa séð hann arka um garðinn sem liggur um 1.200 kílómetra suðvestur af höfuðborginni Peking. Rekstraraðilar friðlandsins hafa heitið hverjum þeim sem handsamar snjómanninn sem svarar um 3,5 milljónum króna í verðlaun. - smk

**INDLAND**

**Dýr getur yfirvigtin orðið** Forráðamenn indverska þjóðarflugfélagsins Air India hafa farið þess á leit við flugþjóna og flugfreyjur sem ekki eru í kjörþyngd að þau fari í megrun, annars sé hætta á að þau missi vinnuna. Segja þeir fáa flugfarþega njóta þess að fá þjónustu fólks sem er vel í holdum.

# Bankaleynd aflétt með dómi

**Lögmannafélag Íslands fundaði í gær vegna úrskurðar héraðsdóms sem veitti Fjármálaeftirlitinu aðgang að reikningi lögmannsstofu í tengslum við rannsókn á viðskiptum með bréf í SPH.**

**DÓMSMÁL** Lögmannafélag Íslands ítrekar mikilvægi trúnaðarskyldu lögmanna við skjólstæðinga sína í réttarríki. Segir svo í ályktun stjórnarinnar vegna úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um að aflétta bankaleynd á reikningum lögmannsskrifstofu að kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Karl Georg Sigurbjörnsson, lögmaður hjá Lögmönnum Laugardal, segir dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur hafa gert mistök þegar hann úrskurðaði 28. nóvember að létta skyldi bankaleynd af hreyfingum á reikningi fyrirtækisins yfir fimm milljónir eða meira. Fjármálaeftirlitið viti af trúnaðarskyldunni en sæki samt úrskurð dómara til að komast yfir upplýsingarnar.

Karl Georg vann ásamt Sigurði G. Guðjónssyni lögmanni fyrir Pál Pálsson, stjórnarformann Sparisjóðs Hafnarfjarðar, sem keypti hlut í sparisjóðnum fyrir síðasta aðalfund í apríl þar sem þáverandi stjórn var velt úr sessi.

Karl Georg gagnrýnir viðskiptabanka sinn, Landsbankann, fyrir að hafa afhent upplýsingarnar án þess að láta reyna á bankaleyndina fyrir Hæstarétti.

Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbankans, segir Fjármálaeftirlitið hafa það víðtækar lagaheimildir að bankinn neiti því ekki um upplýsingar sem honum sé skylt að veita samkvæmt lögum. Úrskurði Héraðsdómi hafi því ekki verið skotið til Hæstaréttar, þar sem bankinn telji lagaheimildir eftirlitsins ótvíræðar. Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, tekur undir orð Gunnars.

Fjármálaeftirlitið sótti upplýsingarnar af reikningi lögmannsstofunnar til að rannsaka hvort fjárfestar í sparisjóðnum hefðu eignast ráðandi hlut. Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, vildi ekki tjá sig um málið en sagði skrítið að teljist það lögbrot að fara eftir dómi.



**LÖGMANNAFÉLAGIÐ FUNDAR** Stjórn Lögmannafélags Íslands á fundi um úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur sem aflétti bankaleynd á reikningi lögmannsstofunnar Lögmenn Laugardals. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eftirlitið sendi málið til ríkislögreglustjóra í lok desember. Jón H. Snorrason saksóknari segir menn hafa verið yfirheyrða vegna gruns um brot á lögum um eignarhluti í Sparisjóðnum og hvort þeir hafi gefið Fjármálaeftirlitinu rangar upplýsingar. Hann gefur hvorki upplýsingar um hve margir hafa verið yfirheyrðir né hversu langt rannsóknin er komin. Upplýsingarnar á bankareikningi Lögmanna Laugardal sé eitt þeirra atriða sem séu til skoðunar. Nokkurra mánaða fangelsisdómur getur horft við mönnunum verði þeir sakfelldir.

gag@frettabladid.is




Þjónustumiðstöð
Árbæjar og Grafarholts

Pantaðu viðtal

Ágæti borgarbúi

Pantaðu viðtal við borgarstjóra í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Bókaðu tíma í síma 411 1200. Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra. Heitt kaffi á könnunni.

Með bestu kveðju

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Viðtalstími föstudaginn 13. janúar kl. 10–12

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts | Bæjarhálsi 1 | Sími 411 1200

Næstu viðtöl borgarstjóra:
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða – 20. janúar kl. 10–12




**KARL XVI GÚSTAF** Svíakonungur í heimsókn á Akureyri 2004.

Sænska konungsfjölskyldan:

## Fær 800 milljónir í ársstyrk

**SVÍÞJÓÐ** Konungsfjölskyldan í Svíþjóð fær á hverju ári sem svara um 800 milljónum íslenskra króna í styrk frá hinu opinbera til að sinna opinberum skyldum sínum og einkaútgjöldum. Til viðbótar fær hún um 400 milljónir í aðgangseyri að höllinni og öðrum konunglegum eigum.

Þetta þýðir að konungurinn þarf sjaldnast að nota krónu af auðæfum sínum sem nema ríflega 1.700 milljónum íslenskra króna og getur því látið þau vaxa í fjárfestingum og fasteignaviðskiptum. Í fyrra nam ávöxtunin 119 milljónum króna. ■


Allt að 70% afsláttur

Kastarar / Útiljós / Loftljós
ÚTSALA
Veggljós / Gólflampar / Næturljós

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið lau.: 11:00 - 16:00

DEBENHAMS

# útsalan af enn meiri krafti

## Allar útsöluvörur

# 50%

afsláttur




**Nýtt kortatímabil**

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 30921 01/2006





Sáttmáli kaþólsku kirkjunnar við Slóvakíu veldur áhyggjum í Evrópusambandinu:

# Vilja fækka fóstureyðingum

**SLÓVAKÍA** Yfirstjórn kaþólsku kirkjunnar í Páfagarði er nú að reyna að fá stjórnvöld í Slóvakíu til að fækka fóstureyðingum þar í landi og hefur lagt til að starfsfólk sjúkrahúsa fái rétt til, vegna trúar sinnar, að neita að framkvæma fóstureyðingar og frjósemisaðgerðir. Fréttavefur breska ríkisútvarpsins, BBC, greinir frá þessu.

Lögfræðingar innan Evrópusambandsins eru uggandi yfir þessum væntanlega sáttmála. Þeir telja að ef hann nái fram að ganga geti það þrengt mjög að rétti slóvakískra kvenna. Samkvæmt slóvakískum lögum er fóstureyðing lögleg fram í 12. viku meðgöngu.



**BENEDIKT XVI PÁFI** Vatíkanið og stjórnvöld í Slóvakíu undirbúa nú sáttmála sín í milli, sem myndi heimila starfsfólki sjúkrahúsa að neita konum um fóstureyðingu og frjósemisaðgerðir á trúarforsendum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 70 prósent Slóvaka játa kaþólska trú, en Benedikt XVI páfi hefur heitið að taka föstum tökum fóstureyðingar og svipuð málefni sem kirkjan er á móti. Forveri hans, Jóhannes Páll II páfi, lét gera drög að þessum sáttmála milli Slóvakíu og Vatíkansins árið 2003, en enn hafa stjórnvöld í Slóvakíu ekki skrifað undir. Vatíkanið hefur gert svipaða sáttmála við önnur aðildarlönd ESB, svo sem Ítalíu, Lettland og Portúgal, en í þeim nær neitunarvald vegna trúarbragða eingöngu til herþjónustu. **- smk**



**GULLFISKUR ÚR KALDBAKSTJÖRN** Þessi gullfiskur fannst í Kaldbakstjörn við Húsavík en honum var sleppt í hana í október 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/SKARPUR

# Reglur um skrautfiskahald verði hertar

**Formaður Landssambands veiðifélaga telur nauðsynlegt að herða reglur um skrautfiskahald hér á landi. Gísli Jónsson dýralæknir segir um lögbrot vera að ræða ef skrautfiskum er sleppt í tjarnir eða ár.**

**DÝRAHALD** Stangveiðifélag Reykjavíkur telur að reglur um innflutning skrautfiska verði að herða. Töluverð umræða hefur verið meðal veiðimanna um skrautfiskahald hér á landi eftir að stór gullfiskur fannst í Kaldbakstjörn við Húsavík, en honum var sleppt þar í október fyrir rúmlega ári, ásamt fleiri skrautfiskum.

Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, hefur miklar áhyggjur af því að reglur um skrautfiskahald séu ekki nógu harðar hér landi og telur að nýlegar fréttir frá Bretlandseyjum, þar sem asísk skrautfiskategund olli miklu tjóni, eigi að vera víti til varnaðar. „Það er ekkert launungarmál að við höfum miklar áhyggjur af því að ógætilega sé farið með skrautfiska hér á landi. Dæmin sanna erlendis frá að fyllstu varúðar er þörf í þessum efnum. Það geta fylgt þessum fiskum sjúkdómar og kvillar sem skrautfiskarnir sjálfir eru ónæmir fyrir en valdið stórskaða í laxi og silungi.“



**GULLFISKUR ÚR KALDBAKSTJÖRN** Þessi gullfiskur fannst í Kaldbakstjörn við Húsavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/SKARPUR

Samkvæmt reglugerð um skrautfiskahald hér á landi verða allir fiskar að hafa gengist undir sóttvarnareftirlit við innflutning, en það er þó vitanlega háð því að fiskarnir komi hingað til lands með löglegum hætti. Óðinn hefur af því miklar áhyggjur að töluvert sé um smygl á fiskum hingað til lands. „Við heyrum því miður of mikið um það að smygl á fiskum hingað til lands tíðkist í miklum mæli. Og það er í sjálfu sér ótrúlegt þegar fólk er að sleppa skrautfiskum í tjarnir eða ár. Það getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríkið í vatninu.“

Gísli Jónsson, sérfræðingur í sjávardýrasjúkdómum hjá embætti yfirdýralæknis, segir það alveg skýrt í lögum um náttúruvernd að bannað sé að sleppa skrautfiskum, sem ekki eiga uppruna sinn hér á landi, út í náttúruna. „Samkvæmt lögum um náttúruvernd er það alveg ljóst að bannað er að sleppa skrautfiskum í ár og tjarnir. En hins vegar eru þó nokkur dæmi um það hér á landi að fólk sé að rækta skrautfiska í tjörnum við heimahús eða sumarbústaði. En það er nauðsynlegt að fara að öllu með gát í þessum efnum og það er ljóst að það er vítavert að sleppa fiskum út í náttúruna, enda er það lögbrot.“

Skoðanakannanir sýna að dregur úr stuðningi við forseta Finnlands:

# Gæti þurft tvær umferðir

**FINNLAND** Ný skoðanakönnun sýnir að ekki er víst að Tarja Halonen, forseti Finnlands, nái meirihluta í fyrri umferð forsetakosninga sem fram fara í Finnlandi á sunnudag. Samkvæmt henni fengi Halonen 51 prósent atkvæða. Vikmörkin eru 2,5 prósent og getur því farið svo að kjósa verði milli tveggja efstu frambjóðendanna.

Gallup gerði skoðanakönnunina fyrir finnska dagblaðið Helsingin Sanomat. Samkvæmt niðurstöðunni fengi Sauli Niinistö, fyrrverandi fjármálaráðherra, 21 prósent og Matti Vanhanen forsætisráðherra 18 prósent. Það yrði því Niinistö sem tækist á við Halonen í annarri umferð kosninganna 29. janúar. Áður höfðu kannanir sýnt að Vanhanen stæði sterkar en Niinistö en munurinn væri naumur.

Stuðningurinn við Halonen hefur minnkað um þrjú prósent frá síðustu könnun en það getur breyst fram á sunnudag. Á fréttavef Helsingin Sanomat sagði í gær að aðeins 68 prósent kjósenda hefðu gert upp hug sinn.

Umræðan í forsetakosningunum hefur meðal annars snúist um Atlantshafsbandalagið. Hufvudstadsbladet segir að finnska hernum gefist kostur á að senda hersveit á heræfingu hjá Nato en finnska þingið hefur fyrir sitt leyti gefið samþykki sitt fyrir því að hraðlið ESB taki þátt í heræfingum Nato. Niinistö hefur gagnrýnt stefnu stjórnvalda harkalega. **- ghs**



**TARJA HALONEN** Forseti Finnlands frá árinu 2000 nýtur mests fylgis frambjóðenda.



Guðrún, leikskólakennari, getur ekki lengur unnið við sitt fyrra starf en endurhæfing á Reykjalundi hefur þó gert henni kleift að sjá um sig sjálf og njóta samverustunda með ömmubörnum sínum.

# takk

## fyrir að gefa mér aftur færni til að sjá um mig sjálf

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

HÉR & NÚ / SÍA

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**

Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

# Drögum í dag

**Hálfur milljarður í pottinum 2006**

**Honda CR-V**
lúxusútgáfa í janúar og maí

**10 Honda Jazz**
í júní og júlí



27.517 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*




Ólafur Ragnar Grímsson um útrás íslenskra fyrirtækja:

# Jarðsambandið má ekki glatast

**ÚTRÁS** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, segir menntun undirstöðu þess að útrás Íslendinga á sviði viðskipta, menningar og lista haldi áfram að þróast og dafna. Hann hvetur líka útrásarsveitina til að huga að undirstöðunni, glata ekki jarðsambandinu þótt vel gangi og koma fram af virðingu og sanngirni við Íslendinga sem og íbúa annarra landa.

„Gleymið ekki að útrásin byggist á sögu, menningu og siðviti Íslendinga,“ sagði forsetinn meðal annars í erindi sem hann hélt á fundi Sagnfræðingafélags Íslands í fyrradag. Þar reifaði hann uppruna, einkenni og framtíðarsýn þeirrar útrásar sem einkennt hefur íslenskt þjóðlíf undanfarin misseri.

Ólafur Ragnar tiltók tíu eiginleika sem hefðu grundvallarþýðingu fyrir útrásina en það eru vinnusemi, áhersla á árangur, þor til að taka áhættu, lítið skrifræði á Íslandi, traust og orðheldni manna milli í litlu samfélagi, auðvelt samstarf, hinn íslenski athafnastíll áræðinna foringja, arfleifðin, áhersla á góðan orðstír og sköpunargáfa. **- ssal**



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forsetinn bar lof á íslenska útrásarmenn og líkti þeim við landnámsmenn fyrir tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjónavígslur á Arlanda:

## 500 pör létu vígja sig í fyrra

**SVÍÞJÓÐ** Stöðugt fleiri láta gifta sig á flugvellinum Arlanda í Svíþjóð og taka svo flugvél út í heim. Í fyrra voru það 500 pör sem létu vígja sig á flugvellinum og var það aukning um 40 prósent frá árinu 2004.

Á fréttavef Dagens Nyheter kemur fram að hjónavígsla á flugvellinum verði að tengjast ferðalagi og getur hjónavígslan átt sér stað hvenær sem er sólarhringsins. Pörin geta valið milli borgaralegrar og kirkjulegrar vígslu í kapellu á Arlanda. Tveir prestar starfa á flugvellinum. **- ghs**

Úrvinnslugjald hefur lagst ofan á vöruverð frá áramótum og veldur verðhækkun:

# Morgunkorn, nautahakk og brauðristar hækka í verði

**VÖRUVERÐ** Ný gjaldtaka á neysluvöru tók gildi um áramótin. Það er Úrvinnslusjóður sem leggur tíu krónur á allar umbúðir úr pappa og plasti. Gert er ráð fyrir að gjaldið færi sjóðnum 320-340 milljónir króna á þessu ári. Peningarnir verða notaðir til að standa undir kostnaði við meðferð á þessum úrgangi.

Umbúðagjaldið er lagt á allar umbúðir úr pappa og plasti, hvort sem þær eru fluttar inn eða framleiddar innanlands, tíu krónur á kílóið af umbúðum. Þannig leggjast til dæmis tvær krónur á tvöfaldan kassa af Cheeriosi, 25 aurar á lítinn pakka af nautahakki, fimmtán aurar á skyrdrykk og 3,60 krónur á brauðristar.



**VÖRUVERÐ HÆKKAR** Verð á morgunkorni hækkar um 2 krónur og brauðristar hækka um 3,60 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Við eigum að standa undir kostnaði við meðferð á úrgangi á söfnunarstöðum sveitarfélaga, t.d. við grenndargáma, flutning og endurvinnslu á þessum úrgangi og þeirri meðhöndlun sem úrgangurinn þarf að fá. Kostnaðurinn fer svolítið eftir því hvaða árangri við náum í endurvinnslunni, en við eigum að stilla gjaldtökuna af miðað við kostnaðinn. Við munum taka stöðuna eftir árið og taka ákvörðun um breytingar á gjaldinu í framhaldi af því,“ segir Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs.

Veittar verða heimildir til undanþágu frá álagningu úrvinnslugjaldsins ef umbúðirnar verða nýttar utan um vörur til útflutnings. **- ghs**

Verkalýðsfélag Akraness:

## Vill fund vegna launamunar

**KJARAMÁL** Verkalýðsfélag Akraness hefur sent bæjarráði staðarins bréf þar sem óskað er eftir viðbrögðum og fundi vegna nýgerðs kjarasamnings Eflingar og Reykjavíkurborgar. Samningurinn færir almennum verkamanni hjá Reykjavíkurborg 12,5 prósent hærri byrjunarlaun en þeim á Akranesi og skólaliðum í borginni tæplega sextán prósentum meira en þeim sem eru á samningum sem Starfsgreinasamband Íslands gerði í lok maí við Launanefnd sveitarfélaga.



**GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON**

Bæjarráð mun taka erindið fyrir á fundi í dag. **.- gag**






**INDVERSKAR TELPUR** Flestir Indverjar telja drengi vera meira virði en stúlkubörn. Þessar telpur bíðu eftir námsstyrkjum í Bombay fyrir helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fóstureyðingar eftir kyni á Indlandi:

# Meyfóstrum eytt í milljónatali

**INDLAND, AP** Allt að tíu milljón kvenkyns fóstrum hefur verið eytt á Indlandi síðustu tvo áratugina eftir að farið var að kyngreina fóstur í ómskoðunum. Þetta kemur fram í nýjasta hefti breska læknatímaritsins Lancet.

Kanadískir og indverskir vísindamenn rannsökuðu 133,738 barnsfæðingar á Indlandi og komust að því að minni líkur voru á að annað barn hjóna yrði telpa ef fyrsta barn þeirra hefði verið stúlka. Jafnframt eignast menntaðar mæður helmingi færri telpur sem annað barn sitt en ólæsar mæður, óháð trúarbrögðum.

Hjá flestum þjóðum heims eru konur örlítið fleiri en karlar, en árið 2001 fæddust eingöngu 933 telpur fyrir hverja 1,000 drengi á Indlandi. Vísindamennirnir telja að kyngreining fóstra, og fóstureyðing meyfóstra í framhaldi af því, sé ástæðan fyrir þessum tölum og að minnst hálfri milljón fóstra sé eytt á ári hverju í Indlandi eingöngu af því þau eru kvenkyns.

Árið 1994 voru sett lög á Indlandi sem banna fóstureyðingar vegna kyns fóstursins, en þar í landi tíðkast að greiða veglegan heimanmund með stúlkum er þær giftast og neyðir þessi siður fjölmargar fjölskyldur til að stofna til skulda. **- smk**

# lífrænir dagar í Nettó

## himnesk heilsa




Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 12. -15. janúar eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

# Átakið hef



## Ný kynslóð salatbara

### Sjáðu þetta

**40 spennandi tegundir**

**Meðal annars:**

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandorri
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskyrsósu
- Kryddfeti í olíu
- Ætiþistill

...og margt fleira



**Losaðu þig við kílóin**

fyrir fullt og allt!




**50% afsláttur**




**KYNNINGAR:**

12.-14. janúar í Skeifu, Kringlu og Smáralind kl. 14-18
13. janúar í Spönginni kl. 14-18
13. janúar á Eiðistorgi kl. 14-18

**Slim Fast** drykkir og orkustangir




**NÝTT! Body-for-LIFE CLA**
Fyrir grenningu og/eða þyngdarstjórnun
Eykur hlutfall fitusnauðs líkamsmassa
Styrkir ónæmiskerfið

**NÝTT! Body-for-LIFE Omega 3-6-9**
Lífsnauðsynlegar fitusýrur. Rétt hlutföll fitusýra fyrir heilbrigða líkamsstarfsemi. Mikilvægar fyrir starfsemi hjarta- og æða-, tauga- og ónæmiskerfanna.

**NÝTT! Body-for-LIFE EverLean**
Öflugt fitubrennsluefni
Eykur orku og einbeitingu
Brennir burt líkamsfitu

**Body for Life** fæðubótarefni




**KYNNING:**

Í dag í Kringlunni frá kl. 15-18. Komdu og smakkaðu nýja hampfræbitann og næringarskotið frá Dr. Gillian.

Hampfræbitinn er stútfullur af næringarefnum og góðum fitusýrum. Orkuskotið hentar vel þeim sem þurfa að koma sér í gírinn eftir hátíðirnar.

**Dr. Gillian** hampfræbiti og orkuskot




**Body-for-LIFE máltíðarstangir**
Rétt hlutfall næringarefna
Hentug, holl og hagkvæm máltíð
Ríkar af próteinum, vítamínum og steinefnum
Snauðar af hitaeiningum og fitu

**Body-for-LIFE máltíðardrykkir**
Rétt hlutfall næringarefna
Hentug, holl og hagkvæm máltíð
Ríkir af próteinum, vítamínum og steinefnum
Snauðir af hitaeiningum og fitu

**Body for Life** orkudrykkir og orkustangir

Gildir til 15. janúar eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval matvöru*

# st hér og nú







Pharmagreen te vörurnar eru fyrir þá sem huga að heilsunni. Í 4000 ár hefur fólk í Asíulöndum drukkið grænt te til að styrkja og efla líkamann. Teið er ýmist drukkið heitt eða kalt allt eftir smekk eða hefðum. Auk þess að njóta bragðsins hafði fólk trú á að græna teið yki lífsgæði og tryggði velferð. Seinnitíma rannsóknir styðja þetta, því þær benda allar til þess að græna teið hafi mjög víðtæk og góð áhrif á líkamann.

Græna teið frá PharmaGreen inniheldur mesta hlutfallið af EGCg, sem er eitt virkasta andoxunarefnið. Auk þess að verka vel sem andoxunarefni á líkamann hefur teið áhrif á þyngd, minnkandi sykurlöngun og meira jafnvægi kemst á blóðsykur.




**TILBOÐ**
**139** kr/stk
Verð áður 169,-

2 af fremstu fitness keppendum landsins munu kynna Bombu orkudrykk næstu daga í verslunum Hagkaupa

12. janúar í Skeifunni kl. 16-17
13. janúar í Spönginni kl. 16-18
14. janúar í Kringlunni kl. 14-17
15. janúar í Smáralind kl. 13-16




**Sól** ávaxtasafi, 1 lítri




**EAS** vörurnar eru allar með afslætti um helgina




**Nupo létt** 3 tegundir, ný og endurbætt formúla




**Futurebiotics** vítamín




**Biomega** vítamínlína




**Weetabix**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

*Gerum bara eins og hún, förum þegar við verðum þingforsetar*

**„Ég verð að gera þá játningu að í þetta sögufræga hús hafði ég ekki komið fyrr en ég tok við embætti forseta Alþingis.“**

SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR FORSETI ALÞINGIS Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU UM JÓNSHÚS.

*Já svona líka ljómandi fínt alveg*

**„Ég keypti þetta fyrir forvitnissakir. Þetta er alveg ágætt, ég hef hlustað á þetta einu sinni eða tvisvar.“**

SIGURJÓN SAMÚELSSON PLÖTUSAFNARI Á HRAFNABJÖRGUM VIÐ ÍSAFJARÐARDJÚP.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELFAR LOGI HANNESSON LEIKARI

## *Í slagtogi við útlaga og prinsessu*



„Ég er á fullu núna ásamt Sigurþóri Alberti Heimissyni að undirbúa uppsetningu á nýjum einleik sem heitir Dimmalimm og er byggður á sögu Guðmundar Thorsteinssonar, Muggs,“ segir Elfar Logi Hannesson leikari. Þessi nýbakaði bæjarlistamaður Ísafjarðar er nú í höfuðborginni vegna þessa undirbúnings. „Við förum síðan vestur á Ísafjörð og æfum þar en prinsessan á að vera tilbúin til frumsýningar um miðjan febrúar,“ segir hann.

Hvað verður þá um einleikinn um Gísla Súrsson sem hann hefur verið að sýna víða um land? „Nú verður Gísli lagður í súr enda þorrinn að ganga í garð en hann verður svo dreginn upp aftur vel kæstur og fínn í mars. Þá mun ég koma suður og sýna jöfnum höndum útlagann og prinsessuna, það er aldrei að vita nema þau eigi skap saman,“ segir leikarinn sposkur.

Þetta er fjórði einleikur Elfars Loga og eins og þeir fyrri tengist hann Vestfjörðum. „Ég er nokkuð upptekinn af minni fósturjörð. Þarna er sagnaarfurinn óþrjótandi þannig að maður þarf í raun ekki að bregða sér út fyrir túnfótinn til að verða sér úti um góðan efnivið,“ segir hann.

„Svo er ég bara nokkuð ánægður með lífið enda margt spennandi í gangi. Ég er líka að fara að gefa út bók sem heitir Íslenskir einleikir og mun hún innihalda ellefu slíka. Af mér er bara allt gott að frétta, góði.“



**ÓLÍKT HAFAST MENN AÐ** Á meðan fólk buslar fáklætt í sjónum við strendur Argentínu binda Þjóðverjar á sig gönguskíðin þessa dagana. Hitinn fór upp í 35 gráður suðaustur af Búenos Aíres í Argentínu á mánudag en þá var hiti við frostmark í grennd við Svartaskóg í suðvesturhluta Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# Haltur hjólar hringinn

**Bjarki Birgisson íþróttamaður ætlar að hjóla hringinn í kringum landið í sumar. Bjarki var afreksmaður í sundi og vakti mikla athygli þegar hann og Guðbrandur Einarsson gengu hringinn í kringum landið í fyrra undir slagorðinu haltur leiðir blindan.**

Bjarki glímir við hreyfihömlun í fótum og á erfiðara með gang en flestir. Hann hefur aldrei látið það á sig fá, líkt og ganga síðasta sumars bar glöggt vitni um.

„Nú ætla ég að hjóla hringinn,“ segir Bjarki hinn hressasti og er greinilega orðinn nokkuð spenntur fyrir ferðalaginu. Áður ætlar hann þó í annars konar ferð. „Ég er á leið til Argentínu þar sem ég ætla að kynna mér aðstæður fatlaðra barna.“ Hann er í sambandi við þarlend samtök og hyggst vinna með þeim. Hann vonast til að geta farið utan með hjólastóla og gefið argentínskum börnum.

Þegar heim verður komið taka við æfingar og heimsóknir í íslenska skóla. „Ég er að vinna í að fara að halda fyrirlestra í grunnskólum landsins. Ég ætla að segja krökkunum í fimmta bekk frá aðstæðum barna sem eru í hjólastól, styðjast við hækjur eða eru blind eða heyrnarlaus.“ Bjarki byggir mál sitt á eigin reynslu og leggur út af göngunni miklu frá því í fyrrasumar. „Það eru ekki til fordómar heldur bara fáfræði,“ segir Bjarki og situr ekki við orðin tóm heldur stuðlar að uppfræðslu æskunnar.

Hann hitti menntamálaráðherra að máli í gær og fékk loforð um stuðning fyrir fyrirlestrahaldið. „Þorgerður var bara hress með þetta og ætlar að styðja mig en ég þarf að fara á fleiri fundi,“ segir Bjarki sem þegar hefur rætt málið við heilbrigðisráðherra.

Undirbúningur hjólreiðaferðarinnar er hafinn. Bjarki æfir í Sporthúsinu og safnar styrkjum. Hann leggur af stað í maí og stefnir á að ljúka ferðinni fyrir verslunarmannahelgi. „Ég býst við að þetta taki 78 daga,“ segir hann og er hvergi banginn. Ekki einasta ætlar Bjarki að hjóla hringveginn heldur mun hann bregða sér niður á Austfirði og fara um Vestfjarðakjálkann að auki.

Með Bjarka í för verður vinkona hans Gyða Rós Bragadóttir. Bjarki er nokkuð vanur hjólreiðamaður, hann hjólaði mikið á árum áður og þá jafnvel um 20 kílómetra á dag. Á þeim grunni byggir hann en viðurkennir þó að hann viti ekki hvernig líkaminn muni bregðast við átökunum í sumar. „Það verður bara að koma í ljós en maður fórnar sér fyrir málstaðinn,“ segir Bjarki og brosir.

Gangi allt eftir verður hann að líkindum fyrsti maðurinn sem bæði hefur gengið og hjólað hringinn í kringum landið.

bjorn@frettabladid.is



**HJÓLAÐ HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ** Bjarki Birgisson og Gyða Rós Bragadóttir hreppa að líkindum betra veður en var í gær þegar þau hjóla hringinn í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Tilboð í viku 2 - gilda til sunnudags eða meðan birgðir endast
VÍNARSTEIK BEINLAUS
899 kg KR.
VILLIKRYDDUÐ BEINLAUS LAMBASTEIK
1169 kg KR.
KF SALAT 350g
98 kg KR.
PESTÓKRYDDUÐ BEINLAUS LAMBASTEIK
1169 kg KR.
Hjartans þakkir frá Kjarnafæði
-fyrir frábærar móttökur 2005!
Allt álegg frá Kjarnafæði með 30% afslætti!
30% afsláttur við kassann
HANGIFRAMPARTUR m/BEINI
595 kg KR.
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
Nýtt kortatímabil!
EKKERT BRUDL
LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1699KR.
HEIMILISPYLSURNAR
399 kg KR.
Merkt verð 499kr.
20% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
269 kg KR.
MERKT VERÐ 299KR.
Blandað KF lambasaltkjöt
KJARNAFÆÐI
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
279 kg KR.
Merkt verð 399kr.
30% afsláttur við kassann
RÓFUSTAPPA 350g
149 KR.
AFSLÁTTUR 30% VIÐ KASSANN
30% afsláttur við kassann
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Fjöldi byggðra íbúðarhúsa á landinu




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SKRAUTFISKAHALD Á ÍSLANDI

# *Skrautfiskar varasamir íslenskri náttúru*

Skrautfiskahald hefur verið töluvert í umræðunni upp á síðkastið en veiðimenn hafa af því áhyggjur að fólk sé farið að sleppa skrautfiskum sínum út í ár og tjarnir, en það getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir laxa- og silungsstofna landsins.

**Hvað er hættulegt við að sleppa skrautfiskum út í náttúruna?**
Þótt öll gæludýr sem flutt eru hingað til lands fari í gegnum sóttkví og eigi þannig að vera laus við sjúkdóma og hina ýmsu kvilla, er aldrei hægt að útiloka það að með dýrunum komi sníkjudýr. Þau geta reynst villtum dýrum á Íslandi hættuleg enda er íslensk nátúra ekki þeirra náttúrulega umhverfi. Mesta hættan af því að sleppa gæludýrum, til dæmis skrautfiskum, út í náttúruna er sú að sjúkdómar og sníkjudýr valdi villtum íslenskum dýrategundum miklum skaða.



**Hversu mikið er flutt inn af skrautfiskum á ári?**
Nákvæm tala um innflutning á skrautfiskum til Íslands er ekki á reiðum höndum, en það eru fluttir hingað meira en hundrað þúsund fiskar á ári hverju, flestir hverjir smáfiskar sem fólk hefur í búrum heima hjá sér. Síðan má reikna með því að ólöglegur innflutningur sé einhver en það er eðli málsins samkvæmt ekki vitað hversu umsvifamikill sá innflutningur er.

**Er mikið um að fiskum sé sleppt í tjarnir og ár?**
Sem betur fer er lítið um að skrautfiskum sé sleppt út í náttúruna en samkvæmt umhverfisverndarlögum er með öllu óheimilt að sleppa skrautfiskum í ár og tjarnir þar sem íslenskir fiskistofnar eru fyrir. Þó hefur það færst í vöxt að fiskar lifi í tjörnum við sumarbústaði og jafnvel íbúðarhús.

## SPURT OG SVARAÐ

BÆJARSTJÓRNARMÁL

### *Fer aldrei frá Norðfirði*

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, ætlar að láta af störfum í vor. Hann byrjaði í bæjarmálunum í Neskaupstað árið 1973, var þar bæjarstjóri og síðar í Fjarðabyggð við sameiningu þar eystra. Honum finnst tími til kominn að hleypa öðrum að.



**GUÐMUNDUR BJARNASON**
Bæjarstjóri í Fjarðabyggð

**Er eitthvað eitt sem stendur upp úr í bæjarmálapólitíkinni?** Það er auðvitað sameining sveitarfélaganna Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar þegar Fjarðabyggð varð til. Þetta var tímamótasameining vegna þess að í kjölfar hennar var ráðist í byggingu álversins í Reyðarfirði. Það hefði aldrei verið gert hefði ekki orðið af sameiningunni.

**Að hverju ætlar þú að snúa þér um mitt ár?** Það er ekkert ákveðið ennþá. Tíminn verður að leiða það í ljós og ég ætla ekkert að hugsa um það fyrr en ég hætti sem bæjarstjóri.

**Kemur til greina að flytja burt?** Nei, ég er svo mikill Norðfirðingur að ég fer aldrei héðan af staðnum.

# Innflytjendum fjölgar ört

**Hin öra fólksfjölgun sem átt hefur sér stað hér á landi síðustu ár má að stórum hluta rekja til vaxandi fjölda erlendra ríkisborgara sem sest hafa hér að til lengri eða skemmri tíma. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi er í fyrsta sinn komið í svipaðar tölur og á öðrum Norðurlöndum.**



**ÍBÚAR Á ÍSLANDI AF ASÍSKUM UPPRUNA** Fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi frá Asíulöndum er aðeins um tíu af hundraði allra útlendinga. Pólverjar eru langfjölmennastir eða um fimmtungur allra innflytjenda.

Fyrsta desember síðastliðinn var þetta hlutfall komið í 4,5 prósent, sem þýðir í raun að fjöldi erlendra ríkisborgara er orðinn um fjórtán þúsund manns. Hefur þeim þá fjölgað um nærri 3500 manns á einu ári, sem er mesta fjölgun þessa hóps á einu ári í sögu þjóðarinnar. Má ljóst vera að innstreymi erlends verkafólks til landsins vegna stóriðjuframkvæmda og afleiddra verkefna, á stóran þátt í því að fjöldi þeirra sem lögheimili eiga á Íslandi er orðinn 300 þúsund löngu fyrr en spár gerðu ráð fyrir.

**Hlutfallið það sama og í Noregi**
Sömuleiðis hefur það tekið Íslendinga mun skemmri tíma að ná hlutfalli annarra Norðurlanda í fjölda erlendra ríkisborgara en búist var við fyrir 10-15 árum. Miðað við bráðabirgðatölur síðasta árs er hlutfallið hjá okkur orðið það sama og í Noregi, eða 4,5 prósent, og með sama áframhaldi náum við Dönum og Svíum innan tíðar, en hlutfallið hjá þeim er 5 og 5,3 prósent.

Þegar litið er til þróunar þessara mála hér á landi undanfarin 25 ár sést hvað þetta hefur breyst mikið á stuttum tíma. Þannig var fjöldi erlendra ríkisborgara hér á landi liðlega 3300 manns árið 1981 eða aðeins 1,4 prósent af heildarmannfjölda. Og fjölgunin er afar hæg næstu árin eins og sést að árið 1995, eða einungis fyrir réttum tíu árum, var hlutfall erlendra ríkisborgara enn innan við tvö prósent; fjöldinn þá tæplega fimm þúsund manns.

**Metfjölgun útlendinga 2005**
Upp úr 1995 má segja að sprenging verði í þessum málum og fjöldi erlendra ríkisborgara vex hratt enda uppgangstímar í þjóðfélaginu. Á fimm ára tímabili fram til ársins 2000 nánast tvöfaldast fjöldi innflytjenda og hlutfallið breytist að sama skapi og fer í fyrsta sinn yfir þrjá af hundraði. Næstu fjögur árin þar á eftir fjölgar erlendum ríkisborgurum jafnt og þétt og í lok árs 2004 er fjöldinn kominn í tæplega ellefu þúsund manns. Eftir það fjölgar gríðarlega eins og áður segir og slær fjölgunin öll met og fjölgar útlendingum næstum jafnmikið á einu ári og allan áratuginn frá 1990 til 2000.

**Pólska innrásin**
Ekki er síður forvitnilegt að skoða tölur Hagstofunnar um þjóðerni erlendra ríkisborgara hér á landi á áðurgreindu 25 ára skeiði frá 1981 og þróunina í þeim efnum. Um 1980 eru Danir fjölmennasti hópur útlendinga hér og segja má að erlendir ríkisborgarar séu nánast eingöngu af vestrænum uppruna. Til að mynda er þá aðeins einn Taílendingur skráður til heimilis hér og einn Portúgali. Og Pólverjar eru aðeins 25 talsins.

Lítil breyting verður á þessu næstu tíu til fimmtán árin en eftir það fara hlutföllin að raskast. Þannig fjölgar þeim Pólverjum sem flytjast hingað til lands gífurlega og eru þeir orðnir langfjölmennasti hópurinn í lok tíunda áratugarins og hafa verið það síðan. Sömuleiðis fjölgar ört á þessum árum í hópi Asíubúa, sérstaklega frá Taílandi og Filippseyjum og sömuleiðis fjölgar Litháum mjög hratt. Þá er vert að veita athygli stöðugt vaxandi fjölda Þjóðverja sem setjast hér að auk mikils fjölda fólks frá ríkjum gömlu Júgóslavíu, en hluti þess kemur reyndar hingað sem flóttamenn fyrir tilstilli íslenskra stjórnvalda.

**Asíubúar aðeins tíu af hundraði**
Það sem kannski vekur mesta athygli í tölum um fjölda einstakra þjóðahópa er sú staðreynd að meginþorri erlendra ríkisborgara sem búa hér á landi er af vestrænum uppruna og er hlutfallið nálægt 70 af hundraði. Ólíkt því sem margur ætlar er fjöldi Asíubúa til dæmis ekki nema rétt rúmlega tíu af hundraði allra erlendra ríkisborgara sem eiga lögheimili á Íslandi.

**FJÖLDI OG HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA Á ÍSLANDI 1980-2004**




* áætlun    Heimild: Hagstofa Íslands

**FJÖLMENNUSTU HÓPAR ERLENDRA RÍKISBORGARA Á ÍSLANDI 1981-2004**

| | 1981 | 1990 | 1995 | 2000 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Danir | 966 | 1.030 | 990 | 960 | 890 |
| Bandaríkjamenn | 667 | 717 | 567 | 597 | 515 |
| Bretar | 323 | 454 | 315 | 391 | 341 |
| Norðmenn | 282 | 319 | 305 | 318 | 293 |
| Þjóðverjar | 239 | 310 | 286 | 489 | 540 |
| Svíar | 98 | 182 | 198 | 311 | 306 |
| Íbúar fyrrum Júgóslavíu | 27 | 91 | 130 | 594 | 670 |
| Víetnamar | 26 | 48 | 102 | 133 | 239 |
| Pólverjar | 25 | 249 | 326 | 1.479 | 1.903 |
| Filippseyingar | 22 | 117 | 167 | 483 | 647 |
| Portúgalar | 1 | 47 | 39 | 112 | 357 |
| Taílendingar | 1 | 89 | 208 | 444 | 490 |
| Litháar | 0 | 0 | 12 | 184 | 423 |

Heimild: Hagstofa Íslands



FRÉTTASKÝRING
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is





Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Kjúklingabringur 1.747 kr./kg.
Gríms fiskréttir
318 kr./pk.
149 kr./stk.
DR. OETKER PIZZUR 4 TEG.
Matfiskur Fiskinaggar
839 kr./kg.
Matfiskur Fiskibollur
629 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
Matgrís Grísasamánar m/skinku og osti
349 kr./pk.
30% AFSLÁTTUR
Matgrís Grísabollur
629 kr./kg.
Prins Polo Classic 6 stk.
199 kr./pk.
Fine taste smábrauð
149 kr./pk.
Beaumarais 1 kg kartöfluskífur kartöflustrá
249 kr./pk.
Myllu snúður
69 kr./stk.
Colgate tannkrem 5 teg.
199 kr./stk.
Náttúra salatblöndur 4 teg.
229 kr./pk.
Resto túnfiskur
69 kr./stk.
Charmin salernisrúllur 32 stk.
999 kr./pk.
Blaðlaukur
98 kr./kg.
Bláber box
198 kr./pk.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## Útgjöldin

> Sala á léttvíni 2004 í fjölda lítra




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR ÞINGMAÐUR

## *Bíladellan hvarf á augnabliki*



„Því er auðsvarað hvað eru bestu kaup sem ég hef gert. Það er matvinnsluvél sem ég keypti á síðasta ári og hefur gjörbreytt matarvenjum mínum og nú eyði ég meiri tíma í eldhúsinu en ég hef nokkurn tíma gert áður og finnst það gaman. Vélin var ódýr og nett og í henni bý ég til nánast hvað sem mig langar til. Ég hef hent tilbúnum réttum fyrir róða og malla nú hvað sem mér sjálfri dettur í hug. Það er fátt sem ekki fer þar ofan í og með vélinni bý ég til næstum allan þann mat sem hér er á borðum. Notaði hana til að útbúa hnetusteik um jólin meðal annars.

Hvað varðar verstu kaupin þá vil ég fremur kalla það óskynsamlegustu kaupin en þau verstu. Það var bíll sem ég keypti fyrir alla mína peninga þegar ég var 17 ára en þá var ég með bíladellu á háu stigi. Þetta var flottur Golf GT sérinnfluttur frá Þýskalandi með öllu og hann kostaði mig aleiguna á þeim tíma og ég átti þá talsverðan sjóð eftir vinnu frá unga aldri. Svo kom fljótlega í ljós að ég hafði ekkert efni á að reka bílinn og rúmu ári eftir að ég keypti hann hvarf öll bíladellan á augnabliki. Þá hafði ég fengið nóg og hef ekki fengið þá bakteríu aftur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### AÐ HUGSA EINS OG MAMMA SÍN

■ *„Besta húsráðið sem ég gæti gefið nokkrum manni væri eflaust það að hugsa eins og mamma sín," segir Finnur Þór Vilhjálmsson, laganemi við Háskóla Íslands.*



„Löngu eftir að maður er fluttur úr foreldrahúsum, þegar umvöndunarsvipurinn er löngu horfinn, er eins og einvherri þoku létti inni í hausnum á manni. Maður stendur sjálfan sig að því að líta í kringum sig í svefnherberginu og hugsa: Þessi föt eiga ekki að vera uppi á stól í hrúgu. Þau eiga að vera inni í skáp. Samanbrotin! Hvernig haga á uppvaskinu verður næstum jafn mikið skipulagsmál og færsla Hringbrautarinnar. Og maður öðlast allt í einu þessa ryk-röntgensjón. Ég veit ekki hvort um er að ræða þroska eða þráhyggju, uppljómun eða skilyrðingu."

■ **Hvað kostar... að fara á skíði?**

## Dagskort í Bláfjöll kostar 1.500 kr.



Þegar loksins er kominn nægur snjór í fjöllin er ekki úr vegi að athuga hvað það kostar að skella sér á skíði.
Á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins kostar dagskort á virkum dögum 1300 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn. Dagskort um um helgar og á almennum frídögum kostar 1500 krónur fyrir fullorðna og 500 fyrir börn. Fullorðnir geta keypt mánaðarkort á 8.000 krónur og börn fá það á 4.000 krónur. Árskort í fjöllin kostar svo 16.000 krónur fyrir fullorðna og 8.000 krónur fyrir börnin.

■ **Verslun og þjónusta**

## Fjórða Nautilus-stöðin opnuð



Líkamsræktarkeðjan Nautilus opnaði nýverið heilsurækt í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi.
Þetta er fjórða stöðin sem Nautilus opnar á Íslandi, en fyrir eru stöðvar í sundlaug Kópavogs, Salalaug í Kópavogi og Suðurbæjarlaug í Hafnafirði. Líkamsræktarkort sem keypt eru hjá Nautilus gilda einnig í sundlaugarnar á staðnum. Árskort hjá Nautilus kostar 23.990 krónur í Hafnafirði, 24.990 á Álftanesi og 25.990 krónur í Kópavogi. Sex mánaða kort kostar 19.900 krónur á öllum stöðunum.

■ **Verslun og þjónusta**

## Tveggja króna hækkun á eldsneytisverði



Olíufélögin Essó, Olís og Skeljungur hækkuðu öll verð á eldsneyti í gær.
Atlantsolía hækkaði hins vegar ekki eldsneytisverð á sínum sölustöðum. Skeljungur hækkaði verð á bensíni um 1,8 krónur á lítra, dísilolía, vélaolía, gasolía og skipagasolía hækkuðu um 0,5 krónur og svartolía um eina krónu.
Hjá Essó hækkaði bensínlítrinn um tvær krónur, dísil- og gasolía um 0,5 krónur og svartolía um eina krónu. Ekki fengust upplýsingar um verðhækkunina hjá Olís. Á heimasíðum Essó og Skeljungs er ástæða hækkunarinnar sögð vera hækkandi heimsmarkaðsverð á eldsneyti.






**FEÐGARNIR ÓSKAR FRIÐBJARNARSON OG GUÐMUNDUR PÁLL** Óskar og Guðmundur Páll standa stoltir við hákarlinn sem borðin munu svigna undan ásamt öðrum kræsingum á þorranum.

# Hákarlinn er annaðhvort góður eða óætur

**Hnífsdælingar fara ekki varhluta af því að þorrinn er á næsta leiti, en lengi hefur harðfiskur og hákarl þaðan verið í hávegum hafðir hjá landanum. Blaðamaður fór í harðfisk- og hákarlsverkun þar í bæ og komst að raun um að verkunin er hin mesta kúnst.**

„Annaðhvort er hákarlinn mjög góður eða hann er bara óætur, það er ekkert flóknara en það," segir Guðmundur Páll Óskarsson meðan hann sker hákarlinn niður í krúsir sem síðan eru seldar í Bónusverslunum um land allt.

Hann keypti verkunina af föður sínum, Óskari Friðbjarnarsyni, fyrir tæpum sjö árum en hann vann áður með honum og hefur numið allar helstu kúnstir þessarar verkunar. „Ég tek ekki hvaða hákarl sem er, það er svo misjafnt hvernig sjómenn fara með þetta, ég tek aðeins frá þeim sem umgangast hann af virðingu. Til dæmis má hákarlinn ekki komast í sól, þá er hann ónýtur," segir Guðmundur Páll. Hann segir þó galla á þessari tilhögun að hann fái minna af hákarli en ella. „Til að anna eftirspurninni þyrfti ég svona 120 tonn á ári en fæ bara um sextíu. Ég vil þó frekar halda í gæðin en vera með einhverja græðgi," segir hann.

Þegar komið er með hákarlinn að landi er búið að skera hann í stykki en því næst er hann látinn gerjast í þar til gerðum trékassa. „Ég smakka mig bara áfram og finn á bragðinu hvenær tími er kominn til að hengja hann upp," útskýrir Guðmundur Páll. Smá hrollur fer um blaðamann sem veit að hákarlinn er ekki sérlega girnilegur á því stigi verkunarinnar. „Þá hengi ég hann upp í hjall í nokkra mánuði, tek hann svo inn og hengi hann upp þar. Hann verður bara betri eftir því sem hann hangir lengur. Þessi hefur til dæmis hangið í fimm ár," segir hann og réttir blaðamanni öndvegis hákarlsstykki. Þó stendur engum til boða að gæða sér á því enn sem komið er því Jón Stefánsson, organisti í Langholtskirkju, á að fá lostætið.

Óskar, sem fylgist grannt með syni sínum, var ekkert á þeim buxunum að láta neitt uppi um þau leyndarmál sem liggja að baki góðs harðfisks sem hann var landsþekktur fyrir á árum áður. Nema þá að kjörveður fyrir fiskinn meðan hann hangir í hjallinum er norðaustan fimm til sex vindstig og fimm stiga frost. „Já, drengur minn, vestfirskur harðfiskur verður ekki verkaður í kjallara í Kópavogi," segir hann að lokum.

jse@frettabladid.is

Bikar úr gúmmíi í stað dömubinda:

# Tekur við tíðablóði í tíu ár

Konur hafa enn á ný uppgötvað náttúrulegan gúmmíbikar, oft kallaður álfabikar, sem settur er upp í leggöng þeirra þegar þær eru á blæðingum. Dömubindi og túrtappar leystu bikarinn, sem fyrst kom á markað 1940, af hólmi og hann gleymdist.

Soffía Steingrímsdóttir, ritstjóri vefritsins Femin, segir bikarinn söluhæstu vöru vefverslunarinnar. „Þetta er vara sem spyrst út milli kvenna. Hún er algjör snilld og frelsi fyrir konur, því þær þurfa ekki að vera með eitthvað sem inniheldur bleikiefni á milli lappanna á sér." Soffía segir það ekki einu kosti vörunnar því auk þess að endast í tíu ár og vera umhverfisvæn spilli það ekki fyrir að hægt er að sofa nakin með bikarinn.

Á vefritinu Femin er því lýst hvernig nota eigi bikarinn. Hann taki um þrjátíu millilítra af blóði og er mælt með því að hann sé tæmdur tvisvar til þrisvar á dag.

Bikarinn kemur í tveimur stærðum, annar er ætlaður konum sem ekki hafa eignast börn og hinn fyrir mæðurnar. Hann kallast Keeper á ensku og er unninn úr náttúrulegu gúmmíi. Ekki þarf að fella gúmmítréð til að vinna hann, heldur er gúmmíinu tappað af trénu, ólíkt því sem gerist þegar unninn er pappír.



Bikarinn kostar 5.900 krónur.

# ÚTSALA Á ÖLLUM VÖRUM!

## 30-60% AFSLÁTTUR

**12.-14.** janúar verður útsala í öllum verslunum Bílanausts

Allar verslanir opnar **10-14** á laugardag í tilefni útsölunnar!

Bílanaust

**535 9000**

bilanaust.is

**Smiðjuvegur 4a** • Kópavogur **535-9100**

**Bildshöfði 9** • Reykjavík **535 9000**

**Dalshrauni 17** • Hafnarfjörður **555-4800**

**Hafnargata 90** • Keflavík **421-7510**

**Álaugarvegi 2** • Höfn **478-1490**

**Lyngási 13** • Egilsstaðir **471-1244**

**Dalsbraut 1** • Akureyri **461-5522**

**Hrísmýri 7** • Selfoss **482-4200**

2187 / Taktik 11.1.06


PRÚTTDAGAR
dagana 12.–15. janúar
„A special price
only for you my friend“
Dæmi um bíla til sölu:
Subaru Impreza 2004
Ásett verð: 1.700.000 kr.
Prúttverð: 1.452.000?
MMC Galant V6 2002
vél 3000 cc sjálfskiptur
Ásett verð: 1.950.000 kr.
Prúttverð: 1.582.000?
Nissan Terrano II SE 1998
vél 2700 cc 5 gíra
Ásett verð: 1.190.000 kr.
Prúttverð: 838.000?
Komdu og prúttaðu verðið niður
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30897 01/2006
SP-FJÁRMÖGNUN
Aðeins 10% útborgun og
allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum af völdum bílum.




Afgreiðslutími: Fimmtudag og föstudag kl. 10-22 og laugardag og sunnudag kl. 11-18.

TOPPBÍLAR
bílasala

Nýja bílasölusvæðinu, Kletthálsi 2, sími 5872000, www.toppbilar.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Mikil viðbrögð vegna Ísafjarðarfréttar DV

## Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Forsíðufrétt DV á þriðjudaginn um lögreglurannsókn á meintu kynferðisafbroti manns um sextugt á Ísafirði gagnvart piltum og sjálfsvíg hans daginn eftir, hefur að vonum vakið mikil og sterk viðbrögð í þjóðfélaginu. Fólk tengir þetta tvennt saman og sumir hafa haft uppi stór orð vegna þessa. Á einangruðum stað eins og Ísafirði, þar sem næstum allir þekkja alla, vekur þetta líka sterkari viðbrögð, en ef málið ætti rætur á höfuðborgarsvæðinu. Þarna var líka um að ræða mjög þekktan einstakling á Ísafirði sem hafði sett svip sinn á mannlífið þar.

*Blaðamenn eru stöðugt að velja og hafna í miðla sína, kanna mál og leita eftir mismunandi sjónarmiðum til að lesendur, áhorfendur og áheyrendur geti svo myndað sér skoðun á einstökum málum. Blaðamenn DV segjast vera sannleiksleitandi og ekki hlífa neinum, en stundum þurfa menn að athuga sinn gang og fara vandlega yfir hvað skuli birt og hvað ekki.*

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fréttaflutningur og uppsláttur DV veldur umtali í þjóðfélaginu og háværar raddir fordæma hann, en viðbrögðin hafa líklega aldrei verið meiri en nú, sem hlýtur að vera forráðamönnum blaðsins umhugsunarefni.

Blaðamenn eru stöðugt að velja og hafna í miðla sína, kanna mál og leita eftir mismunadi sjónarmiðum til þess að lesendur, áhorfendur og áheyrendur geti svo myndað sér skoðun á einstökum málum. Blaðamenn DV segjast vera sannleiksleitandi og ekki hlífa neinum, en stundum þurfa menn að athuga sinn gang og fara vandlega yfir hvað skuli birt og hvað ekki. Ábyrgð blaðamanna er því mikil gagnvart samfélaginu. Það fylgir því líka ábyrgð að birta ekki ákveðna hluti og koma þannig í veg fyrir að þeir komist til almennra borgara úti í þjóðfélaginu. Aðgát skal höfð í nærveru sálar, stendur einhvers staðar, og það á við í þessu tilfelli eins og svo oft áður.

Tilkoma netsins hefur breytt ýmsu varðandi fjölmiðlun, ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim, þar sem netið á annað borð fær að vera í friði fyrir stjórnvöldum. Viðbrögðin hér á netinu hafa heldur ekki látið á sér standa, því þar hafa ótalmargir lagt orð í belg í tilefni af þessu máli. Þar er ýmist um að ræða nafnlausa pistla eða að menn skrifa undir nafni. Þarna gilda engar ritstjórnarlegar reglur eins og á fjölmiðlum og getur því næstum hver sem er sagt hvað sem er. Tilkoma netsins hefur orðið til þess að ekkert mál liggur í þagnargildi, heldur þvert á móti skrifa þar margir fremur ábyrgðarlaust, eins og raunin virðist ætla að verða með þetta mál. Það sem fámennur hópur hvíslaðist á um hér áður fyrr er nú aðgengilegt á tölvuskjánum á hverjum vinnustað og heimili landsins. Það er því áleitin spurning hver ber ábyrgð á ýmsum skrifum sem þarna birtast, öfugt við það sem gerist varðandi Ísafjarðarfréttina í DV, því þar geta menn beint spjótum sínum að ákveðnum mönnum sem verða svo að taka afleiðingum af því sem birtist í blaðinu.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Blaðamennska DV**

Miklar umræður hafa orðið á netinu um blaðamennsku DV í kjölfar forsíðufréttarinnar á þriðjudaginn og sjálfsvígsins á Ísafirði sama dag. Eru þeir sem fordæma vinnubrögð blaðsins og ritstjórana, Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, í miklum meirihluta þeirra sem láta í sér heyra. „Hve lengi ætla eigendur DV að láta blaðið veitast að varnarlausu fólki á sinn kostnað?“ spyr Björn Bjarnason. Össur Skarphéðinsson skrifar: „Um hvað skyldi Mikael Torfason, ritstjóri DV, vera að hugsa í kvöld? Skrifar Jónas Kristjánsson leiðara á morgun um hvernig er að leika Guð og vega menn á skálum sannleikans? Senda 365-miðlar blóm og kransa þegar [hinn látni] verður borinn til grafar á Ísafirði í næstu viku? Eða verður allt óbreytt á vígstöðvunum?“



**Manndráp**

Þriðji þingmaðurinn, Hjálmar Árnason, skrifar: „Í dag [gekk DV] endanlega fyrir björg. Ég tek undir með þeim sem fullyrða að blaðið hafi drepið mann - í bókstaflegri merkingu þess orðs. Myndbirting á forsíðu af GRUNUÐUM manni með viðeigandi fullyrðingum reyndist að þessu sinni vera dauðadómur án réttarmeðferðar eða laga. DV fór yfir strikið og ekki einasta greip til mannorðsmorðs heldur morðs í eiginlegri merkingu. Og það er stórt orð en ekki verður séð annað en full innistæða sé þar að baki. Þyngra er en tárum taki að lýsa samúð með ástvinum hins myrta. Þeirra skaði verður aldrei bættur.“

**Eigendur**

Egill Helgason beinir sjónum að eigendum DV, Segir hann að þeir þurfi alvarlega að hugsa sinn gang. „Það eru ekki bara hinar ósæmilegu nafnbirtingar sem eru komnar út fyrir allan þjófabálk – oft er verið að slá upp fréttum af fólki sem er beinlínis veikt, fyrir utan þá sem engin sekt hefur verið sönnuð á – heldur er líka einhver hallærislegur meinfýsistónn í blaðinu, hefði máski einhvern tíma verið kenndur við níhilisma. Það er hlakkað yfir óförum annarra, eins og lífið sé andstyggilegur sirkus – til hvers þurfti til dæmis að segja að viðfangsefni forsíðunnar í dag væri „einhentur“? Útgáfa DV í núverandi mynd mun ekki ganga til lengdar, enda gengur blaðið til dæmis mun lengra en hliðstæð blöð á Norðurlöndunum. Nú er tími til að nema staðar, breyta stefnunni eða leggja niður blaðið“.

**gm@frettabladid.is**

## Djöflaeyjan: Næsti bær við

Í DAG
JÓNSBÓK EINARS KÁRASONAR



ÞORVALDUR GYLFASON

*Jónsbók vekur áleitnar grunsemdir um það, að e.t.v. hafi öðrum fyrirtækjum Sjálfstæðisflokksins ekki heldur verið ætlað að skila arði, ekki frekar en Stöð 2 (eða Sambandi íslenzkra samvinnufélaga), og því þurfi enginn að furða sig á örlögum Kolkrabbans, sem er nú ekki nema svipur hjá sjón.*

Jónsbók Einars Kárasonar markar vatnaskil í íslenzkum bókmenntum. Bókin býður lesandanum inn í völundarhús íslenzks viðskiptalífs, leiðir hann þar sal úr sal og leyfir honum að heyra sumt af því, sem þar var sagt og gert á lokuðum fundum. Aðrar þjóðir eiga slíkar bækur, en ekki við Íslendingar – ekki fyrr en nú.

Í skjóli þessarar þurrðar hafa þögn og myrkur umlukið ýmis atvik viðskiptalífsins fyrr og nú og byrgt þjóðinni sýn og ruglað hana í ríminu. Menn hafa látið sér duga að hvískra um ýmislegt af því, sem Einar Kárason dregur nú fram í dagsljósið, svo að allir megi sjá og skilja og skemmta sér. Galdur höfundarins er að hafa gefið sér tíma til að hlusta á mikinn fjölda manna og raða frásögnum þeirra saman, svo að úr verður heilleg mynd og listileg. Hann gengur að sönnu vel undirbúinn til verksins, með Djöflaeyjuna og fleiri góðar bækur í farangrinum.

Og hvílík mynd! Þarna er m.a. að finna nákvæmar lýsingar á því, hvernig nafngreindir stjórnarmenn Stöðvar 2, nátengdir Sjálfstæðisflokknum, reyndu að reka stöðina sem flokksstöð án þess að skeyta um hag hluthafanna. Flokkurinn reyndi að troða óhæfum flokkserindreka inn á stöðina sem sjónvarpsstjóra og kría út afslætti af auglýsingum umfram aðra viðskiptavini. Þeir litu á það sem köllun sína að mjólka einkastöðina fyrir Flokkinn. Sérstaða Jóns Ólafssonar fólst m.a. í því, að hann neitaði að verða við slíkum tilmælum, því að hann skildi, að viðskipti og stjórnmál eru vond blanda. (Samt hafði hann verið gjaldkeri í landsmálafélaginu Verði og komið til álita sem varaformaður félagsins, en það tókst ekki.) Stjórnarmönnunum, sem hugsuðu frekar um Flokkinn en stöðina, var á endanum skákað til hliðar eins og nauðsyn bar til. Þannig varð Jón Ólafsson að fjölmiðlarisa: flokkserindrekarnir gátu sjálfum sér um kennt.

Jónsbók vekur áleitnar grunsemdir um það, að e.t.v. hafi öðrum fyrirtækjum Sjálfstæðisflokksins ekki heldur verið ætlað að skila arði, ekki frekar en Stöð 2 (eða Sambandi íslenzkra samvinnufélaga), og því þurfi enginn að furða sig á örlögum Kolkrabbans, sem er nú ekki nema svipur hjá sjón. Hann fór sömu leið og Sambandið og Sovétríkin – sumpart af sömu ástæðum.

Einar Kárason segir einnig í bókinni frá fundi, þar sem Jón Ólafsson og Kjartan Gunnarsson, gullkistuvörður Sjálfstæðisflokksins, voru leiddir saman við fjórða mann til að leita sátta (!) milli Stöðvar 2 og Sjálfstæðisflokksins. Ein sáttatillagan fólst í því, að stöðin skyldi kaupa langa þáttaröð um samtímasögu af einum flokkserindrekanum. Ekki fannst Jóni það vera árennileg uppástunga, enda var efnisval handa stöðinni ekki í hans verkahring; röðin var þá seld ríkissjónvarpinu, engin fyrirstaða þar. Kaupverðið hefur ekki enn verið gefið upp þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, þótt um opinbert fé sé að tefla.

Og þannig raðar Einar Kárason sögunum af virðingarmönnum Sjálfstæðisflokksins að verki eins og kögglum á band, svo að úr verður fín lesning og fræðandi handa þeim, sem hafa ekki hingað til hirt um kynna sér þennan þátt viðskipta- og stjórnmálasögu landsins síðustu ár. Þessum þætti þjóðarsögunnar hafa ekki áður verið gerð svo góð skil á bók, þótt grein og grein hafi birzt í blöðunum um ýmsa anga sögunnar. Jónsbók bregður skírari og betri birtu á skuggahliðar Sjálfstæðisflokksins en margir árgangar Morgunblaðsins.

Ég hnaut um tvær villur í bókinni, en þær eru sakleysið sjálft: þar eru höfð eftir Nixon Bandaríkjaforseta ummæli, sem Johnson fyrirrennari hans lét falla um J. Edgar Hoover alríkislögreglustjóra, og Brennið þið vitar eftir Pál Ísólfsson eru eignaðir Sigvalda Kaldalóns. Sagan er að mestu leyti sögð í tímaröð, svo að tíminn ræður rás atburðanna í frásögninni, en það kemur ekki að sök hér, finnst mér, því að framvindan er eigi að síður bæði dramatísk og hröð eins og hún kemur af skepnunni. Jónsbók veitir á heildina litið trúverðuga og upplýsandi innsýn í viðskiptalíf landsmanna síðan árin eftir 1970, þegar frásögn bókarinnar hefst, og hún sviptir hulunni af eindrægum tilburðum yfirgangssamra stjórnmálamanna – sjálfstæðismanna! – og erindreka þeirra til að sölsa undir sig auð og völd, stundum með hótunum. Vonandi líta fleiri bækur af þessu tagi dagsins ljós á næstu árum. Skáld og rithöfundar hafa mikilvægu þjóðþrifahlutverki að gegna í uppeldi og upplýsingu lands og lýðs ekki síður en t.a.m. sagnfræðingar og aðrir fræðimenn.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


hagstæðustu heildarinnkaupin
meira fyrir minna
súpukjötið klikkar ekki!
30%
afsláttur
Fyrsta flokks súpukjöt
frábært að eiga í frystinum!
1.799
kr.kg.
Lausfrystar danskar kjúklingabringur
2,5kg. í poka
þú sparar
561 kr/kg
998
kr.kg
Grísasnitsel
30%
afsláttur við kassa
Grísahakk
BAUTABÚRIÐ
ódýr máltíð
Kjúlli
199
kr.kg
Buffalo kjúklingavængir
ÍSLANDSFUGL
Kjúklingur
30%
afsláttur við kassa
Heill ferskur kjúklingur
HY-TOP
SWEET CORN
28
kr/stk
Hy-Top maískorn
75
kr/pk
Náttúru hrísgrjón
1. kg.
stór pakki
375
kr.ks
Kellogg's Special K
750gr.
ARIEL
99
kr/pk
Ariel þvottaefni
pakkinn
9 rúllur
Festival
50%
afsláttur við kassa
Festival salernispappír
9 rúllur
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 12. -15. janúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

# ÚTSA

## ER Í FULLUM GANG

# 60%

# 50% 40%

**Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup**

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán.

# ALAN

GI

# 70%

## AFSLÁTTUR

# 30%

# 20%

INTERSPORT®

. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 585 7197 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21

# Sögufölsun samtímans?

**UMRÆÐAN**
KJÖR LEIKSKÓLA-
KENNARA



**ELÍN ERNA STEINARSDÓTTIR**

*Auðurinn safnast sem sagt á fárra hendur og þegar borgarstjóri Reykjavíkur reynir að sporna við fótum og leiðrétta laun láglauna kvennastétta, sem búa við það bág kjör að ekki næst að ráða í lausar stöður, fara stórlaxarnir af stað og segja allt fara til fjandans.*

Það hefur löngum verið erfitt að sjá skóginn fyrir trjánum. Á sama hátt er erfitt að sjá nútímann í víðu samhengi og bera hann saman við liðna tíð vegna þess að erfitt er að sjá framhjá þeim trjám sem næst manni standa. Það virðist viðtekin skoðun að lífskjör séu stöðugt að batna og að í landinu sé meiri hagsæld en nokkru sinni fyrr. Skoðum þetta ögn betur. Fyrir hálfri öld síðan byggði föðursystir mín, sem þá var einstæð móðir, tvílyft einbýlishús fyrir kennaralaunin sín. Auk þess gat hún rekið heimili sitt, fætt og klætt sig og barnið sitt. Hver gerði þetta fyrir ein kennaralaun í dag?

Fyrir hálfri öld var reiknað með einni fyrirvinnu á heimili. Fyrir laun þessarar fyrirvinnu var íbúð keypt, hituð upp, oftast með dýrri olíu, rafmagn keypt auk matar og klæða fyrir alla fjölskylduna sem oftast var helmingi stærri en nú gerist og gengur. Auk þess var eldavél, húsgögn og innréttingar keyptar og bílaeign var vaxandi þó hún væri ekki eins almenn og í dag. Ísskápar og sjónvarpstæki voru að koma til sögunnar og var þetta allt borgað með launum einnar fyrirvinnu. Hve stór hluti fjölskyldna gæti í dag eignast íbúð og innbú og jafnframt framfleytt sér með einni fyrirvinnu?

Þá er eftir að nefna vinnustundir á bak við heildartekjur heimilisins. Vinnudagur var oft lengri fyrir hálfri öld en þegar heim var komið var hægt að hvíla lúin bein. Búið var að þvo þvottinn, þrífa húsið, kaupa í matinn og elda hann, hjálpa börnunum með heimanámið og annað tilfallandi í dagsins önn. Í dag er þetta allt eftir þegar heim er komið.

Vissulega er íburðurinn meiri í dag og gerviþarfirnar fleiri en ef önnur fyrirvinna heimilisins gæti keypt íbúð, húsgögn, innréttingar, eldavél, mat og klæði, eða með öðrum orðum gæti dekkað allar grunnþarfir stórrar fjölskyldu, þá ætti að vera hægt að veita sér ýmislegt fyrir laun hinnar fyrirvinnunar, eða hvað?

Í Morgunblaðinu 19. desember, segir Ari Edwald að kaupmáttur lágmarkslauna hafi hækkað um 62,5% frá ársbyrjun 1995 til þriðja ársfjórðungs þessa árs og vitnar þar í launavísitölu Hagstofunnar. Ég efast ekki um að útreikningarnir séu réttir en spyrja má sig hvort forsendur útreikninganna séu það, því samkvæmt þessari staðhæfingu væru lágmarkstekjur í dag 66.461 kr. ef þessi hækkun hefði ekki komið til. Þú lesandi góður, minnist þú slíkra eymdarkjara frá því fyrir tíu árum?



**Á LEIKSKÓLA ER GAMAN** Greinarhöfundur segir leikskólakennara fagna því að ófaglært fólk fái kjarabætur en horfast verði í augu við að arðsemi verður að vera í námi leikskólakennara, annars menntar sig enginn.

Þrátt fyrir þessa tilraun forkólfa atvinnulífsins til að halda fram tölum um almenna hækkun launa er staðreyndin sú að á síðustu árum hefur misskipting launa aukist ógnvænlega hratt, fátæku fólki fjölgar og jafnframt ofsaríku. Auðurinn safnast sem sagt á fárra hendur og þegar borgarstjóri Reykjavíkur reynir að sporna við fótum og leiðrétta laun láglauna kvennastétta sem búa við það bág kjör að ekki næst að ráða í lausar stöður, fara stórlaxarnir af stað og segja allt fara til fjandans. Flestir þiggja þeir örstuttu seinna margfalt meiri hækkun í krónum talið. Ég á eftir að sjá að framkvæmanlegt verði að lækka laun æðstu ráðamanna með lögum, eins og ríkisstjórnarmeirihlutinn hyggst beita sér fyrir. Líklegra er að verið sé að slá ryki í augu almennings og launahækkun Kjaradóms standi. Úti í samfélaginu grasserar siðleysið á sama tíma með ofurlaunum ýmissa stjórnenda fyrirtækja og ekkert lát er á svimandi háum starfslokasamningum. Þeim er ekki haldið niðri með handvirkum hætti eins og gildir um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem hafa þurft að lúta hámarkssamningum þar sem ekki er hægt að yfirborga þótt markaðurinn kalli eftir því.

Að lokum þetta. Ég tek ofan fyrir borgarstjóra Reykjavíkur að láta verkin tala og þora að rugga bátnum. Réttlæti er orð sem dusta má rykið af og græðgi má í staðinn setja ofan í skúffu. Leikskólakennarar fagna því að ófaglært fólk fær kjarabætur, sem sannarlega mættu vera meiri, en horfast verður í augu við þá staðreynd að arðsemi verður að vera í námi leikskólakennara, annars menntar sig enginn. Öll umræða um að leikskólakennarar geti ekki unnt öðru starfsfólki kjarabóta og að konur séu konum verstar er úr lausu lofti gripnar. Myndi iðnmeistari sætta sig við að iðnneminn væri með hærri laun en hann sjálfur? Fólk áttar sig sjálfsagt ekki á því að sambærilegt ástand er í leikskólum borgarinnar núna. Þetta verður að laga strax, annars er hætta á ferðum. Ég trúi því og treysti, að vinnuhópur sá sem borgarstjóri gerði tillögu um, leggi fram réttlátar hugmyndir um leiðréttingu á launum leikskólakennara og að þær hugmyndir fái jákvæða umfjöllun á launamálaráðstefnu sveitarfélaganna 20. janúar nk. Sveitarstjórnarmenn hljóta að sjá að núverandi ástand er óviðunandi.


# TIL FASTEIGNAEIGENDA

FMR

***Fasteignamat ríkisins sendir um þessar mundir tilkynningu um nýtt fasteignamat og brunabótamat sem gildir frá og með 31. desember 2005.***

**FASTEIGNAMAT** skal endurspegla staðgreiðsluverð fasteignar miðað við verðlag fasteigna í nóvembermánuði 2005. Fasteignamat skiptist í húsmat og lóðarmat. Upplýsingar um söluverð fasteigna má finna á vef Fasteignamats ríkisins www.fmr.is/verðsjá fasteigna.

Samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 ákveður yfirfasteignamatsnefnd í nóvembermánuði ár hvert framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá nóvembermánuði fyrra árs. Skráðu matsverði fasteigna er síðan breytt í fasteignaskrá í samræmi við þá stuðla, sem og breytingu á byggingarkostnaði og afskriftir, sbr. reglugerð nr. 406/1978, og það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta árs nema sérstakt endurmat komi til.

Aðili, sem hefur verulega hagsmuni af matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat, getur krafist úrskurðar Fasteignamats ríkisins um matið. Frestur er til **1. apríl 2006** til að óska breytinga á fasteignamati frá 31. desember 2005. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Kæra má úrskurð Fasteignamats ríkisins til yfirfasteignamatsnefndar.

**BRUNABÓTAMAT** er vátryggingarfjárhæð brunatryggingar og skal það taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Brunabótamati skal breytt árlega skv. þeim breytingum sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna næstliðið ár að teknu tilliti til útreiknaðra eða áætlaðra afskrifta vegna sama tímabils. Brunabótamat breytist jafnframt mánaðarlega í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Húseigenda er skylt að brunatryggja húseign sína og ber ábyrgð á því að óska eftir fyrsta brunabótamati. Húseiganda er jafnframt skylt að óska nýs brunabótamats á húseign ef ætla má að verðmæti eignarinnar hafi aukist vegna endurbyggingar eða endurbóta.

*Á heimasíðu Fasteignamats ríkisins **www.fmr.is** má fletta eftir heimilisfangi, fastanúmeri eða landnúmeri upp á fasteignamati og brunabótamati fasteigna.*

515 5300 FASTEIGNAMAT RÍKISINS www.fmr.is

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Borgartúni 21 | Bjarnarbraut 8 | Hafnarstræti 95 | Kaupvangi 6 | Austurvegi 4 |
| 105 Reykjavík | 310 Borgarnes | 600 Akureyri | 700 Egilsstaðir | 800 Selfoss |
| Fax 515 5310 | Fax 515 5480 | Fax 515 5420 | Fax 515 5450 | Fax 515 5460 |
| Netfang fmr@fmr.is | Netfang fmrvest@fmr.is | Netfang fmrnord@fmr.is | Netfang fmraust@fmr.is | Netfang fmrsud@fmr.is |


# Enginn veit hvað átt hefur...

**UMRÆÐAN**
STYTTING
NÁMS TIL
STÚDENTSPRÓFS



**MAJA LOEBELL**

Hvert er meinið mikla sem nú á að bæta með niðurskurði í íslenska skólakerfinu? Hver eru rökin fyrir niðurskurði um eitt ár og lengingu skólaárs þannig að sumarleyfi styttist og þar með skerðast óumdeilanlega möguleikar á sumarvinnu? Rökin eru þau að skólakerfi séu öðruvísi annars staðar.

Já, þau eru það og árangurinn sömuleiðis: „Verndaðir“ einstaklingar, sem aldrei hafa kynnst öðru en skólabekknum, ungt fólk sem er ekki eins þroskað og sjálfstætt og íslensku ungmennin sem við erum svo vön að umgangast. Ég er þýsk að uppruna og hef kynnst því af eigin raun hvernig það er að alast upp í vernduðu skólaumhverfi til 19 ára aldurs og kynnast ekki raunverulegu atvinnulífi á skólaárunum en þurfa síðan að taka heljarstökk í fullorðinstilveru. Aðeins sá sem ekki veit getur talið það „betri leið“ en íslenska skólakerfið býður upp á í dag.

Vissulega þarf að endurskoða íslenska skólakerfið að ýmsu leyti. En ungmenni landsins hafa hingað til fengið árin til tvítugs til að þroskast og undirbúa sig undir sjálfstætt nám í háskóla. Stúdentar héðan treysta sér í nám hvar sem er í heiminum og standa sig vel. Íslenskt stúdentspróf er viðurkenndur lykill að háskólum um víða veröld og íslenskir stúdentar þurfa ekki að setjast í fornám. Þeir standa betur að vígi bæði varðandi persónulegan þroska og námsundirbúning en aðrir. Mér finnst sorglegt að horfa upp á það að stjórnendur menntamála hér á landi virðast ekki vita hvað við eigum.

*Höfundur er framhaldsskólakennari.*

Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 11.01 13.36 16.11
Akureyri 11.08 13.21 15.34
Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

heilsa o.fl.
**AFEITRUN**
Námskeið í Reykholti
BLS. 8

heimili o.fl.
**THAISHOP**
Handunnar gjafavörur
BLS. 6

tíska o.fl.
**VORTÍSKAN**
Hvað kemst í tísku
BLS. 2

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagurinn 12. janúar, 12. dagur ársins 2006.**




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Ásgerður Júníusdóttir í dumbrauða kjólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Carmen og dumbrauði kjóllinn

***Ásgerður Júníusdóttir óperusöngkona útskrifaðist frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1994 íklædd dumbrauðum flauelskjól.***

„Flauelskjóllinn hefur verið í miklu uppáhaldi hjá mér síðan Sigurjón maðurinn minn gaf mér hann í afmælisgjöf árið 1991,“ segir Ásgerður Júníusdóttir óperusöngkona. „Þetta er mér sérstaklega minnisstæð afmælisgjöf bæði sökum þess að mikil viðhöfn var þegar hann afhenti mér kjólinn, auk þess sem þetta var fyrsta afmælisgjöfin sem ég fékk frá honum.“

Kjólinn keypti Sigurjón í New York þegar hann var á tónleikaferðalagi með Sykurmolunum sálugu og þar sem Ásgerður var ekki með í för þá var Magga Örnólfs tónlistarkona og þá meðlimur Molanna látin máta kjólinn. „Svo heppilega vildi til að við vorum ekki svo ósvipaðar í vexti og kjóllinn smellpassaði,“ segir Ásgerður.

Eftir að Ásgerður útskrifaðist frá Söngskólanum lá leiðin til London í frekara nám og síðan hefur hún fengist við ýmiss konar ólík og spennandi störf í kring um sönginn, og um þessar mundir tekst hún á við sitt stærsta sönghlutverk til þessa, en hún leikur sjálfa Carmen í samnefndum söngleik sem frumsýnd verður í Borgarleikhúsinu 14. janúar. „Þetta er búið að vera afskaplega skemmtilegt, óperan Carmen er náttúrulega klassík en hér eru farnar nýjar leiðir sem eru mjög spennandi. Það er líka virkilega gaman að takast á við eitthvað nýtt og svona ólíkt nútímatónlistinni sem ég hef að mestu fengist við hingað til,“ segir Ásgerður.

Frumsýningarfiðringur er farinn að gera vart við sig hjá söngkonunni og hún segir það bara alls ekki ólíklegt að Carmen bregði sér í dumbrauða kjólinn að frumsýningu lokinni. ■

## Auður Austurlands á listasýningu

SÝNINGIN „AUÐUR AUSTURLANDS“ VERÐUR OPNUÐ Í HÚSNÆÐI JÖKLASÝNINGARINNAR Á HÖFN Í HORNAFIRÐI Í DAG, FIMMTUDAG.

Handverk og hönnun, Menningarráð Austurlands með stuðningi Þróunarfélags Austurlands og Markaðsstofu Austurlands standa að sýningunni Auði Austurlands. Sýndir verða fjölbreyttir munir unnir úr hráefni sem tengist Austurlandi, meðal annars úr hreindýraskinni, hreindýrshorni og beini, lerki og líparíti.



Sýningin var áður sett upp í tengslum við Daga myrkurs á Egilsstöðum í nóvember síðastliðnum og gekk hún vonum framar. Að þessu sinni mun sýningin aðeins standa yfir þessa einu helgi, það er fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag. Opið verður frá klukkan 14 til 17 nema í dag, en þá verður sýningin opnuð klukkan 16.10.

Sýndir verða munir frá tuttugu og sex aðilum og gert er ráð fyrir að sýningin verði sett upp á fleiri stöðum á landinu á næstu mánuðum. Þannig að fleiri en bara Austfirðingar ættu að geta notið þessarar áhugaverðu sýningar um auð landsfjórðungsins.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]**

**Hjálpartækjamiðstöð TR** hefur ákveðið að koma til móts við þarfir fólks með því að hafa stöðina opna til klukkan fimm á fimmtudögum. Með þessu er reynt að koma til móts við þá sem eiga erfitt með að sækja eða koma með hjálpartæki á hefðbundnum afgreiðslutíma. Um tilraun er að ræða en í vor verður skoðað hvort framhald verður á þessari auknu þjónustu.

**Sumartískan** heldur nú innreið sína. Það sem ber hvað hæst er útlitið frá sjöunda áratugnum, þykkbotna hælaskór og allar líkur eru á að slönguskinnið verði aftur vinsælt. Stórar og fyrirferðarmiklar töskur eru nú framleiddar í stórum stíl og í sumar verður einnig hægt að fá sérsniðnar töskur utan um farsímann og i-podinn. Þeir sem fara á útsölurnar núna ættu að hafa þetta í huga þegar þeir kíkja inn í verslanirnar.



**Farsóttafréttir** voru gefnar út í fyrsta sinn í vikunni. Í þessu fyrsta tölublaði er greint frá tölum um nýgengi HIV-smits, skýrt frá því að hettusóttarfaraldurinn virðist vera í rénun og fjallað um góðan árangur bólusetningar gegn meningókokkum C sem hófst haustið 2002. Farsóttafréttir má nálgast á vef Landlæknisembættisins.

**www.huseigandafelagid.is** er heimsasíða sem allir íbúða- og fasteignaeigendur ættu að skoða og kynna sér vel efni vefsins. Þar má finna ýmsar upplýsingar sem varða réttindi fasteignaeigenda, lög um fjölbýli, hægt er að fá ráðgjöf og einnig er stórt og mikið tenglasafn á síðunni sem ætti að nýtast vel.

ÚTSALAN HEFST Í DAG KL.10








40%
15%
60%
25%
50%
30%

Nýtt kortatímabil
15% afsláttur af nýjum vörum*
Opið allar helgar
*Öllum nema pöntunarvöru

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun. 13-16
www.unika.is

**Útsölur** eru nú í fullum gangi. Eftir fjöruga byrjun hefur atgangurinn minnkað og nú er um að gera að bíða örlítið því oftast er veittur aukaafsláttur á síðustu dögunum.





Útsalan í fullum gangi

20 - 50% afsláttur

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217










**LÍTIL NEKT** Það er ekki viðeigandi þetta vorið að sýna of mikið af beru holdi. Einkum á það við um efri hlutann og ná blússurnar margar hverjar upp í háls. Vorlínan frá Peter Som.
NORDICPHOTOS / GETTY IMAGES



**SJÓLIÐARENDUR** Nú hafa rendurnar sporðreist og eru orðnar að þverrönd-um. Svarti liturinn hefur verið látinn víkja fyrir hinum bláa og rendurnar eru bláar, hvítar og rauðar. Sýning frá Sass & Bide.



**LJÓSIR LITATÓNAR** Svartur var vinsælasti liturinn í vetur en í vor eru það ljósu litirnir sem verða allsráðandi. Beinhvítur, ljósbleikur, ljósbrúnn og ljósgrár eru dæmi um komandi liti. Gráar og beinhvítar flíkur frá Proenza Schouler.

# Kvenleikinn í fyrirrúmi

***Ljósir litir verða áberandi á komandi vori. Línurnar eru kvenlegar og slaufur vinsælar.***

Vissar áherslubreytingar verða reglulega í tískunni. Nú fer vorið að ganga í garð og þá er um að gera að vita hvað er vinsælt. Síðastliðið haust héldu helstu hönnuðir sýningu á vorlínunni 2006 og þar mátti sjá að sumt var meira áberandi en annað. Hér má sjá nokkur dæmi um vortískuna.



**HATTAR OG HÖFUÐSKRAUT** Hattatískan heldur áfram ásamt ýmiss konar höfuðskrauti. Þar má nefna skipstjórahúfur, slæður bundnar um höfuðið, hárbönd, svarta hatta og stórar rósir í hárinu. Hattur á sýningu Marcs Jacobs.



**KVENLEIKI** Línurnar eru afar kvenlegar þetta vorið. Mjaðmir, mitti og bjóst eru dregin fram og oft er belti í mittið. Tískan minnir á sjöunda áratuginn þar sem fágun og sakleysi eru í fyrirrúmi. Kvenlegur klæðnaður frá Carmen Marc Valvo.



**AÐSNIÐIN PILS** Pilsin eru nú þrengri að neðan og eru aðsniðin. Mjaðmirnar eru dregnar fram í dagsljósið og kvenleikinn í fyrirrúmi. Sýning hjá Donnu Karan.



**SLAUFUR** Mikið er um að flíkurnar séu skreyttar með slaufum, oft mjög stórum. Þær eru settar á beltið, á barminn eða hengdar um hálsinn. Vorlínan frá Oscari De La Renta.



**DÖKKAR GALLABUXUR** Það þykir ekki lengur flott að vera í snjáðum og rifnum gallabuxum. Fatnaðurinn á að vera snyrtilegur og óaðfinnanlegur. Fyrirsæta í gallabuxum frá Diesel.



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Tíska í gengisfellingu

Þá er það hinn árlegi fagnaður þeirra sem eru með kaupæði, vetrarútsölurnar. Þær hófust hér í París í gær samkvæmt ákvörðun sýslumanns, en óheimilt er að hafa útsölur á öðrum tímum en yfirvöld ákveða. Oftast standa þær yfir í fjórar til sex vikur eftir því sem að kaupmönnum tekst að semja um við yfirvöld. Sumir vilja hafa útsölur sem lengst en hinir sem hafa gert það gott á yfirstandandi árstíð vilja heldur að þær standi stutt svo hægt sé að einbeita sér að nýju tískunni sem frá því fyrir jól er farin að koma í búðir.

Það er þó líklegt að talsvert sé af varningi sem fæst með góðum afslætti að þessu sinni þar sem vetur kom hér ansi seint þó að nú þegar hafi snjóað nokkrum sinnum í París. Þetta hefur mikil áhrif á innkaup og í raun hægt að bíða eftir því að uppáhaldskápan eða dúnúlpan sem vantar verði seld á hálfvirði, svo milt var haustið. Fínu tískuhúsin eiga alltaf svolítið erfitt með sig í kringum útsölurnar. Opinberlega vilja þau helst ekki hafa neinar útsölur því það er ákveðin gengisfelling að selja dýra hönnun á útsöluverði. Fín handtaska sem hefur kostað sjö hundruð evrur er nú allt í einu látin gossa á þrjú hundruð og fimmtíu eða dragt á tvö þúsund evrur verður skyndilega ekki nema þúsund evra virði. Á sama tíma vilja tískuhúsin gjarnan fá sinn hluta af útsöluágóðanum svo að sölutölur í janúar verði góðar. Þess vegna er vor- og sumartískan víða komin í útstillingarglugga fínu tískuhúsanna þó svo að útsölur séu það sem viðskiptavinir hafi mestan áhuga á í upphafi nýs árs. Þannig fellur ekki á ímynd tískuhússins, en oft þarf að fara innst inn í búðirnar til að finna það sem er á útsölu, svo mikið er verið að pukrast með gengisfellinguna á lúxusvörunni. Reyndar segir starfsfólk að það sé allt annar viðskiptahópur sem kemur á útsölur.

Það er hins vegar staðreynd að útsölur eru það sem er næstmikilvægast í rekstri jafnt venjulegra verslana sem og tískuhúsa. Tveir fyrstu mánuðirnir í sumar- og vetrartískunni eru mikilvægasti tíminn hjá flestum sem stunda verslun, þegar góðir viðskiptavinir koma og kaupa það sem þeim þykir áhugaverðast í hverri „collection“, þar á eftir koma útsölurnar. Útsölurnar eru jafnvel mikilvægari hjá tískuhúsunum en jólaverslunin. Svo eru það einkaútsölurnar. Sumir hafa þegar lokið þeim en aðrir bjóða góðum viðskiptavinum að koma rétt fyrir opinberar útsölur því einkasölurnar eru ekki löglegar ef orðið útsala er notað.



PXR-5 úrin þykja afar stílhrein.

# Þykkar nælonólar

***PXR-5 úrin eftir Michael Young fást nú á Íslandi.***

Margir kannast við iðnhönnuðinn Michael Young sem hefur með ýmsum hætti tengst Íslandi og Íslendingum. Hann var búsettur hér á landi um hríð og kenndi meðal annars við Listaháskólann, og fyrir nokkrum árum hannaði hann skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur.

Michael Young hefur sýnt og selt hönnun sína út um allan heim og er talinn einn af framsæknustu ungu iðnhönnuðum í heiminum í dag. Ýmis húsgögn og muni eftir Michael Young má finna í versluninni Epal og það nýjasta þar eru PXR-5 úrin sem hann hannaði árið 2004.

Þessi úr eru í stærri kantinum og henta því vel fyrir karlmenn. Margar konur eru þó fyrir stór úr og PXR-5 er því tilvalið fyrir þær.

Formið er stílhreint og ólin er úr einföldum þykkum nælonborða svo verðið er viðráðanlegt en úrið kostar 6.800 krónur og er til í öllum regnbogans litum. ■

Fáðu þínar eigin neglur sterkari
með Trind Naglastyrkinu.

Nú kaupauki 4,5 ml nail balsam fylgir

TRIND
ALLTAF NO. 1
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.



Elizabeth Arden



Gjöfin þín með Visible Difference 75 ml kremi er;

2 in 1 Cleanser 50 ml
Good morning Serum 4,7 ml
Falleg snyrtibudda

Fleiri glæsileg tilboð frá Elisabeth Arden í verslunum Hagkaupa. Komið og fáið ráðgjöf, við rakamælum húðina í Kringlunni og Smáralindinni.

Kynning í Snyrtivörudeildum Hagkaupa
Kringlunni, Smáralind, Skeifu, og Spöng
Fimmtudag, föstudag og laugardag

ÚTSALA

Whistles
LONDON

50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

KRINGLUNNI • S. 517 5790 NÝTT KORTATÍMABIL

Útsala!
enn meiri verðlækkun
Flottur fatnaður frá kr. 350.-
Leikföng, ljós, verkfæri, gjafavara, skartgripir, fæðubótarefni ofl. ofl.
Snyrtivara 2 fyrir 1
Nýtt vísatímabil
BM B.MAGNÚSSON HF.
Austurhrauni 3, Gbæ/KAYS
www.bmagnusson.is
Opið 10-18 og lau 11-14

Útsalan í fullum gangi
Nýtt kortatímabil
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
EURO SKO
Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420









Jakkafötin frá Bogart Mix and Match eru til teinótt og svört en líka brún og aðeins riffluð.

Gallabuxur fást með margs konar sniði og af öllum gerðum.

Skyrta frá Pierre Cardin, stór í sniðum.

Vans-skór sem verslunin flytur inn.

Ldale stutterma bolur á stráka á öllum aldri.

Stórir menn þurfa sumir extra löng bindi.

Ein af sportlega línunum heitir Animal og í henni eru bæði bolir og buxur.

# Miklir menn eru flottir

***Það er ekki alltaf auðvelt fyrir stóra menn að finna á sig föt. Þeir sem finna verslunina High and Mighty - Miklir menn í Hlíðasmára 13 í Kópvogi eru þó hólpnir.***

Verslunin High and Mighty - Miklir menn selur alls konar föt í yfirstærðum, hvort sem menn eru miklir á þverveginn eða langveginn. Verslunarstjórinn Guðmundur Kárason er sjálfur vel að manni og þekkir því það vandamál frá fornu fari að hafa takmarkað úrval að velja úr í venjulegum fatabúðum. Hann segir viðskiptavinina vera frá 17 ára aldri og upp úr, en hann hefur margs konar föt á boðstólum, bæði sportleg og fínni og yngri strákar fá líka á sig boli. Jakkafötin eru í stærðunum 58-73 en algengustu fötin í öðrum herrafataverslunum eru í stærðum 52-54-56 og fara kannski upp í 60-62. Hjá High and Mighty - Miklum mönnum er líka tekið tillit til margvíslegs vaxtarlags og hægt er að blanda öllu saman því eins og Guðmundur segir réttilega: „Menn eru svo mismunandi í laginu.“

Extra síðu skyrturnar hjá Guðmundi eru með 75 cm löngum ermum, en á venjulegum skyrtum eru þær oftast í kringum 62 cm og gallabuxur fást í king size, allt upp í 1.70 – 1.80 cm í mittið. Þá fást buxur sem eru 40 tommur á sídd og ætlaðar þeim sem eru um 2,20 m á hæð og um 100 kíló að þyngd. En þar sem Íslendingar eru almennt ekki svona vaxnir er Guðmundur spurður hvort markaðurinn sé ekki of lítill. „Nei, það eru fleiri en þeir allra feitustu og stærstu sem versla hér, til dæmis er algengt að menn kaupi sér gallabuxur nr. 40 því aðrar verslanir hætta oft í 38,“ svarar hann. (40 samsvarar 56-58). Hann tekur líka fram að High and Mighty sé verslunarkeðja sem dreifð er víða um lönd og því ekki um sérsaum að ræða fyrir íslenskan markað.

birta
Alltaf á Föstudögum

## Eðal ilmur frá Burberry

BURBERRY BRIT GOLD

Nú er komið á markað nýtt ilmvatn frá Burberry sem ber heitið Burberry Brit Gold. Takmarkað magn verður framleitt og því er um að gera að tryggja sér tímanlega flösku af þessu dýrðlega ilmvatni. Það fæst í tveimur flöskustærðum, annars vegar 50 ml og hins vegar 100 ml.



Burberry Brit Gold er í glæsilegri flösku.



Sumar tískuvöruverslanir og framleiðendur hafa breytt húsbílum eins og þessum í verslun á hjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tískuverslanir í húsbílum

***Ýmsir aðilar innan tískugeirans hafa brugðið á það ráð að keyra um á húsbílum og selja vörur sínar beint úr þeim.***

Á síðasta ári hóf tískuvöruverslunin Caravan starfsemi sína í New York. Verslunin er í húsbíl sem ekið er milli hverfa og þar er seldur fjölbreyttur tískufatnaður fyrir konur og karla, auk þess sem hægt er að bóka bílinn í einkaverslunarveislu.

Levi's fyrirtækið hefur einnig haft þennan hátt á við sölu á ódýrum gallabuxum fyrir námsmenn. Þetta þema Levi's má sjá í auglýsingum fyrirtækisins sem sést hafa hér á landi að undanförnu.

Ýmsir tískugúrúar spá því að einhver framleiðandinn muni jafnvel kaupa einn af hinum þekktu strætisvögnum Lundúna, sem nú eru til sölu, og því er vel hugsanlegt að tískuverslanir í strætisvögnum og húsbílum verði ný tískubylgja á árinu sem nú er nýhafið.



Philip Treacy er einn þekktasti hattahönnuður Bretlands en hefur nú verið fenginn til liðs við íþróttvörurisann Umbro.

# Hattahönnuður til liðs við íþróttavörumerki

***Philip Treacy hefur verið fenginn til að hanna íþróttafatnað fyrir Umbro.***

Treacy þessi er einn þekktasti hönnuður fínna og frumlegra hatta sem mikil hefð er fyrir í Bretlandi. Treacy var hins vegar ekki fenginn til Umbro til þess að gera hatta fyrir þetta stóra íþróttuvörumerki frá Manchester heldur mun hann hanna skó og annan fatnað fyrir karla og konur. Treacy gerði þriggja ára samning við fyrirtækið, en að sögn stjórnenda hjá Umbro á að byggja upp sterka línu hægt og þétt. Áður hafði Umbro einnig samið við tískuvöruhönnuðinn Kim Jones. Að undanförnu hafa fleiri og fleiri íþróttavörumerki fengið til sín þekkta hönnuði til þess að vinna að nýjum línum fyrir þessi merki. Má þar meðal annars nefna Stellu McCartney sem er hjá Adidas og Alexander McQueen hjá Puma. Þá er bara að bíða og sjá hvað önnur stór íþróttavörumerki á borð við Nike og Reebook gera.

ÚTSALAN
ER HAFIN
40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
NÝTT KORTATÍMABIL



InWear Matinique Part Two Saint Tropez SOAKED
COMPANYS
Kringlunni s.512 1766

allt tilboð
Alla föstudaga




enn meiri verðlækkun
50% afsláttur
af öllum vörum
Nýtt kortatímabil
SAND WOMAN
SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

**Blómavasar** eru góð eign enda afskorin blóm til mikillar prýði á hverju heimili. Fallega hannaðir vasar eru einnig stofustáss einir og sér.




















Rattana talar íslensku enda hefur hún búið hér á landi í nokkur ár.

# Handunnið og náttúrulegt skraut á heimilið

***Ný verslun hefur skotið upp kollinum við gula götu að Smiðjuvegi 11 í Kópavogi. Hún heitir ThaiShop og selur handunnar gjafavörur úr náttúrulegum efnum.***

Margt nýstárlegt ber fyrir augu í versluninni ThaiShop. Þar eru ljósaseríur skreyttar púpum silkifiðrildisins, handunnir baðmullardúkar og dreglar, myndarlegir vasar úr mangótré og máluð strútsegg. Auk þess fæst þar matvara og skartgripir. Eigendur verslunarinnar eru hjónin Rattana Porn Kandong og Kristmann Þór Einarsson sem taka vel á móti viðskiptavinum og fræða þá fúslega um varninginn sem er á margan hátt forvitnilegur. Egg strúta og gæsa eru þar til dæmis fóðruð og skreytt og ljósaseríur og greinar með rósablöðum vekja athygli. Að sögn þeirra Rattana og Kristmanns er ljósavöndur með púpum silkifiðrildisins það vinsælasta hingað til og hafa þau varla haft undan að panta þessa gersemi austan úr Asíu.



Hér hefur mikil vinna verið lögð í eitt strútsegggið.



Strútseggin eru skreytt með ýmsu móti og það kann Rattana sjálf að gera.



Greinar með seríum úr púpum silkifiðrildisins eru eitt það vinsælasta í ThaiShop.



Vasar úr mangótré eru til í ýmsum stærðum og með margs konar munstri. Þeir kosta frá 2.900 til 7.500 kr.



Seríurnar eru skreyttar lituðum rósablöðum.



Rómantískt ljós.



Gæsaeggin eru bæði skartgripaskrín og skraut.



Handofnir renningar og munnþurrkur.



Hægt er að fá bæði seríur og greinar með ljósum.



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

## Að skilja pottaplöntur er leiðin til árangurs



Pottaplöntur eru ekki allar af sama tagi. Þeim er skipt í nokkra hópa eftir uppruna og eiginleikum. Í grófum dráttum má segja að aðalflokkarnir séu þrír: Í fyrsta lagi „grænar plöntur“, í öðru lagi „blómstrandi plöntur“ og í þriðja lagi „kaktusar og þykkblöðungar“. Hverjum flokki er svo hægt að skipta nánar niður í marga undirflokka eftir áferð og eiginleikum, uppruna, ræktunarkröfum og notkunarmöguleikum. En ég hleyp yfir það hér. Meginatriðið er að festa sér í minni og reyna að skilja hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til að þær haldist við inni hjá okkur og skili því sem við ætlumst til af þeim.

**Grænar pottaplöntur**

Í þennan hóp skipast obbinn af þeim plöntum sem við ræktum fyrst og fremst vegna laufskrúðsins. Flestar koma þær frá svæðum sem liggja um 10-30 breiddargráðum norðan eða sunnan við miðbaug. Þar gætir árstíða lítið hvað varðar hita og daglengd en úrkoma getur skipst í regn- eða þurrkatímabil og næturhitinn er yfirleitt nokkrum gráðum lægri en dagshitinn. Þessar plöntur koma líka oftast úr jaðri skógarins eða úr laufþekju hans og hafa þróast við takmarkað birtuframboð sem þar ríkir, rétt eins og inni í híbýlum okkar. Þess vegna láta þær sér vel lynda að standa inni í stofum hjá okkur árið um kring. Í þennan flokk falla pálmar, drekaliljur, fíkusar og fleiri tegundir sem við notum sem „stofutré“, það er að segja plöntur sem okkur þykja skrautlegastar sem eins til tveggja metra háar plöntur. Af lágvaxnari tegundum í þessum flokki er einkum upp að telja plöntur sem eðlilegast er að vaxa sem lággróður í skugga skógarins. Svo sem sjómannstryggð, friðarlilju, veðhlaupara, diffenbakkíu, ýmsa vínviði, mánagull sem og burkna af öllu mögulegu tagi. Allar þessar tegundir spjara sig ágætlega inni í mannabústöðum og geta lifað þar í fjölda ára, sé þess bara gætt að vökva þær í hófi, gefa þeim daufan skammt af áburði endrum og eins yfir sumartímann og umpotta þeim eftir þörfum. Sumar geta vaxið í sömu mold og sama potti í nokkur ár, en öðrum þarf að umpotta reglulega á hverju vori.

**Stofurnar eða regnskógurinn?**

Almennt séð þrauka þessar „grænu plöntur“ sæmilega þótt við gerum svo sem ekkert sérstakt fyrir þær. En ef við viljum gera einkar vel við þær, má mæla með því að þær séu settar í sturtu svo sem einu sinni í mánuði. Þá er farið með þær fram á bað eða í þvottahúsið og skolað af þeim með volgri og mjúkri vatnsbunu, og þær síðan látnar standa þar meðan þornar af þeim. Svo eru þær aftur settar á sinn stað. Til að auka loftrakann kring um plönturnar að staðaldri er áhrifaríkast að raða þeim saman í þyrpingar þar sem þær njóta góðrar dagsbirtu frá gluggum. Stakar plöntur á víð og dreif ná því ekki að mynda þann rakahjúp í kring um sig sem þeim er svo nauðsynlegur í baráttunni við þurrt stofuloftið. Ákjósanlegast væri líka að lækka húshitann á næturnar, til dæmis niður í 18°C, það gefur plöntunum tækifæri á hvíld og hleypir um leið upp loftrakanum. Því miður er það svo að rakastig er yfirleitt of lágt í húsakynnum okkar, stendur yfirleitt einhvers staðar í kring um 40-45% þegar það ætti að vera, okkar vegna, um 55-65%. Í sjálfu sér er hægt að hækka loftrakann, án þess að lækka lofthitann, með því að setja inn fleiri plöntur, en til þess að um muni að einhverju gagni þarf hlutfall plantnanna að vera um 10-15% af rýminu. Það þætti nú flestum heldur mikið af því góða. En vissulega liði okkur betur, því manneskjan er nú einusinni upprunnin í jaðri regnskógarins ¿ og regnskógurinn á enn mikil ítök í okkur!

Næst: Lýsing og blómstrandi pottaplöntur.



# Ekki nóg að ryksuga og dusta

***Því miður hefur ryk þann undraverða eiginleika að vera ódauðlegt ef svo má að orði komast, þar sem erfitt er að losna við rykið fyrir fullt og allt.***



Ef þér finnst sem rykið sé á einhvern máta orðið meira en verið hefur á heimilinu þarf það ekki endilega að vera vísbending um að þú þurfir að ryksuga oftar.

Aukið magn ryks getur verið vísbending um að skipta þurfi um ryksugupoka eða skipta um eða hreinsa loftræstisíur. Loftræstisíur skal hreinsa einu sinni í mánuði bæði til að þær geti sinnt hlutverki sínu og til að forðast brunahættu. Góð regla er að skrifa dagsetningu á límbandsbút, sem límdur er hjá síunni, svo auðveldara sé að muna hvenær hún var síðast þrifin eða skipt um hana.

Þurrkarinn er einnig ágætis rykframleiðandi og best er að hann leiði beint út. Gott er að athuga hvort útleiðslan sé ekki tryggilega fest við þurrkarann og ekki full af ló eða ryki.

Ryk finnur einnig auðveldlega leið inn á heimilið, loftlekar í hurðum, gluggum eða pípum og leiðslum opna dyrnar fyrir rykagnaveislu. Láttu fagmann athuga loftleka í íbúðinni og ráðfærðu þig við hann um lausnir.

Annað gott ráð er að skilja skóna eftir fyrir framan útidyrahurðina ef kostur er á. Undir skósólann safnast mestu rykvaldarnir og því betra að skilja þá eftir úti.

Munið líka að ryk safnast saman og því nauðsynlegt þegar tekinn er rúntur með ryksugunni að fara vel undir mottur, inn í öll horn og undir öll húsgögn.

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga



**Fótbolta** eða aðra knattleiki geta þeir sem ekki vilja aðra hreyfingu vel stundað á veturna. Hægt er að leigja sal hjá flestum íþróttafélögum landsins og auk þess leigja til dæmis Sporthúsið og íþróttabandalag Reykjavíkur út sali.

Ég nota Sterimar, það hjálpar
- kvef
- ofnæmi
- eyrnabólga
- ennis og kinnholusýking
Fæst í apótekum

RopeYoga í Vesturbæ
Hagamelur 19
Skráning hafin
Rope Yoga Workout fyrir árið 2006!!
Persónuleg þjónusta!
Tímar | þrisvar í viku (24.900 ISK) | tvisvar í viku (16.600 ISK)
6-7.20 | | mán fim
8-9.20 | mán mið fös | þri fim
17.20-18.40 | mán mið fös | þri fim
19-20.20 | | mán fim
Námskeiðin hefjast 9 Janúar 2006!
Upplýsingar í síma 694-5595(tatti)

JazzFunkX
KRAMHÚSIÐ „Vel að verki staðið“
Nýir straumar
BLAZEJ frá Póllandi
18+ ára. Byrjendur og framhald
SIGRÚN B. Blomsterberg
Börn og unglingar
GUYOM frá Frakklandi
WorkShop fyrir 18+ ára
INNRITUN HAFIN!
www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860
KRAMHÚSIÐ

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS



Fyrstu helgina í febrúar mun Birna Ásbjörnsdóttir halda afeitrunarnámskeið í Reykholti sem hentar öllum þeim sem vilja hreinsa líkama og sál og öðlast betri líðan.

# Hreinsun á líkama og sál

***Birna Ásbjörnsdóttir, næringarráðgjafi og hómópati hjá Maður lifandi, stendur fyrir detox-helgi í Reykholti. Námskeiðið miðar að því að hreinsa líkama og sál og losa líkamann við utanaðkomandi áreiti.***

Birna Ásbjörnsdóttir, næringarfræðingur og hómópati, er með afeitrunarnámskeið sem fer fram á Fosshóteli í Reykholti fyrstu helgina í febrúar. „Afeitrun er hreinsun á líkama og sál,“ segir Birna. „Námskeiðið er haldið utan Reykjavíkur því við viljum að fólk fari úr sínu daglega umhverfi, skeri á öll áreiti og njóti þess að vera í náttúrunni.“ Birna segir að hvorki megi taka með sér farsímann né súkkulaði þar sem boðið verði upp á áreitislaust umhverfi og lífrænt ræktað hrámeti alla helgina. Gerðar verða jógaæfingar, stunduð hugleiðsla, leitast eftir að fá jafnvægi í líkamann, farið í heit böð og ýmislegt fleira sem allt er liður í að hreinsa líkamann.

Birna segir að slík afeitrun hafi alltaf langtímaáhrif hvort sem fólk kjósi að tileinka sér þennan lífsstíl eða ekki. „Ef við losum líkamann við utanaðkomandi áreiti, eins og stress, slæmt fæði og aukaefni í mat, þá fær líkaminn tækifæri til að hreinsa sig, betur en hann myndi vilja dags daglega. Með þessu erum við að koma ákveðnu heilunarferli í gang og þetta er frábært tækifæri til að hefja nýtt líf og taka skrefið í átt að heilsusamlegra lífi.“

Birna mun halda fyrirlestra á námskeiðinu og getur fólk notað þá fræðslu sem veganesti að betri líðan. Einnig mun hún bjóða upp á einstaklingsráðgjöf og er námskeiðið öllum opið. „Þeir sem geta tengt vanlíðan við fæðu eða streitu og telja það vera rót að einhverjum vanda eiga sérstakt erindi á þetta námskeið. Við vinnum með streitulosun og næringu svo fólk geti fundið nýja leið að bættri heilsu.“

Skráning á námskeiðið er hjá Fosshótelum.

johannas@frettabladid.is

**DETOX-MEÐFERÐ HEFUR ÁHRIF Á OG BÆTIR ...**
**... orkuflæðið og efnaskiptin**
**... blóðrásina, blóðþrýsting, blóðsykur og sogæðakerfið**
**... breytingaskeið kvenna og tíðaverki**
**... kólesteról og meltinguna**
**... höfuðverki og þunglyndi**
**... slæma húð**
**... vöðva- og liðamótaverki**
**... lifrar- og nýrnastarfsemi**
**... svefnleysi og svefntruflanir**

Ný hönnun - meiri gæði - betri árangur...
Ný öflug lína
tæki
sem skila þér árangri...
Landsins mesta úrval af **fjölþjálfum, hlaupabrautum** og **þrekhjólum** við allra hæfi.
Fyrir heimili, vinnustaði, íþróttahús, líkamsræktarstöðvar, skip og fl. Margir verðflokkar.
Taktu á því með tækjum...
Tækin eru uppsett í verslun!
ÖRNINN
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Opið laugard. 10-14 | Visa- og Euroraðgr. | Allar nánari uppl. www.orninn.is
SCHWINN | PRO-FORM | NordicTrack | CYBEX | NAUTILUS

heilsa }

## Hollt fyrir hjartað

HEILBYGG DREGUR ÚR HÆTTU Á HJARTASJÚKDÓMUM SEGJA FRÆÐINGAR.

Bandaríska matvælaeftirlitið hefur lýst yfir hollustu byggs, sérstaklega fyrir hjartasjúklinga, og hefur ákveðið að leyfa sérmerkingar á matvælum sem innihalda heilbygg.



Heilbygg dregur úr hættunni á hjartasjúkdómum, en vandamálið er að Bandaríkjamenn borða afar lítið af byggi. Meirihluti byggs sem framleiddur er í Norður-Ameríku er annað hvort notaður til bruggunar eða í dýrafóður. Kanadamenn, sem framleiða töluvert af byggi, vonast nú til að flytja bygg inn til Bandaríkjanna annaðhvort malað eða sem morgunverðarkorn.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

### Góðir tekjumöguleikar
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

### Café Oliver
Óskum eftir vönum barþjónum og þjónum í sal. Áhugasamir hafi samband við Arnar í síma 821 8500 eða á arnar@cafeoliver.is.

Ég er kona á þrítugsaldri og tek að mér þrif í heimahúsum. Áhugasamir hafið samband í síma 864 2528.

### Garðabær bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

### Kaffihús
Óskar eftir starfsfólki við afgreiðslu í kaffihús og bakarí. Uppl. gefur Stefán í síma 551 3524. Bakarí Sandholt.

### Kassastarfsmaður
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Seltjarnarnesi, og Smáratorgi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

### Kvöldvinna með skólanum
Búr ehf Bæjarflöt 2 óskar eftir starfsmönnum í kvöldvinnu upplagt með skólanum. Ekki yngri en 18 ára. Æskilegt að vera reyklaus. Nánari uppl. í s. 896 2836

Vantar strax húsasmiði, verkamenn og menn sem vilja komast á samning í húsasmíði. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 896 1018.

Ertu þræll peninganna? Stjórnar þú þínu lífi? Viltu verða frjáls? S. 696 2096.

Starfsmaður óskast í þrif og baðvörslu. Vinnutími 16-22 ca 15 daga í mánuði. Uppl. í síma 846 2117.

Óskum eftir sölumanni (25-35) og lagerstarfsmanni (35+). Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 565 7744.

### Beitningamaður!
Vanur beitningamaður óskast, beitt í Þorlákshöfn. Uppl. í s. 893 1193 & 483 3733.

### Starf í mötuneyti
Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í mötuneyti í 100% starf virka daga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 822 0035 & 822 0036 milli kl. 8 & 19.

Bakaríið Kornið vantar fólk í afgreiðslu fullt starf og hlutastörf sem henta skólafólki vel. Upp í s. 864 1585 & vardi@kornid.is

Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

Starfskrafur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími 12 til 18. 4 O dot. Laugavegi 100. Uppl. í síma 863 6122

Árbæjarbakarí. Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa frá kl. 13-18:30 og aðra hvora helgi. Uppl. í síma 869 0414.

## Atvinna óskast

Snyrtifræðingur óskar eftir starfi á snyrtistofu. Uppl. í s. 868 6850.

25 ára karlmaður óskar eftir vel launaðri vinnu. Duglegur og á auðvelt með að vinna sjálfstætt. Uppl. í s. 697 4099.

22 ára nemi í rafvirkjun óskar eftir starfi hjá rafvirkja á daginn! Upplýsingar í s. 869 9749.

Óska eftir vinnu við málningu, er vanur. Uppl. í s. 861 4507.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld í Landsbankanum. Fyrirlestrar um efnahagsmálin og fjárfestingartækifæri í íþróttahúsi Breiðabliks í Smáranum, Kópavogi, í kvöld kl. 20.00. Nánari upplýsingar á Landsbanki.is Landsbankinn.

Tökum þátt í mótun Reykjavíkur. Virkjum okkur! Hallveigarbrunnur.is

## Ýmislegt

**Ever wanted to be a model?**
**Viltu gerast módel?**
Ever wanted to be a model? Artist seeks a number of models of all ages, shapes and sizes, 5-80 years, to model knitwear for photographs to be exhibited in associated with Reykjavik Arts Festival 2006. Interesting project, looks not important! Please contact the artist sarahjbrowne@yahoo.ie Viltu gerast módel? Listamaður leitar að módelum til þess að klæðast ullarvörum og sitja fyrir á ljósmyndum. Aldur 5ára til 80 ára, útlit skiptir ekki máli. Ljósmyndirnar eru hluti af listsýningunni Sense in Place sem verður á dagskrá Listahátíðar 2006. Áhugavert verkefni! **Please contact the artist for more details. Hafið samband við listamanninn Söruh Browne. sarahjbrowne@yahoo.ie**

Nú er komið að þér! Taktu þátt í mótun Reykjavíkur. Virkjum okkur! Hallveigarbrunnur.is



# Forstöðumaður reikningshalds

Himinn og haf / SÍA

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum, bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum, er áhersla lögð á traust, frumkvæði og árangur.

**SPRON óskar að ráða forstöðumann reikningshalds.**

### Starfssvið
- Ábyrgð á faglegri uppbyggingu verkferla/vinnubragða við bókhald og mánaðarleg uppgjör
- Ábyrgð á vinnslu hagtalna og skýrslugerð

Forstöðumaður reikningshalds heyrir undir fjárhagssvið.

### Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði endurskoðunar
- Próf í löggiltri endurskoðun væri kostur
- Góð þekking á upplýsingakerfum
- Starfsreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ósvaldur Knudsen, framkvæmdastjóri fjárhagssviðs, og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar á starfsmannaþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is fyrir 16. janúar nk.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

spron
www.spron.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

MORGUNÞÁTTURINN ZÚÚBER
SVALI GASSI JÓHANNA & STÍNA
ALLA VIRKA MORGNA KLUKKAN SJÖ Á FM957
SÍMAHREKKI OG FL ER AÐ FINNA Á WWW.FM957.IS
FM 957



## Vantar þig starfskraft?




## Yfir 111% fleiri lesendur að atvinnublaði Fréttablaðsins!



Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til **rúmlega tvöfalt fleiri Íslendinga** á aldrinum 20 – 40 ára með því að auglýsa í **atvinnublaði Fréttablaðsins** frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að 38% af þeim lesa **Allt – atvinnu, sem fylgir frítt** með Fréttablaðinu alla sunnudaga. Aðeins 18% lesa hins vegar atvinnublað Morgunblaðsins og því eru **111% fleiri** sem sjá auglýsinguna í Fréttablaðinu.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt - atvinna
– mest lesna atvinnublaðið

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:**

## Málningarvinna í fasteignum Reykjavíkurborgar – Hverfi 1, 2 og 3.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með 16. janúar 2006.
Opnun tilboða: 25. janúar 2006 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10666
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## TILKYNNINGAR

Styrktarfélag vangefinna

### Vinningsnúmer í happdrætti Styrktarfélags vangefinna árið 2005.

**1. vinningur, Mitsubishi Outlander að andvirði kr. 2.450,000 kom á miða númer 19368**

*Húsbúnaðarvinningar kr.* ***150.000***

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3737 | 7491 | 12259 | 15202 | 19160 |
| 3850 | 10976 | 12471 | 17663 | |
| 6873 | 11139 | 14064 | 18063 | |

**Upplýsingar á heimasíðu félagsins**
**www.styrktarfelag.is**

***Félagið þakkar landsmönnum gleðilegs árs og þakkar veittan stuðning.***

## FASTEIGNIR

# HB FASTEIGNIR

Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7 • 103 Reykjavík
Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteigna- og skipasali — Félag fasteignasala

**OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 17 OG 19**

**FLÉTTURIMI 4, 112 RVK - 3JA HERB. ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ M/BÍLSKÝLI. VERÐ 22,9 MILLJ.**



Frum

- 98,9 fm + 41,7 fm bílskýli
- 2 svefnherbergi
- Rúmgóð stofa m/suðv.svölum
- Falleg gólfefni
- Þvottahús í íbúð
- Mjög barnvænt hverfi



*Gunnar Valdimarsson, lögg. fasts., sími 895 7838*

**allt** atvinna
**Alla sunnudaga**



Ahmedabad
Amsterdam
Athens
Auckland
Bangalore
Bangkok
Barcelona
Beijing
Beirut
Berlin
Bogota
Brussels
Bucharest
Budapest
Buenos Aires
Burbank
Calcutta
Cape Town
Caracas
Chennai
Colombo
Copenhagen
Dar es Salaam
Delhi
Dhaka
Duala
Dubai
Dublin
Dusseldorf
Edinburgh
Gothenburg
Gaborone
Guangzhou
Guatemala City
Guayaquil
Hamburg
Harare
Helsinki
Hong Kong
Islamabad
Istanbul
Jakarta
Johannesburg
Kampala
Karachi
Kiev
Kingston
Kuala Lumpur
Lagos
Lima
Lisbon
Lome
London
Los Angeles
Lusaka
Madrid
Malmo
Managua
Manchester
Manila
Melbourne
Mexico City
Milan
Montevideo
Montreal
Moscow
Mumbai
Munich
Nairobi
New York
Oslo
Panama
Paris
Port Luis
Prague
Quito
Reykjavik
Riga
Rome
San Francisco
San Jose
San Juan
San Salvador
Santiago
Santo Domingo
Sao Paulo
Seoul
Shanghai
Singapore
Sofia
Stockholm
Sydney
Taipei
Tallinn
Tegucigalpa
Tel Aviv
Tokyo
Toronto
Trinidad
Vancouver
Vienna
Vilnius

**MediaCom Íslandi** er skrifstofa MediaCom World Wide á Íslandi sem er eitt stærsta auglýsingabirtingafyrirtæki heims. Skrifstofan er í eigu Grey Global Group - WPP Group, annarrar stærstu boðmiðlunarsamsteypu í heimi. Um 84.000 manns starfa hjá samsteypunni á 2.000 skrifstofum um allan heim. Af topp 500 lista Fortune Global eru 330 viðskiptavinir samsteypunnar. MediaCom starfrækir yfir 100 skrifstofur í 85 löndum.
Meðal heimsþekktra systurfyrirtækja MediaCom eru t.d. GCI, Grey World Wide, G2, Grey Healthcare, JWT, Y&R, Ogilvy&Mather, Red Cell, MillwardBrown, Research International, Cohn&Wolfe, Hill&Knowlton, Ogilvy PR, Burson-Marsteller.

Ný skrifstofa MediaCom á Íslandi er hluti af GroupM sem samanstendur af helstu birtingafyrirtækjum heims: MediaCom, MindShare og Mediaedge:cia. GroupM eða MediaCom er eina alþjóðalega birtingafyrirtækið sem starfrækir skrifstofu á Íslandi. Einnig starfrækir Grey Global Group – WPP Group skrifstofu ráðgjafafyrirtækisins GCI á Íslandi.
Meðal viðskiptavina MediaCom eru mörg þekktustu vörumerki heims – bæði hér á landi sem annarsstaðar.

# Vertu stærri með MediaCom

Stækkaðu sjóndeildarhringinn. Nýtt viðhorf.
Starfaðu í alþjóðlegu umhverfi auglýsingabirtinga hjá MediaCom á Íslandi.

Settu þér markmið. Öðlastu meiri þroska og fagmennsku í starfi. **Þú@mediacom.is** – og þú ert með lykil að hringiðu þekkingar sem fáir geta boðið þér. **Ertu með?** Við flytjum hana hratt inn til hagsbóta fyrir viðskiptavini MediaCom á Íslandi. Nýtt viðhorf. Stækkaðu með okkur?

Við stækkum, líka viðskiptavinir okkar og þú með ef þú vilt. Þú hefur öðlast skilning á störfum þeirra sem útbúa og framkvæma hagstæðar birtingaáætlanir. Þú skilur þá muninn á markmiðum þess sem kaupir og þess sem selur. **Þú kannt að ráðleggja.** Sendu Þórmundi tölvupóst.

People First. Better Results. Við trúum því. Að útbúa rétta birtingaáætlun er eitt – annað að framkvæma hana. Nýtt viðhorf. Tvö störf. Þú vilt læra eitthvað nýtt sem kannski hefur ekki verið kennt áður. **Þú sækir um.**

**Ekki hringja. Skrifaðu 'Better Results' í subject-ið og sendu tölvupóstinn á Þórmund Bergsson: thormundur.bergsson@mediacom.is.**

MEDIACOM
People First ▸▸ Better Results

JB Byggingafélag

# Byggaverkamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða byggingaverkamenn.

**Upplýsingar gefa Páll Róbert Matthíasson í síma 693-7014**
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins *www.jbb.is*

*Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og líflegt starfsmannafélag.*

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

GT

Rauðhellu 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 580 1600
Fax 580 1601 • Veffang gtverk@simnet.is • gtverk.is

**Okkur vantar vana vélamenn til starfa strax.** Ef þú hefur áhuga þá vinsamlegast hringdu í síma 580 16 00 eða sendu okkur tölvupóst **gtverk@simnet.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

## SJÓNARHORN



Vetur í Mosfellsbæ. MYND/PJETUR

## TOPP 5: MERYL STREEP



**1. Deer Hunter** (1978). Ekkert atriði í myndinni var tekið upp í stúdói eða myndveri. Streep fékk sína fyrstu Óskarstilnefningu fyrir leik sinn í myndinni. Myndin er byggð á sögu eftir þýska rithöfundinn Erich Maria Remarque. Var aðeins önnur kvikmyndin í fullri lengd sem Streep lék í.

**2. Sophie's Choice** (1982). Streep grátbað leikstjóra myndarinnar, Alan Pakula, um aðalhlutverkið í myndinni. Hvorki hún né hann sá eftir því, enda fékk Streep Óskarinn fyrir leik sinn í myndinni. Streep lærði þýsku fyrir myndina og auk þess pólskan framburð. Ursula Anders var fyrst hugsuð í hlutverk Streep.

**3. Adaptation** (2002). Síðustu Óskarstilnefningu sína fékk Street fyrir þessa mynd en alls hefur fengið þær þrettán og unnið tvisvar. Chris Cooper var einnig tilnefndur fyrir leik sinn í myndinni og fékk hann. Auk þess fékk myndin tilnefngu fyrir besta handrit byggt á annarri sögu og Nicolas Cage fékk einnig tilnefningu fyrir leik sinn.

**4. Kramer vs. Kramer** (1979). Streep samdi eina ræðu í myndinni sjálf í samvinnu við handritshöfund myndarinnar. Dustin Hoffman fékk Óskarinn fyrir aðalhlutverk í myndinni en Streep bara fyrir aukahlutverk.

**5. Out of Africa** (1985). Audrey Hepburn átti upprunalega að leika danska rithöfundinn Karen Blixen en Streep féll hlutverkið að lokum. Streep þróaði hreim sinn í myndinni með því að hlusta á gamlar upptökur með Blixen.

## VISSIR ÞÚ...

...að maðurinn kallast Homo Sapiens Sapiens á latínu.

...að fjölmargar manntegundir hafa gengið á undan okkur á jörðinni?

...að meðal þeirra voru Homo Hibilis, A. Africanus og hinn frægi Neandertalsmaður?

...að hann er nefndur eftir dalnum þar sem bein hans fundust fyrst, Neander Tal?

...að Neander Tal er nálægt Düsseldorf í Þýskalandi?

...að beinin fundust 1856?

...að Neandertalsmenn notuðu axir og hnífa úr stein?

...að deilt er um hvernig Neandertalsmenn öfluðu sér matar? Sumir segja þá hafa verið öfluga veiðimenn, aðrir hræætur og enn aðrir að kjöt hafi ekki verið stór hluti af mataræði þeirra?

...að Neandertalsmenn sköpuðu einföld listaverk úr beini?

...að deilt er um hæfni Neandertalsmanna til munnlegra tjáskipta? Sumir segja þá mállausa en aðrir fullyrða að þeir hafi haft líkamlega getu til munnlegra tjáskipta á við nútíma menn.

...að Neandertalsmenn spiluðu tónlist?

...að árið 1996 fannst flauta úr bjarnarbeini í Slóveníu? Þessa flautu gerðu Neandertalsmenn.

...að örlög Neandertalsmannsins eru óþekkt? Talið er að hann hafi dáið út vegna samkeppni við fyrsta nútíma manninn (Cro-Magnonmenn) eða vegna sjúkdóma.

...að sumir telja að Neandertalsmenn og nútíma menn hafi getað æxlast og að Neandertals- og Cro-Magnonmenn hafi blandast?

...að hverju sem um er að kenna hvarf Neandertalsmaðurinn fyrir 30.000 árum?

...að væri Neandertalsmaður klæddur í jakkaföt og látinn ganga niður Laugaveginn vekti hann litla eftirtekt? Útlitið væri í grófari kantinum en síður en svo apalegt.

allt
matur
Alla föstudaga

ÚTSALA
KAREN MILLEN
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
KRINGLUNNI • S. 512 1735
Nýtt kortatímabil

# Barátta aldraðra nær eyrum ráðamanna

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
SKRIFAR UM KJÖR ALDRAÐRA

Barátta aldraðra fyrir bættum kjörum og betri aðbúnaði er nú að byrja að skila árangri. Barátta samtaka aldraðra og einstaklinga úr hópi eldri borgara hefur náð eyrum ráðamanna þjóðarinnar. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gerði þessi mál að umtalsefni í nýársávarpi sínu til þjóðarinnar. Hann sagði m.a.: „Það er til marks um siðmenningu hverrar þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið og gerir þeim kleift að njóta áranna,sem eftir eru, tryggir öryggi og aðhlynningu.“ Einnig sagði forseti Íslands: „Aðkoma og aðbúnaður aldraðra þarf að færast einna fremst í forgangsröð.“ Morgunblaðið tók undir þessi orð forseta í forustugrein 2. janúar sl. Stjórnmálaflokkarnir hafa allir fjallað um málefni aldraðra að undanförnu og hafa margir þeirra ályktað að gera þurfi átak til þess að bæta hag þeirra og aðbúnað.

Þess gætir að vísu nokkuð,að stjórnvöld hafi tilhneigingu til þess að vísa þessum brýnu málefnum til umfjöllunar nefnda. En það er engin þörf á slíku. Það er búið að kanna málefni aldraðra nægilega mikið á undanförnum árum. Samtök aldraðra hafa unnið mikið starf á því sviði, m.a. hagfræðingur samtakanna, Einar Árnason. Það liggja fyrir nægilegar upplýsingar um breytingu á kaupmætti ellilífeyris frá árinu 1988, sömuleiðis upplýsingar um skattlagningu tekna aldraðra frá sama tíma og miklar og ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um hag og aðbúnað aldraðra í grannlöndum okkar. Einnig liggja frammi upplýsingar um kannanir Hagstofu Íslands á neysluútgjöldum almennings í landinu. Stjórnvöld hafa aðgang að öllum þessum upplýsingum. Þeim er því ekkert að vanbúnaði að leggja fram tillögur um breytingar á kjörum ellilífeyrisþega. Það sem nú liggur fyrir er að taka pólitíska ákvörðun um að bæta kjör aldraðra. Það þarf engar nefndarskipanir.

Nokkrar leiðir eru færar, þegar taka á ákvörðun um að bæta kjör aldraðra: 1) Hækka má greiðslur aldraðra frá almannatryggingum þannig,að þær nái þeirri upphæð, sem þær ættu að vera í, miðað við að ekki hefði verið skorið á sjálfvirk tengsl milli lágmarkslauna og tryggingabóta. Landssamband eldri borgara telur að hækka þurfi mánaðargreiðslur um 17 þús. kr. til þess að ná þessu marki. 2) Hækka má mánaðargreiðslur svo mjög,að þær dugi fyrir framfærslukostnaði aldraðra. Það mundi þýða a.m.k. 60 þús kr. hækkun á mánuði hjá einstaklingum, sem einungis hafa bætur frá almannatryggingum. 3) Afnema má tekjutengingu tryggingabóta aldraðra. 4) Gera má allan ellilífeyri skattfrjálsan. 5) Byggja má fleiri hjúkrunarheimili fyrir aldraða og stórefla heimaþjónustu eldri borgara.

Framangreindar tillögur má framkvæma strax, eina eða fleiri, ef vilji er fyrir hendi hjá ríkisstjórn og alþingi. Það er ekki nóg að tala fallega á hátíðarstundu. Það þarf framkvæmdir. Það eru nógir peningar til í þjóðfélaginu. Tekjuafgangur fjárlaga var það mikill, að það er þegar unnt að taka af honum drjúga upphæð til þess að hækka lífeyri aldraðra. Eldri borgarar munu fylgjast grannt með ráðamönnum á næstunni.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Hringormur og matarlyst

**UMRÆÐAN**
NEYSLA
HRÁMETIS



TOSHIKI TOMA

*Ég óska þess að Íslendingar hlusti vel á aðvaranir sérfræðinga, bæti það sem á skortir og njóti þess að borða hráa fiskrétti, í stað þess að óttast að borða þá.*

Undanfarna daga hefur verið umfjöllum í fréttum bæði RÚV og Morgunblaðsins um hringormasmit sem hefur líklega stafað af hráum fiskréttum. Í fréttagrein á baksíðu Morgunblaðsins 4. janúar sl. var hermt að slíkt smit eigi sér stað í mörgum löndum þar sem tíðkast að fólk borði hráan fisk og t.d. greinist eitt þúsund tilfelli í Japan á ári hverju.

Ég er ekki sérfræðingur um málefnið en sem heimiliskokkur með tuttugu ára reynslu og frá Japan langar mig til að gera nokkrar athugasemdir um málið, þar sem Íslendingum geti skilist að það sé stórhættlegt að borða hráan fiskrétt.

1. Í Japan borðum við mikið magn af hráum fiski á hverjum degi. En það þýðir ekki að við borðum hvaða fisk sem er. Við. borðum t.d. ekki hráan fisk sem veiddur er í á eða stöðuvatni. Japanir aðgreina bæði af reynslu og vísindalegri þekkingu hvað hægt er að borða án hitunar og hvað ekki.

2. Gæðaeftirlit hráefnis er strangt í Japan. Mér sýnist t.d. að æskilegt neyslutímabil hráefna yfirleitt vera styttra í Japan en á Íslandi. Hráefni þar sem ferskleiki skiptir sérstaklega máli, eins og ostrur, er oft selt aðgreint til beinnar neyslu eða til upphitunnar fyrir neyslu.

3. Þúsund tilfelli hringormasmits þykja mörg þó tekið sé tillit til íbúafjölda Japans sem er hundrað og tuttugu milljónar, en kannski stafa þau af því að fólk borðar hráan fisk á óskynsamlegan hátt eða samkvæmt sérstakri hefð á svæðinu (matarmenning er mjög mismunandi innan Japans).

Það er alls ekki hættulegt að borða hráan fisk ef við aðeins höfum á því þekkingu. Mér finnst Íslendingar hafa stutta reynslu af því að borða hráan fisk, og því hljóta að vera ýmis atriði þar sem skilningur á hráefni er ekki nógur eða gæðaeftirlit fylgir ekki nýrri matarmenningu. Ég óska þess að Íslendingar hlusti vel á aðvaranir sérfræðinga, bæti það sem á skortir og njóti þess að borða hráa fiskrétti, í stað þess að óttast að borða þá. Matur er hvers dags gleði og stundum krefst hann þolinmæði okkar jafnt sem ævintýraanda!

*Höfundur er prestur og áhugamaður um eldamennsku.*




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.961 **+0,39%** **Fjöldi viðskipta:** 619 **Velta:** 7.612 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +2,41% | **Dagsbrún** | -1,84% |
| **Íslandsbanki** | 2,09% | **Atorka** | -1,46% |
| **FL Group** | +1,39% | **Actavis** | -0,71% |

Tölur miðast við kl. 15:07

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,30 -0,70% ... Atorka 6,75 -1,50% ... Bakkavör 55,40 +0,90% ... Dagsbrún 5,88 -1,80% ... FL Group 21,90 +1,40% ... Flaga 4,38 +0,00% ... Íslandsbanki 19,50 +2,10% ... KB banki 790,00 +0,40% ... Kögun 63,80 +1,00% ... Landsbankinn 26,80 +0,80% ... Marel 71,50 +0,70% ... Mosaic Fashions 19,50 +0,00% ... SÍF 4,15 -0,50% ... Straumur-Burðarás 17,20 -0,60% ... Össur 117,50 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

**Maður upplýsinganna**
Þekking á því hvernig á að safna og miðla upplýsingum verður sífellt mikilvægari. Ekki skiptir síður máli sá hæfileiki að meta upplýsingarnar. Meðal þeirra sem þurfa að beita slíkri kunnáttu eru sjóðstjórar sem sífellt safna upplýsingum af markaði og taka ákvarðanir á grundvelli þeirra. Flestir sjóðstjóra eru með viðskiptabakgrunn, en margs konar annar bakgrunnur nýtist vel í starfið. Til dæmis að hafa verið njósnari. Þeir starfa jú við það að safna og miðla upplýsingum. Þetta vita þeir greinilega í Rússlandi því þar eru gamlir KGB-menn fyrirferðarmiklir í viðskiptalífinu. Þeir hafa líka leitað út fyrir landsteinanana því frægasti njósnari Norðmanna, Arne Treholt, nýtir bakrunn sinn og reynslu og stýrir digrum fjárfestingasjóði í Rússlandi. Alltaf gaman að sjá þegar menn nýta þekkingu sína og reynslu með uppbyggilegum hætti.



**Hallur í landi Treholts**
Treholt er farinn frá Noregi. Á leiðinni þangað er hins vegar Hallur Magnússon sem verið hefur áberandi talsmaður Íbúðalánasjóðs. Hallur kann vel til verka í söfnun og miðlun upplýsinga, enda gamall blaðamaður. Blaðamennskan er ekki síðri bakgrunnur en njósnastarfið, þó sennilega verr borgað. Verkefni Halls verða ekki beinlínis njósnir en hann ætlar að kynna sér starfsemi Husbank í Noregi og miðla til Norðmanna reynslu sinni hjá Íbúðalánasjóði. Hallur ætlar að dvelja þar í sex mánuði en viðbúið er að Íbúðalánasjóður breytist á því tímabili. Husbank mun sennilega lítið breytast, enda annað tempó hér en í Noregi.

## MARKAÐSFRÉTTIR

Fjörugt hefur verið á innlendum skuldabréfamarkaði undanfarna daga. Mest velta hefur verið á húsbréfum en viðskipti með slík bréf námu tæpum ellefu milljörðum á þriðjudag.

Indverska ríkisflugfélagið, Air India, hefur skrifað undir samning um kaup á sextíu og átta Boeing-þotum. Eru vélarnar alls taldar kosta tæpa 700 milljarða íslenskra króna.

Tilboði ástralska bankans Masquire í Kauphöllina í Lundúnum hefur verið hafnað. Bankinn hefur ítrekað reynt að yfirtaka Kauphöllina en ekki haft erindi sem erfiði.




**HÖFUÐSTÖÐVAR AXEL SPRINGER Í BERLIN** Eftirlitsstofnun fjölmiðla neitaði að samþykkja yfirtöku Axel Springer á ProSieben. Samkeppnisstofnun landsins tekur afstöðu til málsins í næstu viku.

# Yfirtaka sjónvarpsfélags stöðvuð

## Eftirlitsstofnanir í Þýskalandi setja útgáfurisa stólinn fyrir dyrnar.

Þýska útgáfufyrirtækið Axel Springer fær ekki að taka yfir sjónvarpskeðjuna ProSiebenSat1, samkvæmt úrskurði eftirlitsstofnunar fjölmiðla í landinu. Líklegt þykir að Axel Springer áfrýji úrskurðinum til þýskra dómstóla.

Í yfirlýsingu frá Eftirlitsstofnun fjölmiðla sagði að yrði Axel Springer leyft að kaupa ProSieben hefði fyrirtækið meiri áhrif á skoðanamyndun fólks í landinu en eðlilegt gæti talist.

Axel Springer, sem meðal annars gefur út dagblaðið Bild, tilkynnti í ágúst að kaup á ProSieben væru í burðarliðnum og var kaupverðið áætlað um 275 milljarðar króna.

SamkeppnismálastofnunÞýskalands tekur fyrir í næstu viku hvort yfirtakan kunni að skapa Axel Springer einokunarstöðu á auglýsingamarkaði í landinu. ProSieben, sem rekur fjölda sjónvarpsstöðva, ræður um fjórutíu og fimm prósentum sjónvarpsauglýsingamarkaðar í Þýskalandi. -jsk

# Sjö fyrirtæki mega þegar byrja að selja raforku

## Raforkusalan ehf. bíður eftir leyfi stjórnvalda. Félagið hefur gert samning um raforkukaup.

Sjö fyrirtæki hafa fengið leyfi til að selja raforku til neytenda eftir að raforkusala var gefin frjáls um síðustu áramót. Veitur sem framleiða rafmagn þurfa sérstakt leyfi til að selja utan síns dreifisvæðis. Þær sem hafa fengið leyfi eru Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins - RARIK og Rafveita Reyðarfjarðar.

Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hafa tvær umsóknir að auki borist um leyfi til að stunda raforkuviðskipti. Búist er við að umsóknirnar verði afgreiddar á næstunni.

Ottó V. Winther viðskiptafræðingur er í forsvari fyrir annað félagið, Raforkusöluna ehf. Hann segir búið að gera samning um raforkukaup og verið sé að koma hluthafahópnum saman. Félagið uppfylli öll önnur skilyrði til raforkusölu. Hann segist ekki ætla að kaupa raforku af Landsvirkjun.

Inntur eftir því hvort ekki sé erfitt að fara í samkeppni við veiturnar sem framleiða sína eigin orku segir Ottó að það verði erfitt í byrjun. Hins vegar sé eftir einhverju að slægjast og ýmis tækifæri fyrir hendi.

Ottó segist sjá fyrir sér að margir smærri framleiðendur raforku muni vinna saman á þessum markaði þegar fram líða stundir og að hann muni þróast hratt á næstu misserum. - bg



**GLERÁRVIRKJUN Á AKUREYRI** Ottó V. Winther spáir því að smærri raforkuframleiðendur muni bindast samtökum um sölu raforku.

# Góð ávöxtun Vista

Séreignarsjóðurinn Vista, sem rekinn er af KB banka og tekur við viðbótarlífeyrissparnaði, skilaði góðri ávöxtun árið 2005. Ein fjárfestingaleiða sjóðsins, innlend hlutabréf, skilaði 67,4 prósenta nafnávöxtun eða 60,7 prósenta raunávöxtun. Er það 2,7 prósentum umfram hækkun úrvalsvísitölunnar. Er þetta jafnframt hæsta ársávöxtun frá því að sjóðurinn var stofnaður árið 2001. Flestar fjárfestingaleiðir hækkuðu einnig töluvert meira en viðmiðunarvísitölur þeirra. Séreignarsjóðurinn Vista hefur um 27 þúsund sjóðsfélaga og eru í honum tæpir 4 milljarðar.




**Námskeið fyrir millistjórnendur:**

**Verkstjórnarnámskeið**

**Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi.**

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Hvatning og starfsánægja
- Áætlanagerð
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals ***100 stundir*** og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast ***6. febrúar***, ***6. mars*** og ***3. apríl***.

Nánari upplýsingar og skráning í ***síma 570 7100*** og á vefsíðu okkar ***www.iti.is***

Iðntæknistofnun


# FlyMe tvöfaldast í verði

## Ferðaskrifstofan Ticket hefur sölu á farmiðum FlyMe á næstu dögum. Farþegafjöldi jókst um fjórtán prósent í desember.

Hlutabréf í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe, sem er að stærstum hluta í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar í Fons eignarhaldsfélagi, hækkuðu gríðarlega í gær í miklum viðskiptum. Gengið stóð í 0,23 sænskum krónum á hlut rétt fyrir lokun markaða og hafði hækkað um 30 prósent á einum degi. Frá áramótum er hækkunin um 85 prósent.

Straumur-Burðarás er annar stór hluthafi í FlyMe með um sex prósenta hlut.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Ticket, ein stærsta ferðaskrifstofa Svíþjóðar, hefja sölu á miðum í vélar FlyMe í dag eða á allra næstu dögum. Ticket hefur hingað til neitað að selja fyrir FlyMe vegna bágs efnahags sænska lággjaldaflugfélagsins.



**PÁLMI HARALDSSON, AÐALEIGANDI FLYME** Hlutabréf í sænska lággjaldaflugfélaginu hafa hækkað um helming frá áramótum.

Fons er stærsti hluthafinn í Ticket með fimmtán prósenta eignarhlut.

Fjöldi farþega í desember jókst um fjórtán prósent miðað við sama tíma í fyrra en 49.300 farþegar ferðuðust með félaginu. Sætanýting í nóvember og desember var yfir 70 prósent sem þykir gott á þessum tíma árs.

FlyMe, sem hefur bækistöðvar sínar í Gautaborg, ætlar að bæta við tólf nýjum leiðum í lok mars. Félagið fór út í stórt hlutafjárútboð í desember þar sem tveir milljarðar voru seldir til fjárfesta og hlutafé tífaldað. Ætla má að markaðsvirði FlyMe verði rétt um 3,5 milljarðar króna að því loknu.

Forstjóri félagsins er Jóhannes Georgsson, sem stýrði Iceland Express á upphafsárum þess. - eþa

# Bandaríkjadalur að lækka

Erlendir sérfræðingar telja að gengi bandaríkjadals muni lækka gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu. Kemur þetta fram á vefsíðu greiningardeildar Íslandsbanka.

Margir höfðu spáð því að gengi dals myndi lækka á síðasta ári en svo fór ekki og var það rakið til vaxtahækkana bandaríska Seðlabankans. Nú er hins vegar útlit fyrir að vaxtahækkanaferli bankans sé lokið í bili og líklegt að hinn gríðarlegi viðskiptahalli landsins fari að segja til sín.

Gengi dals stendur nú í rúmlega 61 krónu. 1,2 dalir fást fyrir hverja evru og tæplega 1,8 fyrir hvert breskt pund. -jsk



**EINN BANDARÍSKUR DALUR** Sérfræðingar spá því að gengi dalsins komi til með að lækka á árinu.

# TILBOÐ

# ACER 3023




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.8GHz Sempron Mobile 3000+** AMD Power Now og HyperTransport |
| **Minni** | **512MB DDR, 333MHz** Einfalt að stækka minnið |
| **Harðdiskur** | **80 GB Ultra ATA100** 4200RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | **DVD±RW Dual Layer skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X700** Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort og stereo hátalarar |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | **6 in 1 minnis-kortalesari** Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |

## ACER ASPIRE 3023WLMi Á ÓTRÚLEGU SKÓLATILBOÐI

**HYPER TRANSPORT**
AMD Sempron er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrautir

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**DVD +/- SKRIFARI**
Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB RADEON X700**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Acer Aspire tölvan kemur með öllum helstu tengjum 4xUSB 2.0, VGA, firewire, PCMCIA, TV-út o.fl.

**MOBILE TÆKNI**
Acer Aspire fartölvan er 3,1Kg og með AMD mobile tækninni endist rafhlaðan í allt að 3 tíma

**VL15**
* Samtals kr. 113.763
**7.327**

## VERÐ 109.900

## SATA HÝSING




**ÖRUGG VINNSLA**
Háhraða harðdiskahýsing frá RaidSonic úr áli sem skilar hámarks kælingu

**GLÆSILEG HÖNNUN**
Glæsileg hönnun sem er bæði flott og hagkvæm, hægt er að stafla hýsingum saman og spara pláss

**TENGINGAR**
USB 2.0 fyrir hraða og þægilega vinnslu og einnig útvært SATA tengi fyrir hámarks gagnahraða

**AUÐVELD Í NOTKUN**
Einstaklega auðveld í notkun og virkar jafnt fyrir PC og Mac. Auðvelt að skipta um diska.

### VERÐ 7.990

## VÍRUSVÖRN




**TREND MICRO**

**ÖRUGG VÍRUSVÖRN**

- Fullkomin vírusleitarvél
- Bætt vörn gegn Spyware
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Stjórnun á heimaneti
- Vörn gegn netinnbroti
- Öflugur eldveggur
- Sjálfvirkt öryggismat

### VERÐ 4.990

## HARÐDISKUR




250GB SATA II hljóðlátur harðdiskur frá Western Digital. 300MB/s, 7200RPM og 8MB buffer fyrir hámarkshraða

**VERÐ 11.900**

## 17" ACER LCD SKJÁR




17" Acer (AL1716S) LCD skjár sem er með 12ms svartíma, 500:1 í skerpu og ótrúlega léttur aðeins 4.6kg

**VERÐ 24.900**

## ULTRA X MÚS




UltraX 4ra hnappa geislamús frá Logitech á frábæru verði. Tengist í bæði PS2 og USB tengi.

**VERÐ 2.490**

## MINNISLYKILL




Corsair Flash Voyager USB2 minnislyklarnir eru vatnsþéttir, höggþolnir og koma með 10 ára ábyrgð

256GB **3.990** | 512MB **5.990**

Microsoft Office 2003 leyfi fyrir 3 vélar — **VERÐ 12.900**

NEC 3550A 16x8x16 Dual Layer DVD RW hvítur skrifari — **VERÐ 5.990**

Traxdata DVD+R 4,7GB 8x áprentanlegir diskar, 25stk — **VERÐ 3.990**

Labtec Webcam vefmyndavél, USB tengd — **VERÐ 1.990**

Battlefield — **VERÐ 2.490**

Secure Digital 512MB minniskort frá Corsair — **VERÐ 4 .990**

Magnaður Canon iP5200 ljósmyndaprentari — **VERÐ 19.900**

Sennheiser RS 120 ótrúlega létt þráðlaus heyrnartól — **VERÐ 6.990**

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur

MasterCard VISA

Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 113.763 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730

**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400

**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400



AGATHA CHRISTIE (1890-1976) LÉST ÞENNAN DAG

*„Hver morðingi er að öllum líkindum gamall vinur einhvers.“*

*Agatha Christie var breskur glæpasagnahöfundur.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 12. JANÚAR 1830

## *Síðasta aftakan á Íslandi*



MORÐIN VORU FRAMIN MEÐ HNÍF

Á þessum degi árið 1830 fór síðasta aftakan á Íslandi fram í Vatnsdalshólum í Húnavatnssýslu. Þá voru tekin af lífi Agnes Magnúsdóttir, vinnukona á Illugastöðum, og Friðrik Sigurðsson, bóndasonur frá Katadal. Þau höfðu verið dæmd til dauða fyrir að myrða tvo menn aðfaranótt 14. mars 1828, Natan Ketilsson, bónda á Illugastöðum, og Pétur Jónsson frá Geitaskarði.

Sagan segir að Friðrik hafi ásælst peninga sem Natan átti. Hafi hann fengið vinnukonurnar á bænum, Agnesi og Sigríði Guðmundsdóttur, til að leyna sér í úti í fjósi þangað til karlmennirnir væru sofnaðir, en Pétur var næturgestur á Illugastöðum. Þá hafi Friðrik farið ásamt Agnesi inn í baðstofu og drepið báða mennina með hnífi. Þegar allt fémætt hafði verið hirt úr stofunni hafi Friðrik og Agnes kveikt í bænum.

Upp komst um glæpinn og voru Friðrik, Agnes og Sigríður dæmd til dauða bæði í Landsyfirrétti í Reykjavík og Hæstarétti í Kaupmannahöfn. Sigríður fékk síðar náðun konungs en Agnes og Friðrik voru hálshöggvin.

## MERKISATBURÐIR

1268 Gissur Þorvaldsson jarl andast. Hann var goðorðsmaður og mestur höfðingi á þrettándu öld.

1879 Zulu-stríðið hefst þegar Bretar ráðast inn í Zululand í suðurhluta Afríku.

1940 Einar Benediktsson skáld andast 75 ára.

1973 Jasser Arafat er endurkjörinn formaður PLO.

1993 Samningur um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, er samþykktur á Alþingi.

2001 Hinn sænski knattspyrnuþjálfari Sven Göran Eriksson tekur við þjálfun enska landsliðsins.

## ANDLÁT

**Liselotte Guðjónsson**, Flókagötu 55, Reykjavík, lést á Landspítalan Fossvogi þriðjudaginn 3. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ingólfur Gunnarsson**, Valþjófsstað II í Fljótsdal, lést á sjúkradeild HSA á Egilsstöðum fimmtudaginn 5. janúar.

**Þorbjörg Bjarnadóttir** frá Vigur, andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 7. janúar.

**Kristbjörg Þórðardóttir**, Tindaflöt 3, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 8. janúar.

**Magnús S. Magnússon**, lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, sunnudaginn 8. janúar.

**Aðalbjörn Jónsson**, Vesturbraut 36, Keflavík, áður til heimilis á Hólavöllum, Garði, andaðist á heimili sínu mánudaginn 9. janúar.

**Hinrik Helgi Konráðsson**, Moss, Noregi, áður til heimilis í Brautarholti 13, Ólafsvík, lést á heimili sínu mánudaginn 9. janúar.

**Jón R. Árnason** læknir, Sörlaskjóli 19, lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 9. janúar.

## JARÐARFARIR

15.00 **Ólafur Ásgrímur Þórðarson** bóndi, Rauðamýri, nú Breiðuvík 24, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Sophus A. Guðmundsson**, Sléttuvegi 13, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**





**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## AFMÆLI



Elísabet Þorgeirsdóttir rithöfundur er 51 árs.



Hreinn Loftsson, hæstaréttarlögmaður og stjórnarformaður Baugs, er 50 ára.



Ásta Möller þingmaður er 49 ára.



Björn Thors leikari er 28 ára.



Gunnlaugur Lárusson, tónlistarmaður og hönnuður, er 30 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1729** Edmund Burke rithöfundur og heimspekingur.



**1737** John Hancock bandarískur föðurlandsvinur.



**1876** Jack London rithöfundur.



**1893** Hermann Göring áróðursmálaráðherra Þýskalands.



**GÓÐ HEILSA ER GUÐSGJÖF** Ingibjörg Ögmundsdóttir er bráðhress miðað við aldur og er þakklát fyrir góða heilsu og barnalán. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

INGIBJÖRG ÖGMUNDSDÓTTIR: HELDUR UPP Á ALDARAFMÆLI

# Kýs alltaf vinstrimenn

Hún brosir blíðlega og tekur þéttingsfast í hendi blaðamanns þegar hann ber að garði í lítið en notalegt herbergi hennar á Hrafnistu í Reykjavík. Það er ekki á Ingibjörgu Ögmundsdóttur að sjá að hún fylli hundrað ár í dag. „Ég hef aldrei hugsað sérstaklega um aldurinn heldur læt hvern dag líða,“ segir hún blíðlega og greinir frá því stolt að hún sé fædd Húnvetningur en uppalin á Sauðárkróki. Þar bjó hún ásamt móður sinni og föður sem var söðlasmiður. Þrátt fyrir það segist Ingibjörg lítið hafa tengst hestum þó hún hafi komið á bak í sveitinni sem barn og þá oftast berbakt. „Pabbi gaf mér reyndar hnakk en ég nennti nú ekki að vera að bera hann á bakinu til að leita að hrossunum,“ segir hún og hlær. „Mamma var eins og hver önnur húsmóðir enda vorum við sex systkinin og hún hafði nóg að gera,“ segir hún glaðlega og minnist þess að gott hafi verið að alast upp á Króknum. Hafðist hún, ásamt hinum börnum bæjarins, löngum stundum við í fjörunni.

Í desember árið 1945 flutti Ingibjörg ásamt manni sínum til Siglufjarðar en hann var trésmiður. „Það var svo lítil atvinna á Sauðárkróki en mikið meira um hana á Siglufirði,“ segir Ingibjörg sem lærði ung karlmannafatasaum sem hún stundaði heima við jafnframt því sem hún leit til með börnum sínum fjórum.

Ingibjörg prjónar töluvert sér til dægrastyttingar. Reyndar svo mikið að börnin hennar líkja því góðlátlega við framleiðslu. Á litlu borði í herbergi hennar liggur fullkláraður sokkur úr bandi en Ingibjörg vill heldur prjóna úr því en lopa. Þá prjónar hún einnig dúkkuföt. „Það er alltaf basar hérna á vorin og þá læt ég þetta fram,“ útskýrir Ingibjörg, en hluti af prjónaskapnum endar einnig hjá börnum hennar og barnabörnum.

Ingibjörg segist ekki fylgjast mikið með þjóðfélagsumræðunni. „Ég er hins vegar aldrei í neinum vafa um hvað ég á að kjósa. Ég er vinstra megin og kýs ekki íhaldið,“ segir hún ákveðið og má Samfylkingin því gera ráð fyrir atkvæði hennar í næstu kosningum.

Á langri ævi á Ingibjörg margs að minnast, bæði sorgar og gleði. Hún segir þó leiðinlegu stundirnar gleymast og þær góðu lifa áfram. „Það sem stendur upp úr er hvað ég var heppin með börnin mín,“ segir Ingibjörg, sem er þakklát fyrir að hafa verið heilsuhraust lengstan part ævinnar. „Þegar ég hugsa til þess að ég er orðin hundrað ára og hef alltaf verið heilbrigð er það mikil guðsgjöf,“ segir Ingibjörg sem ætlar að samgleðjast með vinum og ættingjum í Helgafelli, Hrafnistu, milli fjögur og sex í dag. ■



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Aðalbjörn Jónsson**

Vesturbraut 36, Keflavík, áður til heimilis að Hólavöllum, Garði,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 9. janúar.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristín Rósinkransdóttir**
**Ester Aðalbjörnsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson**
**Jón Aðalbjörnsson** **Aldís Árnadóttir**
**Haraldur Aðalbjörnsson** **Sigrún Harðardóttir**
**Jakobína Aðalbjörnsdóttir** **Björgvin Skarphéðinsson**
**Rósinkar Aðalbjörnsson** **Ólöf Guðrún Albertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Eldur er tveggja ára

Hinn fagurrauði, kollótti og svipfríði Eldur frá Laugabóli hélt upp á tveggja ára afmæli sitt í gær. Eldur er þarfanaut Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og fæddist á bænum Laugabóli í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Áður en hann flutti í gott yfirlæti í bæinn bjó hann á nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hvanneyri. Eldur virðist una hag sínum í garðinum vel og deilir þar fjósi með tveimur kúm og tveimur nautkálfum. Tveggja mánaða gamall var Eldur 73 kíló, eins árs var hann orðinn 340 kíló og þegar hann tók sér stöðu sem þarfanaut Húsdýragarðsins ekki alls fyrir löngu var hann orðinn 492 kíló. Aldeilis stæðilegur boli.

Hægt er að heimsækja Eld og alla hans nágranna hvern dag frá klukkan 10 til 17.



**FAGURRAUÐUR OG SVIPFRÍÐUR** Eldur tók við stöðu Guttorms sem þarfanaut Fjölskyldu- og húsdýragarðsins ekki alls fyrir löngu.



**SKREYTT FYRIR NÝJA ÁRIÐ** Ungur maður velur sér rauða lampa fyrir komandi vorhátíð í borginni Shijiazhuang í Kína. Nýja árið í Kína rennur í garð þann 29. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 30907 01/2006

NÝTT

20% afsláttur

PGX™

Engar töfralausnir við þyngdartap

- Hjálpar við fitubrennslu (vinnur ekki á vöðvamassa)
- Kemur í veg fyrir óstjórnlega löngun í aukabita á milli mála
- Veitir þér seddu- og sælutilfinningu
- Veldur lægri og jafnari blóðsykri eftir kaloríuinntöku.

2.064 kr.

Verð áður 2.580 kr.




Tilboðið gildir til 18. janúar.

NÝTT

Q GEL FORTE

Eykur orku og úthald, er einnig öflugt andoxunarefni og hefur jákvæð áhrif á hjarta- og æðakerfi.

2.344 kr.




LIVING FOOD ENERGY

Living Food Energy-duftið er frábært til að að koma meltingunni í jafnvægi eftir hátíðirnar.

frá 2.989 kr.




ANGELICA

Með Angelicu úr íslenskri ætihvönn færð orku og sjaldnar kvef.

1.789 kr.




NÝTT

L'ORÉAL SCULPT UP

Stinnir og styrkir slappa húð á maga og rassi. Frábært fyrir konur eftir barnsburð og eins þá sem hafa misst mikla þyngd á skömmum tíma.

1.469 kr.




BOGENSE SÁPA

Nuddsápa sem stinnir og grennir líkamann. Nuddhanskar og sápubox fylgja.

1.469 kr.



Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási



allt að
70%
afsláttur

# Útsala

## á öllum pottaplöntum



Tulipanar
990
10 stk

Verðdæmi:



Bonsai 799




**10-30%**
**afsláttur**

Verðdæmi:

# Heilsudagar

## á Græna torginu í Skútuvogi.

10-30% afsláttur af öllum vörum á Græna torginu.

Kynningar, fræðsla og smakk.



Orkideur 999 stk

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind





## STUÐ MILLI STRÍÐA Nýi Íslendingurinn

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** VILL AÐ FÓLKI SÉ GEFINN FRIÐUR



Ég held að þessi „Ísland er best í heimi“-leikur sem við höfum verið að leika sé alvarlega farinn að brengla okkur. Sem kom ber-sýnilega í ljós þegar Íslendingur númer þrjúhundruðþúsund leit dagsins ljós. Hagstofan hóf æsispennandi niðurtalningu og forsætisráðherrann stökk til ásamt fríðu föruneyti og fjölmiðlum á sængina hjá nýbakaðri móðurinni, sem var að líta drenginn í annað sinn, til að afhenda henni heillaóskaskeyti. Ég væri ekki hissa ef farið hefði þess á leit við móðurina að fá að fylgjast með fæðingunni í beinni útsendingu.

Sjálfum foreldrunum fannst þetta ekkert merkilegt og móðirin þreytt eftir erfiða fæðingu og óskaði sér eflaust einskis frekar en að eiga stund með nýfæddu barni sínu. Hverskyns tala er líka þrjúhundruð þúsund? Fögnum þegar við náum einni milljón en ekki þrjúhundruðþúsund. Það er ekki einu sinni sexí tala, enda myndi ekki einu sinni spurningaþáttur í sjónvarpinu kynna sig með slagorðinu, „Viltu vinna þrjúhundruðþúsund?“ Sem er reyndar frekar eitthvað sem forsætisráðherra hefði átt að færa henni, en ekki eitthvert heillaóskaskeyti, og þá hefði fyrst komist alvöru happdrættisbragur á þessa fæðingu. Þó að alvöru happdrættisvinningurinn er að sjálfsögðu drengurinn sem er fyrst og fremst merkilegur og einstakur í augum foreldra sinna sem eflaust hafa aldrei litið annað eins undur, sama hvar í röðinni hann fæddist. Hefði mér þótt það eðlilegt að fjölskyldan hefði fengið stundarfrið og hvíld eftir þau átök sem það tekur að komast í heiminn. Svona eins og gert er í útlöndum þegar prinsar og prinsessur fæðast, en við erum víst ekki í útlöndum, við erum á Íslandi. Besta landi í heimi? ■






## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 2 | 7 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 5 | 2 |
| 6 | 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 8 | 1 | 5 | 6 | 9 | 3 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 7 | 9 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 |
| 5 | 8 | 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 4 | 9 | | | 2 | |
| 4 | | | | 1 | 6 | | | |
| | | | | | 8 | | | 4 |
| | 5 | 4 | | | | | | 7 |
| 1 | 8 | | | | | | 3 | 6 |
| 9 | | | | | | 1 | 5 | |
| 6 | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | 2 | | | | 3 |
| | 2 | | | 6 | 4 | 7 | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

**Veldu Focus C-Max** www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

Nýtt tákn um gæði




**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Nýársuppbót á nýjum Focus C-Max**

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu á nýju ári. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri. Nýttu þér nýárstilboð Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.



**Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.**

- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

**Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar**

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**

**Veldu Ford Focus C-Max**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| Verð með nýársuppbót | 1.845.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| Verð með nýársuppbót | 2.070.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| Verð með nýársuppbót | 2.260.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (152% aukning frá 2003) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. 1)Aðeins með 2 lítra vél.

# menning

menning@frettabladid.is

**!**

**Kl. 20.00**

*Skoski sekkjapípuleikarinn og þjóðfræðingurinn Gary West heldur tónleika í Norræna húsinu á vegum Félags þjóðfræðinga á Íslandi. Gary West er talinn einn besti sekkjapípuleikari Skotlands og hefur komið fram á virtustu tónlistarhátíðum Evrópu og Norður-Ameríku. Hann mun leika á sekkjapípu sína og að auki kynna þetta sérstaka hljóðfæri og tónlistina sem hann flytur.*

# Námskeið um Öskubusku



Í tengslum við sýningu Íslensku óperunnar á Öskubusku eftir Rossini heldur Gunnsteinn Ólafsson, tónskáld og hljómsveitarstjóri, námskeið á vegum Vinafélags Íslensku óperunnar og Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Farið verður í uppbygginu tónlistarinnar, samspil hennar og textans grandskoðað og gætt að hvernig form tónlistarinnar stjórnar dramatískri framvindu verksins. Fjallað verður ítarlega um Rossini og Öskubusku og einstakir hlutar óperunnar teknir til nánari skoðunar, með hjálp tón- og mynddæma.

Öskubuska var frumsýnd í Róm 25. janúar 1817 og hefur síðan þá verið sýnd reglulega í óperuhúsum víða um heim, en þetta er í fyrsta skipti sem hún er sett upp hér á landi. Námskeiðið verður haldið þrjú þriðjudagskvöld á tímabilinu 7. febrúar til 21. febrúar í húsnæði Endurmenntunar. Fjórða og síðasta kvöld námskeiðsins, sunnudaginn 26. febrúar, verður farið á sýningu í Óperunni þar sem færi gefst á stuttu spjalli við nokkra af aðstandendum uppsetningarinnar.

Öskubuska syngur Sesselja Kristjánsdóttir og hlutverk prinsins Ramiros syngur Garðar Thor Cortes. Stjúpfaðirinn Don Magnifico er sunginn af Davíð Ólafssyni og með hlutverk stjúpdætranna fara annars vegar Hlín Pétursdóttir sem Clorinda og hins vegar Anna Margrét Óskarsdóttir sem Tisbe.

## > Ekki missa af...

Hryllingsmyndinni Hostel. Það er að segja ef þið eruð fyrir blóð, pyntingar og almennan viðbjóð. Annars ættuð þið að halda ykkur sem lengst frá þessari mynd sem aðalleikari myndarinnar, Jay Hernandez, hefur varað við í erlendum fjölmiðlum. Það á víst að vera stórskemmtilegt fyrir þjóðarstoltið að sjá Eyþór Guðjónsson fara hamförum sem stuðboltinn Óli og ekki skemmir fyrir að leikstjóri myndarinnar, Eli Roth, er yfirlýstur Íslandsvinur nr. 1.











**EIN AF LJÓSMYNDUM JÓNU** „Móðir Jörð“ nefnist sýning Jónu Þorvaldsdóttur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

# Dulúð í Skotinu

**Sýningar á draumkenndum Íslandsmyndum Jónu Þorvaldsdóttur verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag.**

„Ég legg dálítið upp úr því að gera myndir sem vekja upp góðar tilfinningar eða jafnvel spurningar hjá fólki,“ segir Jóna Þorvaldsdóttir ljósmyndari. Í dag verður opnuð sýning á ljósmyndum hennar í Skotinu, nýrri sýningaraðstöðu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sýninguna nefnir Jóna „Móður Jörð“, en allar myndirnar á sýningunni eru teknar á Íslandi.

„Þetta eru draumkenndar landslagsmyndir,“ segir Jóna Þorvaldsdóttir ljósmyndari um myndir sínar. „Ég er meira að fanga ákveðna stemningu og augnablik, frekar en að þetta séu hefðbundnar landslagsmyndir.“

Stundum sjást persónur á myndunum, en jafnvel þá er persónan sjálf aukaatriði rétt eins og landslagið.

„Þetta eru myndir sem manni ætti að líða vel að horfa á. Ég er ekki að mynda til að ögra, allavega ekki viljandi.“

Myndirnar eru allar handunnar á pappír, því ekki eru þær stafrænar, en eftir það skannar Jóna myndirnar fyrir sýninguna, því þeim er varpað á vegg.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég sýni myndirnar mínar á þann hátt vegna þess að ég hef alltaf lagt mikið upp úr því að ganga frá þeim sjálf á kartoni og í ramma.“

Skotið er ný sýningaraðstaða í anddyri Ljósmyndasafns Reykjavíkur, sem er til húsa uppi á sjöttu hæð í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15. Jóna nam ljósmyndun í Póllandi og hefur tekið fjölda mynda á ferðalögum sínum víða um heiminn. Hún hefur áður haldið sýningar í Hafnarborg, Gallerí Fold og Mokkakaffi. ■


BORGARLEIKHÚSIÐ




Stóra svið

**SALKA VALKA**
Su 22/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**WOYZECK**
Su 15/1 kl. 20 Lau 21/1 kl. 20
Su 29/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**KALLI Á ÞAKINU**
Su 15/1 kl. 14 Lau 21/1 kl. 14
Su 22/1 kl. 14 SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**CARMEN**
Í kvöld kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fö 13/1 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Gul kort
Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort
Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort

Nýja svið/Litla svið

**MANNTAFL**
Lau 14/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í FEBRÚAR!

**BELGÍSKA KONGÓ**
Su 15/1 kl. 20 UPPS. Fö 20/1 kl. 20 UPPS.
Lau 21/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20
Lau 4/2 kl. 20 Su 5/2 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Í kvöld kl. 20 FRUMS. UPPS. Fö 13/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20

**Naglinn**
e. Jón Gnarr í samstarfi við 540 Gólf leikhús
Fö 20/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. Lau 21 /1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20 UPPSELT Fö 27/1 kl. 20
Lau 28/1 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

10. sýn. í kvöld fim. 12/1 örfá sæti laus, fös. 13/1 örfá sæti laus, lau. 14/1 örfá sæti laus, fös. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 21/1 nokkur sæti laus, fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1 nokkur sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2, lau. 4/2 örfá sæti laus. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Fös. 13/1 örfá sæti laus, lau. 14/1 nokkur sæti laus, sun. 15/1, fös. 20/1, lau. 21/1, sun. 22/1, mið. 25/1 **uppselt**, fös. 27/1, lau. 28/1, sun. 29/1, fös. 3/2, lau. 4/2, sun. 5/2, mið. 8/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2, sun. 12/2 örfá sæti laus. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Aðeins þessar sýningar!**

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 15/1 kl. 18:00, sun. 22/1 kl. 18:00, sun. 29/1 kl. 18:00, sun. 5/2 kl. 18:00, sun. 12/2 kl. 18:00 örfá sæti laus. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

**Himnaríki**
Föstud. 20.
Laugard. 21.
Laugard. 28

**Mind Kamp**
Forsýning föstud. 13. uppselt
Hátíðaropnun sunnud. 15. uppselt
Fimmtud. 19.
sunnud. 22.
föstud. 27.
sunnud. 29.

**Ef**
Mánud. 16. kl. 9 og 11 Uppselt
Þriðjud. 17. kl. 9 og 11 uppselt
Þriðjud. 24. kl. 9 og 11 Uppselt
Miðvikud. 25 kl. 9 og 11 Uppselt

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ



HILMIR SNÆR GUÐNASON

ÉG ER MÍN EIGIN KONA



föstudagur 13.01 UPPSELT
laugardagur 14.01 UPPSELT 50. sýning
föstudagur 20.01 UPPSELT
laugardagur 21.01 UPPSELT
sunnudagur 22.01 örfá sæti laus
laugardagur 28.01 laus sæti

SÝNT Í IÐNÓ KL. 20

MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700

Landsbankinn

Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

9 10 11 **12** 13 14 15

**Fimmtudagur**

### ■ TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Fiðluleikarinn **Boris Brovtsyn** flytur ásamt **Sinfóníuhljómsveit Íslands** fiðlukonsert eftir Jean Sibelius á tónleikum í Háskólabíói. Hljómsveitin flytur einnig verk eftir Zoltan Kodály og Sibelius. Stjórnandi er Arvo Volmer.

☐ 20.00 Félag þjóðfræðinga á Íslandi stendur fyrir tónleikum með skoska sekkjapípuleikaranum og þjóðfræðingnum **Gary West** í Norræna húsinu.

☐ **Dead Sea Apple** heldur sína árlegu tónleika á Gauknum.

### ■ OPNANIR

☐ Sýning á ljósmyndum **Jónu Þorvaldsdóttur** verður opnuð í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á 6. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**Námskeið um Öskubusku og Rossini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands**
**Skráning í síma: 525 4444 - endurmenntun@hi.is**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

# Frönsk kvikmyndahátíð sett í Háskólabíó í kvöld

**Í kvöld hefst hin árlega franska kvikmyndahátíð í Háskólabíói með frumsýningu kvikmyndarinnar Lemming að viðstöddum leikstjóranum Dominik Moll, en myndin var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes á síðasta ári.**



**CACHÉ** Þessi franska mynd hefur fengið mikið lof gagnrýnenda og hlaut meðal annars leikstjóraverðlaunin á Cannes.

Franska kvikmyndahátíðin í Háskólabíói hefur verið árlegur viðburður síðan 2001 og nýtur sífellt meiri vinsælda. Frönsk kvikmyndagerð hefur lengi verið meðal þeirrar bestu sem gerist í Evrópu og hafa franskar myndir yfirleitt mælst vel fyrir hjá íslenskum kvikmyndahúsagestum en best gekk þegar heimildarmyndin Farfuglarnir trekkti áhugasama að fyrir tveimur árum. Það eru Alliance Francaise, franska sendiráðið og Samfilm/Háskólabíó sem standa að þessari hátíð.

Að þessu sinni verða tíu kvikmyndir sýndar en hátíðinni lýkur 30. janúar þó hugsanlegt sé að sýningum á vinsælum myndum verði haldið áfram. Tvær kvikmyndir vekja hvað mesta athygli en það er áðurnefnd Lemming og svo Caché sem gagnrýnendur hafa hlaðið lofi að undanförnu.



**LEMMING** Leikstjóri myndarinnar, Dominik Moll, mun sækja hátíðina heim og vera viðstaddur frumsýningu í kvöld.

Lemming segir frá Bénédicte og Alain Getty sem eru hamingjusamlega gift og hafa komið sér vel fyrir í úthverfi Toulouse. Alain vinnur sem forritari hjá þekktu hugbúnaðarfyrirtæki en Bénédicte hefur enn ekki gengið að finna sér vinnu. Eitt kvöldið ákveða þau að bjóða yfirmanni Alains í mat en afleiðingar þess eiga eftir að verða með skelfilegra móti. Leikstjórinn Dominik Moll mun koma hingað til lands í tilefni af frumsýningu myndarinnar, en hann er einn af efnilegustu leikstjórum Frakka um þessar mundir. Aðalhlutverkin í myndinni eru í höndum Laurant Lucas og Charlotte Gainsbourg, en hún er einmitt dóttir tónlistarmannsins fræga Serge Gainsbourg sem samdi meðal annars franska lagið Je t‘aime... moi non plus.

Tveir af vinsælustu leikurum Frakka leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni Caché. Það eru þau Daniel Auteuil og Juliette Binoche. Myndin var einnig tilnefnd til Gullpálmans í Cannes og hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórn og var þar að auki valin besta myndin af gagnrýnendum. Þá rakaði hún til sín verðlaunum á Evrópsku kvikmyndaverðlaunahátíðinni. Caché segir frá George og Anne sem eru hjón og lifa þægilegu lífi meðal menntaðrar millistéttar Parísar. Örugg tilvera þeirra fer smám saman úr skorðum þegar þeim fara að berast nafnlausar sendingar; spólur með þeim sjálfum, teknar upp fyrir utan heimili þeirra, ásamt ógnvænlegum teikningum. Smám saman verða upptökurnar persónulegri og ljóst er að sendandinn hefur þekkt George í langan tíma. **- fgg**


AIKIDO



Námskeið allt árið
í sal Aikikai Reykjavík í Faxafeni 8.
Skoðið heimasíðuna www.aikido.is
Verið velkomin í frían prufutíma
(það eina sem þú þarft að gera er að mæta)

Byrjendapakki:
Vorönn hefst 12. janúar kl. 18:00.
Gráðupróf í apríl.
Æfingar eru allt að sex á viku.
Verð 15.000 kr. fyrir fullorðna og
12.000 kr. fyrir unglinga (12-15 ára).
(para- og systkinaafsláttur).
Ókeypis aikido galli
fylgir með byrjendanámskeiði!
Hringið í eftirfarandi símanúmer
til að fá nánari upplýsingar:
822-1824 & 897-4675
eða kíkið á heimasíðuna:
www.aikido.is



Barnatímar
hefjast einnig 12. janúar.
Æft er tvisvar í viku,
á mánudögum og fimmtudögum milli kl. 17:00-18:00.
Aldur 6-11 ára. Verð 9.500 kr.
Upplýsingar um barnastarf veitir
Jóhann í síma: 820-4070



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Nú er tækifæri**

*Nokkur pláss laus á **skrifstofubraut I***

Skrifstofubraut I er tveggja anna braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**

**Inntökuskilyrði:** Grunnskólapróf. Kennt er frá kl. 12:30 – 17:00
Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 5944000/8244114. Netfang. ik@mk.is



Tónsalir

**Skemmtileg námskeið**

**Gítarnámskeið**
10 vikna byrjendanámskeið í gítarleik fyrir börn og unglinga. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 7-15 ára. Kennt er í litlum hópum, 3-4 saman, þar sem nemendum er raðað saman eftir aldri og getu.



**Trommunámskeið**
10 vikna námskeið í undirstöðuatriðum trommuleiks fyrir börn og unglinga. Nemendur eru tveir saman í tíma með kennara, þar sem raðað er nemendum saman eftir aldri og getu.



**Bassanámskeið**
10 vikna námskeið í undirstöðuatriðum bassaleiks fyrir börn og unglinga. Kennt er í litlum hópum þar sem nemendum er raðað saman í tíma eftir aldri og getu.



**Partýgítarleikur**
7 vikna skemmtilegt byrjendanámskeið í gítarleik ætlað fullorðnum. Námskeiðið er ætlað fólki sem langar til að læra einföldustu gítargripin og vera fært um að spila í útilegunni eða partíinu, sér og öðrum til gamans. Kennt er í 5 manna hópum þar sem gleðin verður í hávegum höfð.



**Leikskólagítarleikur**
7 vikna skemmtileg byrjandagítarnámskeið, sérsniðið fyrir leikskólakennara, leiðbeinendur og aðra þá sem vilja læra að leika undir barnasöng.

Upplýsingar og skráning á heimasíðu okkar www.tonsalir.is

Tónsalir

Tónsalir Bæjarlind 2 (Löður-húsinu) sími 534 3700 www.tonsalir.is





SPLASH TV
FIMMTUDÖGUM KL. 20:30
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



*Are you sure you‘re ready for this?*
Stanley Goodspeed: *I‘ll do my best.*
John Mason: *Your „best“! Losers always whine about their best. Winners go home and fuck the prom queen.*
Stanley Goodspeed: *Carla was the prom queen.*

Nicholas Cage og Sean Connery fóru hamförum í kvikmyndinni The Rock sem Stanley Goodspeed og John Mason.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Draumur leikstjórans


**CHRIS COOPER** Missti son sinn á síðasta ári en hefur þrátt fyrir það haldið sínu striki og birtist kvikmyndahúsagestum í þremur stórmyndum á næstu misserum.

Vanti leikstjóra einhvern gæðaleikara, sem lítur út eins og venjuleg manneskja en ekki framleiðsluvara úr einhverri útlitsmaskínu, er líklegt að sá hinn sami hringi í umboðsmann Chris Cooper. Þessi fyrrverandi verkamaður hefur slegið í gegn á hvíta tjaldinu að undanförnu og þeir eru ófáir sem telja hann vera einn besta leikarann sem völ er á. Ferill hans hófst þó ekki með neinum hvelli heldur hefur Cooper smám saman verið að fikra sig upp metorðarstigann í kvikmyndageiranum.

Fyrst var tekið eftir Chris Cooper af einhverri alvöru þegar hann lék lögreglustjórann Sam Deeds í kvikmynd John Sayles, Lone Star. Í kjölfarið bauðst honum að leika við hlið nýstirnisins Matthews McConaughey í Time to Kill og smá hreyfing komst á hlutina.

Cooper valdi sér þó kvikmyndir af kostgæfni enda hefur það reynst leikurum dýrkeypt að falla fyrir grænu seðlunum og gylliboðum þegar vel gengur. Hann tók að sér hlutverk Franks Fitt í kostulegri háðsádeilu Sams Mendes, American Beauty og þótti engu síðri en Óskarsverðlaunahafinn Kevin Spacey. Þremur árum síðar stóð Cooper í sporum Spacey þegar hann hreppti styttuna góðu fyrir leik sinn í hinni mögnuðu Adaptation eftir Spike Jonze.

Cooper er önnum kafinn leikari en í janúar á síðasta ári dundi yfir hann mikill fjölskylduharmleikur þegar sonur hans lést. Leikarinn hefur þó haldið sínu striki þrátt fyrir sorgina og mun á næstunni birtast í kvikmyndum á borð við Capote og Syriana.



### > Ekki missa af...

Hryllingsmyndinni Hostel. Það er að segja ef þið eruð fyrir blóð, pyntingar og almennan viðbjóð. Annars ættuð þið að halda ykkur sem lengst frá þessari mynd sem aðalleikari myndarinnar, Jay Hernandez, hefur varað við í erlendum fjölmiðlum. Það á víst að vera stórskemmtilegt fyrir þjóðarstoltið að sjá Eyþór Guðjónsson fara hamförum sem stuðboltinn Óli og ekki skemmir fyrir að leikstjóri myndarinnar, Eli Roth, er yfirlýstur Íslandsvinur nr. 1.

### FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**Jarhead**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 7,3 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 59% / Rotin |
| Metacritic | 7,4 / 10 |



**Cheaper by the Dozen 2**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 4,3 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 7% / Rotin |
| Metacritic | 2,5 / 10 |



**Brokeback Mountain**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 7,9 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 88% / Fersk |
| Metacritic | 8,5 / 10 |

# Kúrekar Ang Lee koma til bæja

**Velgengni Brokeback Mountain hefur komið mörgum á óvart. Heath Ledger og Jake Gyllenhal hafa hingað til ekki verið meðal helstu vonarstjarna kvikmyndaborgarinnar og Ang Lee gerði síðast hina misgóðu Hulk. Þar að auki er efni myndarinnar nokkuð eldfimt, tveir samkynhneigðir kúrekar, en einfarar sléttunnar hafa hingað til verið táknmynd karlmennskunnar í Bandaríkjunum.**


**ENNIS OG JACK** Kúrekarnir tveir upplifa tilfinningar sem þeir hafa fram að þessum tíma reynt að bæla niður. Brokeback Mountain þykir líkleg til afreka á næstu Óskarsverðlaunahátíð.

Ang Lee teflir nokkuð djarft með þessari mynd en hún er tilnefnd til sjö Golden Globe verðlauna. Kúrekar hafa í gegnum árin birst okkur sem byssuglaðir, drykkfelldir kvennabósar en Lee tekur þetta „kyntákn“ úr fílabeinsturni sínum og setur það í nýtt samhengi. Kvikmyndaspekúlantar spá myndinni mikilli velgengni á Óskarnum þó eflaust eigi margir af hinum íhaldssömu eigendum kvikmyndahúsa enn erfitt með að samþykkja þetta forboðna ástarsamband. Myndin er alls ekki allra því kvikmyndahús í Utah hafnaði að sýna hana vegna innihaldsins en mormónar í borginni mótmæltu kröftuglega.

Brokeback Mountain fjallar um Ennis Del Mar og Jack Twist sem ráðnir eru til að gæta hjarðar á Brokeback-fjallinu hjá sauðfjárbóndanum Joe Aguirre. Báðir telja sig vissa um stöðu sína í þjóðfélaginu, ætla að vinna, ganga í hjónaband og eignast börn með spúsum sínum. Í fjallaloftinu verða þeir varir við nýjar kenndir og með þeim takast ástir sem fyrirlitnar eru af samfélaginu. Þeir hylja spor sín gaumgæfilega og fjögur ár líða þar til þeir hittast á ný. Þrátt fyrir að hafa talið sér trú um að tilfinningar þeirra í hvors annars garð væru kulnaðar kemur annað í ljós því þær hafa ef eitthvað er styrkst og leynilegt samband er nánast óumflýjanlegt. Fyrr en síðar neyðast þeir þó til þess ganga fram fyrir skjöldu og upplýsa hver hinn rétti í þeirra lífi er.

Það eru Jake Gyllenhal og Heath Ledger sem leika aðalhlutverkin í þessari rómantísku en jafnframt dramtísku kvikmynd um forboðnar ástir. Ledger hefur fengið mikið hrós fyrir frammistöðu sína og þykir eiga Óskarinn vísan fyrir leik sinn. Þrátt fyrir ekkert alltof gott gengi græna risans Hulks nýtur Ang Lee mikillar virðingar. Crouching Tiger, Hidden Dragon ætti að vera næg sönnun þess að leikstjórinn veit sínu viti. Gagnrýnendur hafa vart mátt vatni halda yfir þessari mynd sem er sögð vera falleg ástarsaga. **- fgg**

# Flóabardagi í nýju ljósi

Fyrir ekki margt löngu var Hollywood upptekin af því að gera myndir um Víetnamstríðið. Það virtist vera óþrjótandi sögubrunnur en kvikmyndagerðarmönnum virðist ekki hafa leiðst að takast á við blóði drifna slóð Bandaríkjamanna þar í landi. Loksins, loksins gætu því einhverjir sagt því nú virðist Flóabardaginn árið 1990 vera það stríð sem er að taka við af því sem í Víetnam var háð.

Kvikmyndin Jarhead er byggð á endurminningum Anthonys Swofford sem tvítugur að aldri var sendur til Sádi-Arabíu í upphafi tíunda áratugarins þegar Saddam Hussein réðst inn í Kúvæt með hersveitir sínar. Í uppsiglingu átti að vera stríð við einræðisherrann en hátæknivopn Bandaríkjahers braut innrás Íraka á bak aftur eftir tiltölulega skamman tíma án mikils mannfalls í röðum bandamanna. Jarhead segir sögu þessara hermanna sem þurftu að bíða milli vonar og ótta eftir því að styrjöld brytist út, bið sem er oft erfiðari en að vera í sjálfu stríðinu.

Bókin Jarhead kom út árið 2003 og varð strax metsölubók í Bandaríkjunum. Gagnrýnendur vestra sögðu að stríði og afleiðingum þess hefði aldrei verið lýst á jafn hnyttinn og einlægan hátt. Gagnrýnandi New York Times, Michiko Kakutani, sagði bókina vera eina bestu frásögn úr hernaði.

Miklar væntingar eru bundnar við Jarhead enda valinn maður í hverju rúmi. Leikstjóri myndarinnar, Sam Mendes, fékk Óskarsverðlaun fyrir kvikmyndina American Beauty þar sem Kevin Spacey fór á kostum sem Lester Burnham. Jake Gyllenhal er á góðri leið með að verða einn allra vinsælasti leikari kvikmyndaborgarinnar og Jamie Foxx fékk Óskarinn fyrir leik sinn sem Ray Charles en var einnig útnefndur í flokki aukaleikara fyrir frammistöðu sína sem leigubílstjórinn Max. ■


**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Það er engin linkind í boði fyrir stríð og hermenn eru látnir æfa í fullum skrúða þrátt fyrir steikjandi hita.


**MARTIN OG LEVY** Erkifjendurnir hittast í sumarfríi sínu og það veit aldrei á gott.

# Borist á banaspjót

Baker-fjölskyldan er snúin aftur og nú þarf hún að kljást við Murtaugh-fjölskylduna í sínum æsilegasta bardaga hingað til. Sem fyrr er það Steve Martin sem leiðir hina fjölmennu hersveit en að þessu sinni er það enginn aukvisi í liði andstæðinganna því Eugene Levy ætlar að verjast með kjafti og klóm.

Cheaper by the Dozen 2 er sjálfstætt framhald samnefndrar myndar sem naut töluverðra vinsælda á sínum tíma, en í henni neyddist fjölskyldufaðirinn til að hafa hemil á stórri fjölskyldu sinni með skrautlegum afleiðingum. Að þessu sinni vill Tom Baker fara með fjölskyldu sína í rólegt sumarfrí við Winnetkavatn. Það vill þó ekki betur til en svo að mesti óvinur Toms, Jimmy Murtaugh, hafði gert sömu áætlanir. Með þá tvo á sama fermetranum geta hlutirnir einungis farið til fjandans. Auk Martins og Levys fer Bonnie Hunt með stórt hlutverk í myndinni auk unglingastjarnanna Hillary Duff og Piper Perabo. ■


ÚTRÝMINGARSALA
SAMSUNG ELECTRONICS
Canon
REMINGTON
Panasonic
SHARP
elta
THOMSON
HYUNDAI
HEIMSÞEKKT VÖRUMERKI
Seljum sýningareintök á botnverði
SJÓNVARPSTÆKI - LCD - PLASMA
Allt á að seljast
verslunin flytur
RAFTÆKI GEÐBILAÐ VERÐ
HEIMILISTÆKI - FYRIR ÞIG
TÓNLIST - TÖLVULEIKIR - DVD
Fá eintök í boði
fyrstur kemur - fyrstur fær
expert
Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnnudaga kl. 13.00 - 17.00
Birt með fyrirvara um villur.




**> Til eru fræ**

*...bragðast ógurlega vel og er pottþétt nasl fyrir alla sem eru að koma sér af stað í ræktinni. Fræin eru frá Móður náttúru.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

## Spörfuglar með lappir upp í loft



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Jómfrúarólífuolíu.

**Fyrsta minningin um mat?** Hún tengist náttúrulega móður minni, þessari elsku. Það var í denn þegar hún gaf mér soðna ýsu og kartöflur, allt stappað saman með smjöri í einn góðan graut. Þetta er góð minning.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ein albesta máltíð sem ég hef fengið var uppi í fjöllunum nálægt Bologna á Ítalíu á sveitaveitingastað eins og þeir gerast bestir í þeirri matarkistu. Á boðstólum voru meðal annars pínulitlir spörfuglar sem komu uppraðaðir á stóru fati, allir með lappirnar upp í loft.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Sem barn var ég frægur gikkur og matvönd með afbrigðum. Með árunum er ég farin að borða nánast hvað sem er. En þó fyrir nokkrum árum lenti ég í þeim ósköpum að smakka siginn fisk og hann fannst mér mjög vondur. Eins og að borða eitthvað útrunnið. Síðan lentum við hjónin ásamt vinum okkar í hremmingum í fyrra en þá borðuðum við sjálfdauða álft. Hún hafði flogið á rafmagnsvír í sveitinni og fengið hjartaáfall. Við hlökkuðum mikið til að smakka og þá kom í ljós að þarna hefur líklega langamma verið á ferðinni því kjötið var eins og verulega gamall skósóli. Nema að rafmagnsstuðið hafi hlaupið svona illa í hana greyið. En vínið og kompaníið var gott.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Nýjasta leyndarmálið er ekta íslenskt smjör en það má ekki segja frá því.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Popp, ekki spurning.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Hvítlauk og síðan smokkfisk í frystinum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** „Crispy Duck with pancakes“ frá Soho í London.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það er snákakjöt sem ég smakkaði úti í Kína í fyrra. Maður beið bara eftir að þeir mundu bíta mann. Þar var líka mikið af asnakjöti á boðstólum. Við ættum kannski að prufa það hér á Íslandi!

FAXE ROYAL:

## Salan hefur þrefaldast

Í haust kom á markaðinn hérlendis nýr bjór frá Faxe sem heitir Royal. Einhverjir kunna að hafa kannast við bragðið af þessum ágæta bjór, en hér er um að ræða sama bjór og hingað til hefur verið seldur undir nafninu Ceres Royal en Ceres og Faxe eru systurfyrirtæki. Þau tilheyra bæði Royal Unibrew sem er stærsti útflytjandi bjórs í Skandinavíu. Skemmst er frá því að segja að bjórinn sló í gegn og seldist á haustmánuðum þrefalt meira af honum en áður hafði selst af forvera hans Ceres á heilu ári.

Bjórinn er 5,6% að styrkleika og hefur notið mikilla vinsælda hér á landi líkt og í nágrannalöndum okkar, en nefna má að hann er vinsælasti bjórinn í Danmörku í flokki gullbjóra með áfengisinnihald frá 5 til 6,3 prósent.

*Verð í vínbúðum 139 kr. í 33 cl dós og 199 kr. í 50 cl dós.*














JAKOBÍNA SIGURÐARDÓTTIR Valdi svokallaðan „föstudagskjúkling“ fyrir sína uppáhalds uppskrift. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Óhrædd við að gera tilraunir

Jakobína Sigurðardóttir er framkvæmdastjóri Hreyfigreiningar sem er heilsurækt og sjúkraþjálfunarstöð á Höfðabakka. Þegar hún er innt eftir sinni uppáhalds uppskrift er hún ekki lengi að hugsa sig um. „Það er föstudagskjúklingur eins og við fjölskyldan köllum hann. Þetta er kjúklingur sem er eldaður á mjög auðveldan og þægilegan máta. Lystugur matur sem við fáum aldrei leið á þó svo að við borðum hann í hverri viku. Þetta er orðin hefð hjá okkur og fjölskyldan leggur áherslu á að koma saman á föstudögum og borða þennan rétt.“

Jakobína segist þó ekki sjá alfarið um eldamennskuna á heimilinu. „Við erum með ákveðið kerfi þar sem hver og einn á ákveðna daga og skiptumst því á að elda. En ég byrjaði þó ung í eldamennskunni og stóð með mömmu í eldhúsinu þegar ég var unglingur.“

Spurð um hvað henni þyki nauðsynlegt að eiga eldhúsinu segir hún: „Mér finnst nauðsynlegt að eiga hollan mat. Einnig nota ég mikið skyr eða grjónagraut þegar ég vil fara skemmri leið í eldamennskunni og þá höfum við sláturkepp með. Eitthvað sem ég elda aldrei eru til dæmis franskar kartöflur og djúpsteiktur matur, tel það ekki hollt fyrir neinn að innbyrða svo mikla fitu. Ég geri mikið tilraunir í eldhúsinu með hinum ýmsu pottréttum. Gjarnan nota ég þá hræristeikt grænmeti, niðurbrytjaðar kjúklingabringur eða einhverja afganga. Mér finnst skemmtilegast að elda frá hjartanu í stað þess að fara eftir uppskriftum.“ ■

### FÖSTUDAGSKJÚKLINGUR

1 ferskur kjúklingur
hrísgrjón fyrir fjóra

kryddblanda:
1 dl ólífuolía
1 tsk salt
2 msk Italian seasoning
hvítlaukur eftir smekk
- öllu blandað saman

Hægt er að nota frosinn kjúkling í réttinn en ferskur er betri. Kjúklingurinn er þveginn vel undir rennandi vatni og síðan hlutaður í að minnsta kosti fjóra parta. Örlítil ólífuolía er sett í eldfast mót og bitarnir fjórir settir í mótið með rönguna upp. Þessu er skellt í ofninn á 220° hita. Á meðan kjúklingnum er leyft að hitna er gott að setja yfir hrísgrjón og laga kryddblönduna. Þessi uppskrift dugar vel fyrir fjóra og því passar að setja um einn bolla af hrísgrjónum yfir. Kjúklingnum er svo snúið við og hann penslaður með kryddblöndunni nokkrum sinnum á meðan hann er eldaður eða þar til kryddblandan er búin. Kjúklingurinn er eldaður í um 35-45 mínútur. Mjög gott er að hafa ferskt eplasalat með þessum rétti. Ef fólk vill fækka hitaeiningum í réttinum þá er upplagt að fjarlægja skinnið af kjúklingnum áður en hann er eldaður.

## Ölgerðin tekur við þekktum víntegundum frá Fosters

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. hefur tekið við umboði fyrir nokkrar þekktar víntegundir frá Foster´s Group (www.fosters.com.au) sem Eðalvín ehf hafði umboð fyrir og sér hér eftir um sölu og dreifingu þeirra. Með þessari viðbót hefur Ölgerðin bætt enn frekar það úrval af vínum sem fyrirtækið hefur umboð fyrir hér á landi.

Vínin eru frá Ástralíu og Bandaríkjunum og eru mörg hver heimsþekkt og hafa verið vinsæl á Íslandsmarkaði. Vínin eru:

Wolf Blass frá Ástralíu; sex tegundir rauðvína og tvær tegundir hvítvína.

Beringer frá Napa-dalnum í Kaliforníu; Tvær tegundir rauðvína og tvær tegundir hvítvína.

Stone Cellar frá Beringer, ræktuð í Kaliforníu; fjórar tegundir rauðvína auk hvítvíns og rósavíns.

Kangaroo Ridge Cabernet Sauvignon frá Ástralíu; þriggja lítra kassi.

Alls eru þetta 19 vín sem fást í vínbúðunum. Flest eru í kjarna og mörg þeirra eru til í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. ■



# ROSEMOUNT: *Mest selda vínið*




Vínið Rosemount Shiraz/Cabernet Sauvignon í þriggja lítra kassa náði þeim framúrskarandi árangri í desember að verða mest selda kassavínið í vínbúðum sem og mest selda léttvínið í sama mánuði. Vínið sem þykir eitt besta kassavín sem fæst hér á landi hefur svo sannarlega slegið í gegn og virðist smellpassa að smekk landans, en vínið kom fyrst á markað hér fyrir um einu ári.

Vín frá Rosemount hafa verið í hópi vinsælustu vína hérlendis um nokkurt skeið, má nefna að hvítvínið Rosemount GTR hefur verið mest selda hvítvínið í flösku í vínbúðum undanfarið ár. Fyrir jólin hófst sala á þessu vinsæla víni í kössum. GTR stendur fyrir þrúgurnar GewurzTraminer og Riesling sem blandað er saman með einkar góðum árangri. Í kassa er vínið alveg sérstaklega góð kaup, kostar 3.600 kr. sem jafngildir því að flaska af víninu kostaði 900 kr.

Rosemount Shiraz / Cabernet var fyrsta tveggja þrúgna kassavínið frá Rosemount. Vínið hefur fjólurauðan lit, góða fyllingu, er mjúkt með sætum ávexti og léttkryddaðri eik. Góður kostur fyrir þá sem eru að leita að virkilega góðu rauðvíni á kassa sem hentar við ýmis tækifæri og með ólíkum mat. Verðið á víninu er afar hagstætt eða 3.780 krónur og jafngildir því að flaskan myndi kosta 945 krónur.

Verð í vínbúðum: Rosemount GTR kostar 3.600 kr. og Rosemount Shiraz/Cabernet kostar 3.780 kr. í þriggja lítra kössum.

## VEITINGASTAÐURINN
## PIZZA COMPANY



### *Huggulegur pizzastaður*

**Hver og hvar:**
Reykjavík Pizza Company er á Laugavegi 81.

**Hvernig er stemningin?**
Þetta er huggulegur pitsustaður af bestu gerð en stemningin er líka örlítið í anda kaffihúsa bæjarins enda eru pitsur ekki það eina sem er á boðstólum. Þeir sem leggja áherslu á að huga að heilsunni ættu að leggja leið sína þangað en boðið er upp á jurtaost á pitsurnar fyrir þá sem ekki þola venjulegan ost og í framtíðinni mun vera hægt að fá pitsur úr speltdeigi en neysla á spelti hefur færst mikið í vöxt á síðustu árum. Sérstaklega hjá þeim sem eru með hveitióþol.

**Matseðillinn:**
Hér er verið að kenna Íslendingum að borða pitsu og staðurinn býður upp á tæplega hundrað áleggstegundir svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi sama hversu sérstakt það er. Pitsurnar eru eldaðar í sérstökum gæða eldofni sem tryggir stórkostlega útkomu en eigendurnir eru þeir sömu og reka hinn vinsæla stað Eldsmiðjuna. Einnig eru ýmsar tegundir af beyglum, heilsusamlegir vafningar og súpur á boðstólum. Það er því á nógu að taka og hver ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**Vinsælast:**
Kalkúninn kemur sterkur inn sem vinsæl áleggstegund á pitsurnar auk marineraða kjúklingsins. Beyglurnar eru einnig gríðarlega vinsælar.

**Réttur dagsins:**
Sérstakar súrdeigsbeyglur og súpur dagsins.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ




FRÁBÆR NÁMSSKEIÐ!
2006

Skráning í Tónvinnsluskólann er komin á fleygiferð. Námsskráin er hlaðin skemmtilegum námsskeiðum sem sniðin eru á þann hátt að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á meðal þess sem í boði er eru eftirfarandi námsskeið:

GÍTARNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR.
Langar þig að læra á gítar? Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski bara að koma þér af stað og stofna í kjölfarið rokkhljómsveit? Einhversstaðar verða menn að byrja og þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennt verður í 5-10 manna hópum sem verður raðað niður eftir stöðu hvers og eins. Að námskeiði loknu er markmiðið að nemendur kunni öll helstu undirstöðuatriði gítarleiks.
Lengd námskeiðs: 12 vikur (10 hóptímar og 2 einkatímar)
Leiðbeinendur: Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg)
Aldur: Fyrir alla aldurshópa

LENGRA KOMNIR GÍTARLEIKARAR.
Í hóp fyrir lengra komna verður farið í nokkur þekktustu lög rokksögunnar, kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Linkin´ Park og Nirvana. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.
Lengd námskeiðs: 12 vikur (10 hóptímar og 2 einkatímar)
Leiðbeinendur: Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg)
Aldur: Fyrir alla aldurshópa

GÍTARNÁMSKEIÐ FYRIR LEIKSKÓLAKENNARA OG FORELDRA.
Gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og foreldra þar sem farið verður yfir grunnatriði gítarleiks. Eftir 12 vikna námskeið er markmiðið að þáttakendur kunni öll helstu gítargripin og þar að auki mörg helstu barna- og vísnalög sem þekkt eru á meðal íslensku þjóðarinnar.
Lengd námskeiðs: 12 vikur (10 hóptímar og 2 einkatímar)
Leiðbeinendur: Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg)

SÖNGUR & FRAMKOMA.
Skemmtilegt og gagnlegt námskeið sem er tvískipt; annarsvegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hinsvegar vinna í hljóðveri. Námskeiðið miðar að því að gera upprennandi söngvara tilbúna til að takast á við harðar kröfur tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þáttakendur fá að syngja lag að eigin vali.
Lengd námskeiðs: 10 vikur (1 tími í viku, 8 hóptímar og 2 einkatímar)
Leiðbeinendur: Selma Björnsdóttir og Þorvaldur Bjarni.
Aldur: 14 ára og eldri.

BARNA & UNGLINGASÖNGNÁMSKEIÐ
Birgitta Haukdal, Jónsi og Heiða sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga. Á þessu námskeiði geta upprennandi söngvarar lært af þessum þaulvönu söngvurum hvernig hefja skuli söngferilinn. Um er að ræða gríðarlega skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 9 til 14 ára þar sem öll grunnatriði söngs eru kennd. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.
Lengd námskeiðs: 10 vikur
Leiðbeinendur: Birgitta Haukdal, Jónsi og Heiða
Aldur: 9 – 14 ára

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR ERU Á WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS

SKRÁNING ER HAFIN WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS OG Í SÍMA 534-9090

sena

Reykjavík Music Productions • Nýbýlavegi 18 • 200 Kópavogi • Iceland • Tel.: +354 534-9090 • Fax +354 534-9091 • info@reykjavikMP.com • www.reykjavikMP.com

# TARANTINO FRÍKAÐI ÚT

Bandaríski leikstjórinn **Eli Roth** kom til Íslands í nóvember og heimsfrumsýndi nýjustu mynd sína Hostel á IFF-kvikmyndahátíðinni. Hann kom hingað aftur um áramótin og þá ræddi *Þórarinn Þórarinsson* við hann um Hostel, hryllingsmyndir, framtíðina og vináttu hans og Quentins Tarantino.



**ELI ROTH** Kann vel við sig á Íslandi og vill koma hingað sem fyrst aftur til þess að slappa almennilega af og fara á hestbak. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eli Roth ber sterkar taugar til Íslands, en hann dvaldi hér um nokkurra vikna skeið á unglingsárunum og vann meðal annars á Ingólfshvoli í nágrenni Selfoss. Þar fékk hann hugmyndina að hryllingsmyndinni Cabin Fever sem síðar varð hans fyrsta leikstjórnarverkefni og sló hressilega í gegn árið 2002.

**Varð ekki ríkur á Cabin Fever**

„Vinsældir Cabin Fever gerðu það að verkum að mér buðust ótal verkefni og ég hellti mér út í mjög margt. Það er alveg eðlilegt, en þegar maður er búinn að vera að reyna að komast inn í þennan bransa allt sitt líf vill maður auðvitað helst hitta alla og komast yfir sem mest. Ég komst þó fljótt að raun um að ég gæti ekki gert tíu myndir í einu auk þess sem hlutirnir gerast hægt hjá kvikmyndaverunum. Ég var því orðinn óþolinmóður og ákvað að sleppa öllu og demba mér í að gera Hostel.“

Eli bætir því við að þótt Cabin Fever hafi verið ódýr og hafi rakað inn peningum hafi hún ekki gert hann ríkan. „Það urðu margir ríkir á Cabin Fever en ég vil taka það fram að ég var ekki einn af þeim, en hún opnaði mér greiða leið inn í bransann.“

**Sá á kvölina sem á völina**

Þegar Eli var að drukkna í öllum þessum verkefnum og vissi ekki hvað hann átti til bragðs að taka leitaði hann til Tarantinos. „Quentin bauð mér heim til sín að horfa á bíó en við vorum orðnir góðir vinir eftir að hann hreifst af Cabin Fever. Hann er einn fárra sem ég get leitað til með hvað sem er, enda voru aðstæður mínar svipaðar um þetta leyti og hjá honum eftir að Reservoir Dogs sló í gegn. Ég var kominn með fullt af tilboðum frá kvikmyndaverunum, meðal annars um að leikstýra The Dukes of Hazzard með Johnny Knoxville og Sean William Scott. Þannig að ég spurði Quentin hvað ég ætti að gera næst? Quentin benti mér á, sem ég vissi, að hver sem er gæti gert þessa mynd og ef ég vildi verða ný rödd í bransanum yrði ég að koma með eitthvað ferskt. Annars yrði ég bara einn af „þessum gaurum“ og myndi ekki halda neinum sérkennum.“

**Sjúkleg hugmynd**

Eli reifaði í framhaldinu hugmyndina að Hostel og þá varð ekki aftur snúið. „Quentin fríkaði út og sagði að þetta væri sjúkasta hugmynd sem hann hefði heyrt og hvatti mig til þess að skrifa handritið samstundis. Þegar Tarantino segir að hugmynd þín sé sjúk þá veistu að hún er sjúk og vel þess virði að vinna úr.“

Tarantino vildi endilega leggja nafn sitt við myndina og ákvað að gerast meðframleiðandi. „Þetta var í desember fyrir ári, og það er ótrúlegt að það hafi tekist að klára þetta á einu ári og að myndin skuli vera tilbúin til frumsýningar. Ég byrjaði að skrifa í desember og skrifaði eins og brjálæðingur eitthvað um 20 blaðsíður á dag,“ segir Eli sem var strax ákveðinn í að hafa Íslending í einu aðalhlutverkanna.

„Ég skrifaði hlutverk Óla sérstaklega fyrir Eyþór Guðjónsson sem ég hafði kynnst þegar ég kom til Íslands að kynna Cabin Fever. Það var samt eitthvert hik á honum þannig að ég fékk íslenska leikara í áheyrnarprufur. Þá gaf Eyþór sig, skipti um skoðun og vildi ekki hleypa öðrum að og tók að sér hlutverkið.“

**Litríkur Íslendingur**

Óli er mikill drykkju- og djammbolti sem sængar hjá öllum konum sem hann kemst yfir og sjálfsagt má lengi deila um hvort hann sé holdgervingur hins dæmigerða íslenska karlmanns.

„Ég bað menntamálaráðherrann ykkar, Þorgerði Katrínu, afsökunar á Óla og á því að hafa eyðilagt íslenska menningu út á við með honum. Hún sagði mér að þetta væri ekki alveg nákvæmt hjá mér og tók afsökunarbeiðnina til greina. Þegar ég hitti forsetann ykkar spurði ég hann hvort ég þyrfti ekki á náðun forseta að halda fyrir að gera þjóðinni þetta en hann hélt nú ekki. Sagði enga ástæðu til þess.“

Það fer ekki mikið fyrir svokölluðum „bregðuatriðum“ í Hostel enda segist Eli hafa takmarkaða trú á slíkum brellum í hryllingsmyndum. „Ef þú ert með fleiri en þrjú bregðuatriði í mynd þá treysti ég ekki þeim sem eru að gera þær. Ég vildi hins vegar fara hægt af stað í Hostel, byggja upp rólega stemningu og kippa svo fótunum undan áhorfendum. Það er bjart yfir Hostel framan af, miklir litir og við slökum á meðan við fylgjumst með hressum strákum í stelpuleit. Eyþór er mjög áberandi í appelsínugulu 66° Norður-úlpunni sinni og ég lét sauma íslenska fánann í öxlina á honum og passaði alltaf upp á að fáninn væri í mynd. Þegar Óli hverfur ásamt úlpunni fer allur litur úr myndinni líka og drunginn tekur yfir. Ég vildi að áhorfandinn færi í þessa ferð með gaurunum. Ferð sem byrjar á léttu nótunum og endar með skelfingu.

**Peningaöflin skilja ekki hrylling**

Eli gerði Cabin Fever fyrir frekar lítinn pening og það sama er að segja um Hostel. „Við hefðum getað eytt 20 milljónum dollara í Hostel en kusum að gera það ekki. Ódýrar hryllingsmyndir eru mjög oft góðar en það er ekkert skilyrði að þær séu það. Það auðveldar manni hins vegar vinnuna ef myndin er ódýr vegna þess að eftir því sem framleiðendur setja meiri pening í hana vilja þeir skipta sér meira af. Framleiðendur hafa stöðugar áhyggjur af fjöldanum en hryllingsmyndum er alls ekki ætlað að þóknast meirihlutanum. Hryllingsmyndir fá aldrei háa einkunn í áhorfendakönnunum og prufusýningum. Þær eiga heldur ekki að gera það. Bestu meðmæli sem hryllingsmynd getur fengið eru þau að fólk segi „ekki fara og sjá þessa mynd“. Þetta er kjarninn í hryllingsmyndunum og þetta eru þau viðbrögð sem þær eiga að framkalla en kvikmyndaverin skilja þetta ekki. Það má aldrei feta öruggar slóðir við gerð hryllingsmynda. Saw sló í gegn öllum að óvörum, en þar gættu menn þess vandlega að taka sénsa í stað þess að halda sig á troðnum slóðum.“

**Íhaldssöm kvikmyndagrein**

Þótt hryllingsmyndin sé á yfirborðinu ögrandi kvikmyndagrein er hún sjálfsagt um leið sú íhaldssamasta. Hún ýtir yfirleitt undir hefðbundin vestræn fjölskyldugildi og oftar en ekki eru fórnarlömb morðingjanna í hryllingsmyndum unglingar sem stunda kynlíf og nota eiturlyf. Þá getur það kostað mann lífið að fara í sturtu eftir að hafa stolið peningum frá vinnuveitanda sínum eins og Janet Leigh komst svo óþægilega að í Pshyco eftir Alfred Hitchcock. Í hryllingsmyndunum deyja þeir sem stíga út fyrir ramma borgaralegra laga og gilda.

Eli viðurkennir fúslega að það megi greina ákveðna ádeilu í Hostel. „Við flækjumst með mönnum sem geta ekki fengið nóg af kynlífi, dópi og brennivíni. Þeir fara land úr landi og ekkert er nógu gott og nógu mikið fyrir þá. Þeir vilja alltaf meira. Stelpurnar sem þeir sofa hjá eru ekki raunverulegar stelpur í hugum þeirra. Þær eru bara viðföng eða hlutir til þess að fá útrás á. Þegar þeir eru í Amsterdam eru þeir alveg stjórnlausir í einhvers konar Disneylandi sem er bannað börnum. En sök bítur sekan og dæmið snýst við þegar þeir verða viðfangsefni glæpamannanna. Þá eru þeir allt í einu orðnir leikföng, söluvara eins og stelpurnar sem þeir horfðu á í gluggum hóruhúsanna í Amsterdam. Stelpurnar sem þeir halda að þeir séu að leika sér með í Slóvakíu eru þvert á móti að selja þá og líkama þeirra.“

**Langar í afslöppun á Íslandi**

Eli segir að framundan hjá sér sé ekkert nema kynningarvinna í kringum Hostel. „Ég er búinn að ferðast um Bandaríkin og nú bíður allur heimurinn. Það er búið að taka mig heilt ár að gera þessa mynd og nú ætla ég að gefa mér góðan tíma til þess að fylgja henni eftir og ekki síst að fylgjast með áhorfendum horfa á hana en ég hef ofboðslega gaman að því að fylgjast með því hvernig fólkið í salnum bregst við myndum mínum. Þegar þessu er lokið langar mig mest til þess að koma til Íslands og slappa vel af. Fara í ræktina í Laugum, borða skyr, eyða tíma á Ingólfshvoli og fara á hestbak. Ég á hest á Ingólfshvoli sem heitir Bára og það skemmtilegasta sem ég geri er að fara í reiðtúra.“

Eli segist leggja mikið upp úr því að vera sjálfs síns herra og ætli að festa vinnuferlið sem hann notaði við gerð Hostel í sessi. „Ég er kominn með kerfi og framvegis vil ég gera myndir eins og ég gerði Hostel. Einbeita mér að einni mynd, gera hana í einum rykk og slappa svo af á milli. Gangi Hostel vel treysti ég mig enn frekar í sessi og fæ tækifæri til að gera fleiri myndir.“

**Hrollvekjan fær frí**

Eli segist gera ráð fyrir að gefa hrollvekjunni frí í bili þegar hann verður búinn að fara alla leið með Hostel. „Ég elska hrylling og er mjög hrifinn af verkum Roberts Rodriguez og Sams Raimi. Ég er góður í hryllingi en geri ekki ráð fyrir að gera aðra blóðuga hryllingsmynd á næstunni. Ég mun samt alltaf halda áfram að gera hryllingsmyndir en ætla ekki að festast í þessari grein. Það er meira í mig spunnið en svo og tilboðin sem ég hef fengið frá kvikmyndaverunum sýna að þar er fólk á sömu skoðun. Ég gæti til dæmis vel hugsað mér að gera víkingamynd ef ég dytti niður á góða sögu. Ég er byrjaður að lesa Íslendingasögurnar og líst mjög vel á.“

Þegar Eli er bent á að Egils saga sé tvímælalaust hressilegasta sagan og persóna Egils bjóði upp á ótal möguleika ekki síst þar sem hann sé aðaltöffari Íslendingasagnanna og sá eini sem ekki var drepinn. „Nú, fór Egill alltaf til útlanda að berjast og hélt friðinn heima? Sniðugt. Þetta er ekki ósvipuð hugmyndafræði og í Hostel. Farðu til útlanda til að drepa. Það virkar.“ ■



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

How I Met Your Mother – sprenghlægilegir þættir í anda Friends.
Nip/Tuck – snýr aftur, svakalegri en nokkru sinni fyrr.

# TVEIR NÝIR Á STÖÐ 2

How I Met Your Mother og Nip/Tuck hefjast í kvöld – fylgstu með frá upphafi!























**KINGS OF HELL** Bandaríska rokkabillíbandið er á leiðinni til Íslands.

# Rokkabillí á Íslandi

Hljómsveitin Kings of Hell heldur tvenna tónleika hér á landi dagana 21. og 22. janúar á vegum Bars 11.

Fyrri tónleikarnir verða á Gauki á Stöng en þeir síðari á Bar 11. Kings of Hell er eitt heitasta rokkabillíbandið í dag og eru þeir m.a. bókaðir á allar helstu rokkabillíhátíðir í Flórída.

„Maður var fyrst að hlusta á Elvis og síðan kom þetta í framhaldinu," segir Össur Hafþórsson, eigandi Bars 11, um komu Kings of Hell til Íslands. Hann segir að hljómsveitin hafi slegið í gegn fyrir um það bil ári síðan en fram að því voru meðlimir hennar í öðrum stórfum meðfram hljóðfæraleiknum. (sic: meðfram hljómsveitarstússinu)

Hairdoctor, Jan Mayen og Úlpa munu hita upp fyrir Kings of Hell á Gauknum. Einnig mun Krummi í Mínus spila nokkur lög með sveitinni.

Forsala á miðana fer fram í Ósóma á Laugarvegi og er miðaverð 500 krónur. ■

# Hilary Swank skilin við Chad Lowe

Óskarsverðlaunaleikkonan Hilary Swank er skilin við leikarann Chad Lowe eftir átta ára hjónaband. Engar ástæður hafa verið gefnar fyrir skilnaðinum. Swank er 31 árs en Lowe verður 38 ára þann 15. janúar. Þau eru barnlaus.

Þegar Swank tók á móti Óskarnum í fyrsta sinn fyrir myndina Boys Don´t Cry gleymdi hún að þakka Lowe og vakti það mikla athygli. Á síðasta ári þegar hún vann Óskarinn fyrir Million Dollar Baby þakkaði hún honum aftur á móti innilega fyrir stuðninginn. Swank leikur næst í myndinni The Black Dahlia í leikstjórn Brian De Palma. Lowe, sem er bróðir leikarans Rob Lowe, vann árið 1993 Emmy-verðlaunin fyrir hlutverk alnæmissjúklingsins Jesse McKenna í sjónvarpsþættinum Life Goes On. ■



**SWANK OG LOWE** Hilary Swank og Chad Lowe eru skilin eftir átta ára hjónaband.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**NICK CAVE AND THE BAD SEEDS** Nýr DVD-mynddiskur með sveitinni kemur út 23. janúar.

# Gamalt efni frá Nick Cave á DVD

Hljómsveitin Nick Cave and the Bad Seeds gefur út nýjan DVD-mynddisk þann 23. janúar. Diskurinn hefur meðal annars að geyma hina þekktu tónleikamynd The Road To God Knows Where og tónleikana Live at the Paradiso.

The Road to God Knows Where var gefin út á VHS-myndbandi á sínum tíma en myndin var tekin upp á tónleikaferð sveitarinnar í Bandaríkjunum árið 1989. Þykir myndin sýna betur en flestar aðrar hvernig það er að vera á tónleikaferðalagi.

Live at the Paradiso var tekin upp á tónleikum í Amsterdam í júní árið 1992. Þar spila Nick Cave og félagar þekkt lög á borð við The Mercy Seat, The Ship Song, Tupelo og Deanna.

Um myndatökuna sá John Hillcoat sem nýlega leikstýrði kvikmyndinni The Proposition sem er gerð eftir handriti Nicks Cave. Er hún væntanleg í bíó þann 6. mars. Sama dag kemur út tónlist úr myndinni eftir Cave og fiðluleikarann Warren Ellis úr The Bad Seeds. Ellis er einnig í sveitinni Dirty Three sem hefur unnið töluvert með Cave í gegnum tíðina. ■



**BROKEBACK MOUNTAIN** Mynd Ang Lee var valin besta myndin af bandarísku gagnrýnendunum.

# Brokeback með þrennu

Kvikmyndin Brokeback Mountain vann þrenn verðlaun á elleftu gagnrýnendaverðlaunahátíðinni sem er haldin í Bandaríkjunum. Myndin, sem er með Jake Gyllenhaal og Heath Ledger í aðalhlutverkum, var valin besta myndin auk þess sem Ang Lee var valinn besti leikstjórinn. Michelle Williams fékk jafnframt verðlaun fyrir besta aukahlutverk kvenna. Philip Seymour Hoffman var valinn besti leikarinn fyrir leik sinn í myndinni Capote og Reese Witherspoon besta leikkonan fyrir leik sinn í Walk the Line. ■



**DR. SPOCK** Hljómsveitin Dr. Spock verður á Eurosonic ásamt Steintryggi.

# Dr. Spock á Eurosonic

Hljómsveitin Dr. Spock mun koma fram á hinni árlegu Eurosonic-hátíð í Groningen í Hollandi sem er haldin af Sambandi evrópska útvarpsstöðva.

Eurosonic er árleg tónlistarhátíð og hana sækja margir af þeim sem sjá um bókanir á stærstu tónleikahátíðir Evrópu. Dr. Spock mun koma fram á fimmtudagskvöldið 12. janúar, sama kvöld og dúettinn Steintryggur kemur fram.

Dr. Spock gaf út frumburð sinn Dr. Phil á síðasta ári hjá Smekkleysu við góðar undirtektir. Sveitin er tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins. ■



MORGUNBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 11 LAUGARDAG OG SUNNUDAG Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI













## ÁLFABAKKI

| | |
|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 3.50-6-8.10-10.20 |
| DOMINO | KL. 5.30-8.10-10.45 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5-8 |
| KING KONG | KL. 6-8-10 B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 7.45 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 8 |
| SAW 2 | KL. 10.30 B.I. 16 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10 B.I. 16 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.30 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 |
| KING KONG B.I. 12 | KL. 10 |

## KRINGLAN

| | |
|---|---|
| DOMINO | KL. 8-10.50 B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8-10.30 |
| KING KONG | KL. 9 B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 B.I. 10 |

## HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.05 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6-10.10 | |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |

SAMBÍÓIN

Háskólabíó

ÁLFABAKKI 587 8900 · KRINGLAN 588 0800 · AKUREYRI 461 4666 · KEFLAVÍK 421 1170


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn Colin Farrell hefur fengið dómstóla til að setja lögbann á heimasíðuna dirtycolin.com sem ætlaði að birta kynlífsmyndband með honum og fyrrverandi kærustu hans, Playboy-fyrirsætunni Nicole Narain. Farrell fór með málið fyrir rétt á síðasta ári til að stöðva birtinguna og þurfti að gera það aftur núna. Farrell og Narain gerðu myndbandið fyrir þremur árum og samþykktu þá að láta það aldrei birtast opinberlega.



Leikkonan Angelina Jolie hefur óskað eftir því opinberlega að Brad Pitt verði löglegur faðir ættleiddu barnanna hennar, Zahöru og Maddox. Jolie birti auglýsingar í blaðinu Daily Commerce fyrir hönd barnanna þar sem þau óska eftir því að fá nöfnunum sínum breytt í Maddox og Zahara Jolie-Pitt.



Leikarinn Heath Ledger hlær að tilburðum stjórnenda kvikmyndahúsa í Utah og Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum sem hafa neitað að sýna nýjustu mynd hans, Brokeback Mountain, sem fjallar um samkynhneigða kúreka. Óttast þeir að kynlífsatriði Ledgers og mótleikara hans, Jakes Gyllenhaal, muni misbjóða fólki. Ledger segir fylkisstjórnirnar sem vilja ekki leyfa sýningar á myndinni fastar í fornaldarhugsunarhætti. Sá fjöldi fólks sem vilji sjá myndina muni bara horfa á hana annars staðar.



Fyrrverandi ræstingakonu hjá þekktum Hollywoodstjörnum á borð við Robert De Niro og Candice Bergen, sem hefur verið ákærð fyrir að stela frá þeim, hefur verið boðið að sitja inni í eitt til þrjú ár. Eftir það verður málið látið niður falla. Konan hefur verið ákærð fyrir svik og þjófnað tvisvar sinnum, fyrst fyrir fimm árum.




LAGERSALA
VETRARFATNAÐUR
50-70%
AFSLÁTTUR

TOPP AFSLÁTTUR Á TOPP MERKJUM

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



## Stofnfundur Plokkfiskklúbbsins

Stofnfundur stuðningsmannaklúbbs meistara- og 2. flokks kvenna hjá FH verður haldinn í Kaplakrika á laugardag kl. 14. Klúbburinn heitir hinu skemmtilega nafni Plokkfiskklúbburinn og velunnarar eru hvattir til að fjölmenna.

**sport**

sport@frettabladid.is

LÍKAMSRÆKTARAÐFERÐIN BOOT CAMP: KEMUR FÓLKI Í FRÁBÆRT FORM

# *Leikmenn Leiknis byrjaðir í herþjálfun*

„Boot camp byrjaði upphaflega fyrir tveimur árum og þetta byggist á reynslu okkar af herþjálfun auk þess sem þetta er samtvinningur við reynslu okkar af líkamsræktarþjálfun. Um hópnámskeið er að ræða þar sem heragi er til staðar og við ætlumst alltaf til þess að menn leggi sig 150 prósent fram,“ segir Arnaldur Birgir Konráðsson, þjálfari í Bootcamp, um þjálfunina sem nýtur mikilla vinælda um þessar mundir og hefur 1. deildarlið Leiknis, fyrst allra knattspyrnuliða, ákveðið að láta leikmenn sína fara á námskeið.

„Það er gríðarlega skemmtilegt að hafa fengið tækifæri til að þjálfa heilt fótboltalið. Því miður er það staðreynd að það sem hrjáir íslenskt íþróttafólk er að undirbúningstímabilið er oft á tíðum ansi dapurt. Ég hef mikla reynslu af því að sjá úrvalsdeildarlið í knattspyrnu koma inn á líkamsræktarstöð og hver reynir að toppa hinn í bekkpressu og gera æfingar sem skipta engu máli. Æfingarnar eru slakar og illa skipulagðar og það er sorglegt að horfa upp á það,“ segir Arnaldur og efast ekki um að Leiknismenn munu sjá árangur. „Við munum koma þeim í toppform, en svo sér þjálfarinn um knattspyrnuþáttinn,“ segir hann.



„Þetta er aðallega til að breyta til enda verða menn fljótlega þreyttir á endalausum langhlaupum og lyftingum,“ sagði Garðar Gunnar Ásgeirsson, þjálfari Leiknis, við Fréttablaðið um þessar nýjungar í þjálfuninni. „Ég er í þessu sjálfur og hef því kynnst þjálfuninni af eigin raun og þegar ég ræddi við þá tóku þeir mjög vel í að taka liðið í gegn. Ég bind miklar vonir við að þetta skili hámarksárangri. Þetta er ekki bara gott fyrir líkamlega þáttinn heldur einnig þann andlega enda þjappar þetta hópnum vel saman.

## > Kann Milos að elda?

Knattspyrnudeild Víkings auglýsir þessa dagana eftir íbúð fyrir varnarmann sinn Milos Glogovac. Varnarmaðurinn sterki virðist ekki gera miklar kröfur um íburð því íbúðin verður að vera með aðgangi að baðherbergi og eldhúsi eftir atvikum þannig að Milos þarf greinilega ekki að elda á hverju kvöldi. Þeir sem vilja koma íbúð sinni á framfæri geta skoðað málið nánar á vikingur.net.





**KOMINN TIL ENGLANDS** Maniche og Jose Mourinho sjást hér saman. GETTY IMAGES

Maniche:

## Rússland er hryllingur

**FÓTBOLTI** Nýjasti liðsmaður Chelsea, portúgalski miðjumaðurinn Maniche, segist yfir sig ánægður með að vera kominn frá Dinamo Moskvu í Rússlandi þar sem hann lék um nokkurt skeið, einfaldlega vegna þess að landið sé skelfilegt og hafi haft vond áhrif á fjölskyldu sína.

„Ég á tvær litlar dætur en í Moskvu eru engir portúgalskir eða enskir skólar. Þær þurftu því að fara aftur heim til Portúgals og þá var ég einn eftir í landi þar sem sólin sést aldrei. Þegar fjölskyldunni minni líður illa líður mér illa,“ segir Maniche. - vig

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

2 3 4 **5** 6 7 8

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Keflavík** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- 16.00 **HM í Pool** á Skjá einum.
- 16.20 **Enski deildabikarinn** á Sýn.
- 16.35 **Handboltakvöld** á Rúv.
- 19.00 **X-games** á Sýn.
- 20.00 **PGA golf** á Sýn.
- 21.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 22.00 **A1** á Sýn.
- 23.00 **Guðni Bergs** á Sýn.

# Stoke ætlar að fá Indriða Sigurðsson eftir tímabilið

**Johan Boskamp, knattspyrnustjóri Stoke, segir að það sé fráleitt af félaginu að borga 30 milljónir fyrir Indriða Sigurðsson í janúar þegar hægt sé að fá hann frítt eftir nokkra mánuði. Indriði býst við því að vera hjá Genk út tímabilið.**

**FÓTBOLTI** Johan Boskamp, knattspyrnustjóri Stoke City, hefur útilokað að fá til sín Indriða Sigurðsson, landsliðsmann og leikmann Genk í Belgíu, á meðan félagsskiptaglugginn er opinn nú í janúar. Hann segir fráleitt að borga 30 milljónir króna fyrir leikmann sem er við það að verða samningslaus, en það er verðmiðinn sem forráðamenn Genk hafa sett á Indriða í dag.

„Þetta er nú bara spurning um heilbrigða skynsemi í viðskiptum. Við borgum ekki 30 milljónir fyrir leikmann sem við getum fengið frítt eftir nokkra mánuði. Við erum Stoke, ekki Chelsea,“ sagði Boskamp við Fréttablaðið í gær.

Indriði hefur verið á mála hjá Genk í hálft þriðja ár og hefur ekki hug á því að endurnýja samning sinn við félagið sem rennur út í sumar. Fyrir utan Stoke hefur Indriði verið orðaður við neðri deildar félög í Þýskalandi og Frakklandi en hann sagði við Fréttablaðið í gær að það væri England sem heillaði hann langmest.

„Að sjálfsögðu er Stoke spennandi kostur og ég held að það henti mínum hæfileikum og mínum leikstíl betur að leika í ensku 1. deildinni en í Belgíu. Enska deildin gæti líka leitt til einhvers meira í framhaldinu, öfugt við kannski Þýskaland. Að fara til Þýskalands er eitthvað sem maður gerir þegar maður er kominn á fertugsaldurinn,“ segir Indriði og hló.



**INDRIÐI SIGURÐSSON** Ætlar ekki að vera áfram hjá Genk og er að öllum líkindum á leið til Stoke eftir tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er ennþá ungur og þetta er spurning um að næsta skref verði rétt. Ég held að enska deildin sé góður kostur fyrir það,“ bætti hann við en hann er þessa stundina í æfingaferð með Genk í Tyrklandi og býst ekki við því að vera á förum á næstu dögum. „Eins og staðan er í dag klára ég tímabilið í Belgíu.

Boskamp hefur fylgst með Indriða í allan vetur og séð hann spila þrjá leiki. Fyrst sá Boskamp hann í æfingaleik gegn Celta Vigo þar sem „hann stóð sig ekki vel“ eins og Boskamp orðaði það en í næstu tveimur leikjum, gegn Beveren og Club Brugge í belgísku deildinni, stóð Indriði sig betur.

„Okkur vantar sárlega vinstri bakvörð og Indriði er að verða samningslaus. Svo að við viljum fá hann.“

vignir@frettabladid.is



**ALESSANDRO DEL PIERO** Skorar og skorar eins og Kalli Bjarni syngur í laginu góða.

Juventus á Ítalíu:

## Del Piero markahæstur

**FÓTBOLTI** Framherjinn Alessandro Del Piero varð í fyrradag markahæsti leikmaður Juventus frá upphafi þegar hann skoraði sitt 183. mark fyrir félagið í bikarleik gegn Fiorentina. Þannig komst hann upp fyrir Giampiero Boniperti sem skoraði 182 mörk á sínum tíma fyrir Juventus. Del Piero skoraði markið á 9. mínútu leiksins en bætti síðan við tveimur til viðbótar áður en yfir lauk.

Del Piero fagnaði ekki markinu sem gerði hann að þeim markahæsta frá upphafi af virðingu við Boniperti. Áhorfendur á leiknum vottuðu Del Piero hins vegar virðingu sína með því að lyfta upp stærðarinnar borða sem á var ritað: „182+1, þú er orðinn að goðsögn. Til hamingju, fyrirliði.“

Rafael Benitez:

## Það er erfitt að fá leikmenn

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez jós úr skálum reiði sinnar í spænskum fjölmiðlum í gær þegar hann lýsti erfiðleikunum sem fylgja leit að leikmönnum á þessum tímum. Benitez þarf sárlega á miðverði og hægri vængmanni að halda en þrátt fyrir mikla leit og nokkur tilboð í leikmenn hefur Benitez enga leikmenn fengið.

„Leikmannamarkaðurinn er erfiður og þá sérstaklega í janúar. Allir góðir leikmenn eru hjá stórum félögum þar sem samningarnir eru ótrúlega flóknir.“ - vig





**ÓLAFUR STEFÁNSSON OG FÉLAGAR** Í 13. sæti yfir sterkustu landslið í Evrópu.

EHF gefur út styrkleikalista:

## Ísland í 15. sæti

**HANDBOLTI** Íslendingar eru settir í 15. sæti á heildarstyrkleikalista Handknattleikssambands Evrópu sem birtur var í dag. Á þessum lista er tekinn saman allur árangur landsliða í kvenna- og karlaflokki, þar á meðal leikir í undankeppnum og úrslitamótum.

Karlalandslið Íslands er í 13. sæti á listanum en kvennalandsliðið er sett í 25. sætið. Efsta liðið í karlaflokki er lið Serbíu og Svartfjallalands. Króatía og Danmörk eru síðan í öðru og þriðja sæti. Hjá konunum eru Rússar í efsta sæti en Danmörk og Ungverjaland fylgja fast á eftir í næstu sætum fyrir neðan. Annað árið í röð eru Danir efstir á heildarlistanum. Í öðru sæti eru Króatar og Rússar skipa þriðja sæti listans. - toh

Liverpool hefur keypt efnilegasta miðvörð Dana:

# Sá efnilegasti í yfir tuttugu ár

**FÓTBOLTI** Liverpool hefur komist að samkomulagi við Bröndby um kaup á danska landsliðsmiðverðinum Daniel Agger.

Evrópumeistararnir hafa fylgst lengi með Dananum og hafa nú fest kaup á miðverðinum. Kaupverðið er talið vera um 5,8 milljónir punda. Mun Daninn fara í læknisskoðun á allra næstu dögum og verður reynt að ganga frá lausum endum.

Að sögn Rafaels Benitez, stjóra Liverpool, hefur hann haft augastað á Agger í nokkurn tíma, „Daniel er leikmaður sem við höfum verið að fylgjast með lengi. Við töluðum fyrst við Bröndby og spurðumst fyrir um hann þegar við spiluðum í meistarakeppni UEFA í Mónakó. Þá var okkur sagt að hann væri alls ekki til sölu. Okkur hefur verið sagt að hann sé besti miðvörður Danmerkur í yfir 20 ár.“

Að sögn Benitez var hann mjög hrifinn af spilamennsku Aggers í landsleik við Englendinga á dögunum. Kaup Liverpool á Aggers munu væntanlega valda öðrum enskum félögum nokkrum vonbrigðum, sérstaklega Tottenham, sem hafði vonast eftir undirskrift kappans. - toh


**DANIEL AGGER** Gengur til liðs við Liverpool á allra næstu dögum.


**RAFAEL NADAL** Verður fjarri góðu gamni á opna ástralska mótinu.

Tenniskappinn Rafael Nadal:

## Ekki með í Ástralíu

**TENNIS** Næststigahæsti tennismaður heims, Spánverjinn Rafael Nadal, verður ekki með á opna ástralska meistaramótinu í tennis sem hefst í Melbourne á mánudaginn. Ástæðan er sú að Nadal hefur verið frá keppni síðan í október á síðasta ári og hefur ekki enn jafnað sig á þessum meiðslum sínum.

Þá hefur rússneski tenniskappinn, Marat Safin, einnig útilokað þátttöku sína í þessu móti þar sem Safin hefur átt við hnémeiðsli að stríða síðustu fimm mánuði. Sömu sögu er að segja af gamla refnum Andre Agassi, sem er fjarri góðu gamni vegna meiðsla. - toh








**REYNDU AÐ VERJA ÞETTA** Tim Duncan hjá San Antonio reynir að verjast Vince Carter hjá New Jersey í leik liðanna í fyrrinótt.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

NBA-deildin í fyrradag:

## Meistarnir sigruðu New Jersey

**KÖRFUBOLTI** New Jersey Nets varð að lúta í lægra haldi gegn meisturum San Antonio Spurs í stórleiknum sem fram fór aðfaranótt miðvikudags. Lokatölur urðu 96-91 en fyrir leikinn hafði New Jersey unnið tíu leiki í röð.

Það var Tim Duncan sem gerði útslagið, skoraði 27 stig og náði tólf fráköstum fyrir San Antonio en Tony Parker kom næstur með 18 stig. Hjá New Jersey var Vince Carter að venju stigahæstur með 34 stig en Jason Kidd skoraði 15 og tók átta fráköst.

„Þeir höfðu okkur alltaf fyrir aftan og sýndu hvers vegna þeir eru meistarar," sagði Lawrence Frank, þjálfari New Jersey, um leikmenn San Antonio eftir leikinn. „Þeirra aðall er vörnin og við áttum í erfiðleikum með að brjóta okkur leið í gegnum hana," sagði Carter eftir leikinn, ósáttur við sitt fyrsta tap í tæpan mánuð. Greg Popovich, þjálfari San Antonio, kvaðst sáttur viðað hafa unnið leikinn en var ekki ánægður með spilamennsku síns liðs. **- vig**

# Veiktust báðir af einkirningasótt í Póllandi

### Ernir Hrafn Arnarsson og Baldvin Þorsteinsson, ungmennalandsliðsmenn í handbolta, eru báðir frá í nokkurn tíma vegna veirusýkingar

**HANDBOLTI** Baldvin Þorsteinsson, hornamaður úr Val og Ernir Hrafn Arnarsson, leikmaður Aftureldingar í Mosfellsbæ, hafa ekki átt sjö dagana sæla undanfarið. Greindust þeir með einkirningasótt í seinasta mánuði eftir að hafa báðir verið veikir í nokkurn tíma án þess þó að vita hvað væri nákvæmlega að. Baldvin segist ekki gera sér nákvæmlega grein fyrir hvenær hann smitaðist. „Það er ávallt erfitt að setja niður nákvæma dagsetningu þar sem sýkingin getur leynst í líkamanum í fleiri vikur án þess að maður finni fyrir henni.

Við Ernir vorum herbergisfélagar í landsliðsferð sem var farin í lok október og síðan veiktumst við báðir í byrjun desember. Það er því líklegt að við höfum smitast í þessari ferð." Að sögn Baldvins er þetta afar slæm tímasetning fyrir hann eftir að hafa verið valinn í lokahóp íslenska landsliðsins fyrir Evrópumótið í Sviss. „Það var auðvitað draumurinn að komast þarna út og það er rosalega svekkjandi að missa af því en svona er þetta bara. Ég ætla mér að hvíla vel allan janúar og mæta síðan ferskur aftur í slaginn í byrjun næsta mánaðar. Það þýðir ekkert að fara of geyst af stað þar sem það getur haft í för með sér að menn þurfi að hvíla enn lengur en ella."

Ernir Hrafn segist einnig hafa fyrst fundið fyrir þessu í byrjun desember. „Við vorum að spila á móti Haukum í seinasta mánuði þegar ég fór fyrst að finna fyrir þessu. Í kjölfarið fékk ég greiningu á þessu og hef verið að hvíla nokkurn veginn síðan. Ég reyndi að æfa í seinustu viku en það gekk ekki sem skyldi. Ég hef því hvílt undanfarið en fer væntanlega á fullt á næstu vikum." Aðspurður um hvort hann gruni hvernig þeir félagar hafi náð í veikina segir hann að það sé erfitt að tilgreina það nákvæmlega. Það getur verið að við höfum til dæmis drukkið sama vatnið eða eitthvað slíkt í ferðinni úti í Póllandi."




**BALDVIN ÞORSTEINSSON OG ERNIR HRAFN ARNARSSON** Báðir illa veikir þessa dagana og mega lítið hreyfa sig.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Haraldar Briem sóttvarnarlæknis er einkirningasótt veirusýking sem smitast aðallega með andrúmsloftinu eða með vatni. „Veikin getur valdið slæmri bólgu í öllum eitlum líkamans. Einnig geta menn átt í töluverðum kyngingarörðugleikum vegna bólgu í hálsi. Þessu fylgir oft hár hiti sem getur staðið í þónokkurn tíma." Að sögn Haraldar ættu íþróttamenn sem smitast að hætta að æfa í nokkurn tíma. „Sóttin getur valdið bólgum í lifur. Það er því nauðsynlegt að menn séu orðnir alveg hitalausir og að öll bólga, bæði í hálsi og eitlum sé horfin áður en menn byrja í keppnisíþróttum aftur að einhverju ráði." **tomas@frettabladid.is**

Stjórnarformaður Arsenal:

## Henry fær ekki ofurlaun

**FÓTBOLTI** Peter Hill-Wood, stjórnarformaður Arsenal, hefur varað Thierry Henry við því að vera of gráðugur þegar kemur að því að semja um launagreiðslur við félagið. Henry hefur enn ekki skrifað undir nýjan samning við Arsenal en hefur lýst opinberlega yfir áhuga á því að vera áfram í herbúðum félagsins. Hins vegar er búist við því að Henry fari fram á kaup og kjör sem myndu gera hann að best launaða leikmanni deildarinnar.

„Við reynum að halda launum leikmanna á ákveðnu stigi. Þetta er engin kjarneðlisfræði," segir Hill-Wood. „Ef það tekst ekki er hætta á að lenda sömu vandræðum og Leeds lenti í fyrir nokkrum árum. Það eru takmörk fyrir því hvað við erum tilbúnir að borga," bætti hann við. **- vig**

Real Madrid:

## Vill fá Ashley Cole

**FÓTBOLTI** Spænsku risarnir í Real Madrid hafa mikinn áhuga á því að fá bakvörð Arsenal, Ashley Cole, til liðs við sig næsta sumar. Ástæðan er sú að Brasilíumaðurinn Roberto Carlos hefur, að sögn, látið í ljós þá skoðun sína að hann langi aftur heim til Brasilíu eftir núverandi keppnistímabil. Cole skrifaði undir nýjan samning við Arsenal í fyrrasumar þó að Chelsea hafi verið á höttunum eftir honum allt sumarið. Þrátt fyrir nýja samninginn við Arsenal er ljóst að Cole ber ekki hlýjar tilfinningar til stjórnenda Arsenal og þá sérstaklega formannsins, Peters Hill-Wood. Af þeim sökum gæti flutningur til Spánar verið kjörinn fyrir Cole. **- toh**


# Atvinnubílar

**Vantar þig atvinnubíl - Gott úrval - Komdu og gerðu góð kaup**



**RENAULT MIDLINER**
Nýskr: 02/1999, 4000cc
2 dyra, Fimmgíra, Rauður,
Ekinn 390.000 þ.
Verð: 1.490.000
**Fullt verð**
**kr. 1190 þ. án/vsk**
**TILBOÐ**
**kr. 790 þ. án/vsk**



**VOLVO FL 6**
Nýskr: 05/2001, 5500cc
2 dyra, Fimmgíra,
Ekinn 253.000 þ.
Verð: 2.890.000
**Fullt verð**
**kr. 2320 þ. án/vsk**
**TILBOÐ**
**kr. 1890 þ. án/vsk**



**RENAULT MASCOTT**
Nýskr: 04/2000, 2800cc
2 dyra, Fimmgíra, Hvítur,
Ekinn 100.722 þ.
Verð: 1.650.000
**Fullt verð**
**kr. 1330 þ. án/vsk**
**TILBOÐ**
**kr. 750 þ. án/vsk**



**MAN L2000**
Nýskr: 07/1996, 4600cc
2 dyra, Fimmgíra, Rauður,
Ekinn 138.000 þ.
Verð: 1.490.000
**Fullt verð**
**kr. 1200 þ. án/vsk**
**TILBOÐ**
**kr. 690 þ. án/vsk**

bílaland B&L notaðir bílar

**www.bilaland.is**
**Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16**

**575 1230**

Grjóthálsi 1
bilaland.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### DHL-deild kvenna:

| | |
|---|---|
| VALUR-STJARNAN | 23-20 |

**Mörk Vals:** Alla Gorgjisdóttir 9, Arna Grímsdóttir 3, Rebekka Skúladóttir 3, Ágústa Edda Björnsdóttir 3, Katrín Andrésdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2, Sigurlaug Rúnarsdóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 20.

**Mörk Stjörnunnar:** Jóna Margrét Ragnarsdóttir 10, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Hind Hannesdóttir 3, Rakel Dögg Bragadóttir 2, Sólveig Lára Kjærnested 1.

**Varin skot:** Jelena Jovanovic 13.

| | |
|---|---|
| FH-FRAM | 27-22 |
| KA/ÞÓR-HAUKAR | 27-35 |
| ÍBV-HK | 31-26 |
| VÍKINGUR-GRÓTTA | 18-19 |

### Iceland Express-deild kvk:

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-BREIÐABLIK | 88-67 |

**Stig Grindavíkur:** Jerica Watson 33, Hildur Sigurðardóttir 21, Petrúnella Skúladóttir 13, Jovana Stefánsdóttir 6, Alma Garðarsdóttir 5, Elva Sigmarsdóttir 3, Lilja Sigmarsdóttir 3, Erna Magnúsdóttir 2, Harpa Hallgrímsdóttir 2.

**Stig Breiðabliks:** Meagan Hoffman 29, Erica Anderson 16, Freyja Sigurjónsdóttir 9, Ragna Hjartardóttir 3, Efemía Sigurbjörnsdóttir 3, Heiðrún Hauksdóttir 2, Bryndís Bragadóttir 2.

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-KR | 93-39 |

### Enski deildarbikarinn:

| | |
|---|---|
| BLACKBURN-MAN. UTD | 1-1 |

**0-1 Louis** Saha (30.), 1-1 Morten Gamst Pedersen (35.)



**NÝJU MENNIRNIR MÆTTIR** Þeir Nemanja Vidic og Patrice Evra sem Man. Utd var að kaupa voru mættir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Enski deildabikarinn:

# Jafntefli á Ewood Park

**FÓTBOLTI** Manchester United og Blackburn Rovers mættust á Ewood Park í gær í fyrri leik sínum í undanúrslitum enska deildabikarsins.

Gestirnir frá Manchester byrjuðu leikinn betur og Frakkinn skæði Louis Saha kom þeim yfir eftir hálftíma leik með góðu marki. United-menn voru þó ekki lengi í paradís því Morten Gamst Pedersen skoraði enn eina ferðina gegn liðinu aðeins fimm mínútum síðar með glæsilegu skoti. Markið skrifast að hluta til á fyrirliða United, Gary Neville, sem sýndi frekar dapra varnartilburði í baráttunni við Pedersen.

Litlu máttu muna að upp úr syði skömmu síðar þegar Alan Smith braut illa á Robbie Savage. Rooney sinnaðist við Savage í kjölfarið og tók Blackburn-maðurinn Rooney meðal annars hálstaki. Allir sluppu þeir þrír með gult spjald hjá hinum vel greidda dómara Rob Styles.

Fátt var um fína drætti í síðari hálfleik og liðin skildu jöfn, 1-1. United stendur því nokkuð vel að vígi fyrir síðari leikinn sem fram fer á heimavelli þeirra, Old Trafford. ■

Thomas Gravesen:

# Á leið til Manchester

**FÓTBOLTI** Samkvæmt danska blaðinu Ekstrabladet hefur enska úrvalsdeildarliðið Manchester United boðið 3,8 milljónir evra fyrir miðvallarleikmann Real Madrid, Thomas Gravesen.

Hinn 29 ára Gravesen gekk í raðir Madrid í janúar á seinasta ári fyrir um 3,5 milljónir evra en hefur ekki fengið að spila mikið á þessari leiktíð.

Er hann fyrir aftan Pablo Garcia, Ivan Helguera og Sergio Ramos í goggunarröðinni um sæti í liðinu. - toh

Valur lagði Stjörnuna í DHL- deild kvenna, 23-20:

# Vörnin lagði grunninn að sigrinum

**HANDBOLTI** Það var mikil spenna þegar Valur og Stjarnan áttust við í DHL-deild kvenna í handbolta í gærkvöld. Það var greinilegt að bæði lið ætluðu að selja sig dýrt þar sem baráttan var í fyrirrúmi hjá liðunum. Valskonur byrjuðu leikinn betur og komust þremur mörkum yfir í strax í byrjun. Þar skipti mestu frábær 3-3 vörn og góð markvarsla Berglindar Hansdóttur sem varði 11 bolta í fyrri hálfleik. Staðan í hálfleik var 13-9, Valsstúlkum í vil. Eftir hlé var allt annað að sjá varnarleik Stjörnunnar sem hafði verið frekar slakur í fyrri hálfleik. Eftir tíu mínútna leik höfðu Stjörnustúlkur náð muninum í eitt mark, 15-14. Þá tóku Valsstúlkur aftur við sér og juku muninn enn aftur í 3 mörk og var staðan 20-17 þegar um tíu mínútur voru eftir af leiknum. Þessum mun héldu Valsstúlkur út leikinn og unnu nokkuð góðan sigur, 23-20.

Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, var að vonum ánægður með sínar stelpur í leikslok. „Við unnum þetta náttúrlega í kvöld á frábærum varnarleik. Við erum búin að vera að spila nýja vörn sem aðstoðarþjálfarinn minn, Karl Erlingsson, er arkitektinn að. Við erum að spila aggressíva 3-3 vörn og hún skilaði sér í kvöld. Við erum einungis að fá tuttugu mörk á okkur sem er mjög gott.“

Í liði Vals var Berglind Hansdóttir frábær í markinu og varði 20 skot. Alla Gorgjisdóttir átti einnig góðan leik fyrir Val og skoraði 9 mörk. Í liði Stjörnunnar var Jóna Margrét Ragnarsdóttir með tíu mörk og Jelena Jovanovic varði þréttán skot. - toh



**ALLA Í BANASTUÐI** Alla Gorgjisdóttir var í fantaformi í Höllinni í gær og skoraði níu mörk í öllum regnbogans litum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Mrs. Nordberg, I think we can save your husband's arm. Where would you like it sent?“**

**Svar:**
Hjúkka nr.2 úr kvikmyndinni The Naked Gun: From the Files of Police Squad! árið 1988.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON REYNIR AÐ LÆRA AF SJÓNVARPINU.

# *Að taka til á karmareikningnum*

Fólk sefur misvel á næturnar en slæm samviska getur oft rænt mann góðum nætursvefni. Það er hægara sagt en gert að breyta rétt á hverjum degi og hættan á því að maður muni traðka á einhverjum meðbræðra sinna er alltaf til staðar. Þeir sem trúa á karmalögmálið treysta því þó að réttlætið muni sigra og illvirki fólks muni koma í bakið á því áður en yfir lýkur. Það eru sjálfsagt einhverjir karmareikningar í bullandi mínus þessa dagana en það er þó huggun harmi gegn að það er innifalið í lögmálinu að það er aldrei of seint að snúa blaðinu við, breyta rétt og laga til á karmareikningnum.

Þessu komst hvítaruslið, skíthællinn og smákrimminn Earl að í fyrsta þætti My Name Is Earl sem Sirkus sýndi í gær. Earl sem Jason Lee leikur með miklum tilþrifum komst að því eftir umtalsverðar hremmingar að gæfan er þeim hliðhollari sem breyta rétt. Hann tók því saman langan lista yfir þá sem hann hefur brotið á og byrjaði að bæta fyrir misgjörðir sínar, að vísu með misjöfnum og oft og tíðum kostulegum árangri. Þessum einföldu lífsreglum er svo pakkað saman í góðan grínpakka þannig að uppbyggilegur boðskapurinn er ekki eyðilagður með hvimleiðum predikunartóni.

Það er auðvitað galið að halda áfram að fjalla um Quentin Tarantino eftir þá gandreið sem hannhefur farið um íslenska fjölmiðla undanfarið en ég get þó ekki komist hjá því að minnast á fáránlega snilligáfu þessa manns. Hann hristi



**EARL** Þessi skítalabbi sér ljósið eftir bílslys og reynir að laga til á karmareikningi sínum.

svo hressilega upp í CSI að það er vandséð hvort þættirnir bíði þess bætur að hann hafi fengið að leika sér í síðustu tveimur þáttum. Persónurnar fóru allt í einu að tala mannamál og urðu áhugaverðar. Þá var plottið óvenju þétt og gott og ólíkt öðrum CSI þáttum munu þessir lifa í minningunni. Þeir eru ekki öfundsverðir sem þurfa að skrifa þá þætti sem koma í kjölfar þessara snilldartakta ofvirka undrabarnsins.



▶ 21.15 *Spenna*

LAUNRÁÐ



▶ 20.50 *Gaman*

HOW I MET YOUR MOTHER



▶ 20.30 *Lífsstíll*

SPLASH TV



▶ 20.30 *Gaman*

MALCOLM IN THE MIDDLE



▶ 22.00 *Bílar*

A1 GRAND PRIX

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.25** **Nýgræðingar (92:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð.
**20.50** **Svona var það** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.
▶ **21.15 Launráð** (Alias IV) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Félagar (2:3)** (The Rotters' Club) Breskur myndaflokkur um þrjá vini sem vaxa úr grasi í Birmingham á áttunda áratugnum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Aðþrengdar eiginkonur (21:23) **0.05** Kastljós **1.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** Blue Collar TV (20:32) **14.00** Two and a Half Men (13:24) **14.25** Makeovers from Hell **15.15** The Block 2 (14:26) (e) **16.00** Jimmy Neutron **16.25** Með afa **17.20** Barney **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons (19:22)** (Simpson-fjölskyldan 11)
**20.00** **Meistarinn (3:21)** Meistarinn er nýr íslenskur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
▶ **20.50 How I Met Your Mother (1:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar) Nýir bráðskemmtilegir rómantískir gamanþættir í anda Friends sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum síðan sýningar á þeim hófust þar fyrr á árinu.
**21.15** **Nip/Tuck (1:15)** (Klippt og skorið) Bönnuð börnum.
**22.25** **Inspector Lynley Mysteries (4:8)** (Lynley lögregluvarðstjóri) Bönnuð börnum.

**23.10** Hidden Agenda **1.00** The 4400 **1.45** Six Feet Under **2.35** James Dean **4.10** Third Watch **4.55** The Simpsons **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Fashion Television (11:34)**
**20.00** **Friends 6 (6:24)**
▶ **20.30 Splash TV** Það eru bræðurnir Óli Geir og Jói sem eru stjórnendur þáttarins Splash. Splash er fjölbreyttur og skemmtilegur þáttur og ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi.
**21.00** **Summerland (7:13)** (Where There's a Will, There's a Wave) Bandarískur myndaflokkur sem fjallar um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
**21.45** **Girls Next Door (11:15)** (Grape Expectations) Bönnuð börnum.
**22.15** **Smallville (5:22)** (Run) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

**23.45** Friends 6 (6:24) (e) **0.10** The Newlyweds (29:30)

### SKJÁREINN

**16.00** 2005 World Pool Championship (e) **17.55** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** Queer Eye for the Straight Guy (e)

**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **Complete Savages (e)**
**20.00** **Family Guy** Kolsvartur teiknimyndahúmor.
▶ **20.30 Malcolm In the Middle** Lois kaupir risastórt rúm. Hal heldur að hún sé að reyna að hafa meiri fjarlægð á milli þeirra og neitar að sofa í því.
**21.00** **Will & Grace** Grallararnir Will og Grace eru óaðskiljanlegir og samband þeirra einstakt.
**21.30** **The King of Queens** Deacon og Doug fara saman á kaffihús.
**22.00** **House**
**22.50** **Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum The Sex Inspectors.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.05** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.30** Fasteignasjónvarpið (e) **1.40** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**16.20** Enski deildabikarinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur.
**19.00** **X-Games** (Ofurhugaleikar) Í aðalhlutverkum eru ofurhugar sem ekkert hræðast.
**20.00** **US PGA 2005 – Inside the PGA T** Vikulegur fréttaþáttur.
**20.30** **World's strongest man 2004**
**21.00** **NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**21.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír)
▶ **22.00 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri) (A1 Grand Prix – samantekt) Ítarleg umfjöllun um heimsbikarinn í kappakstri.

**23.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **23.40** Bandaríska mótaröðin í golfi

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Old School (B. börnum) **8.00** Forrest Gump **10.20** Triumph of Love **12.10** Lloyd **14.00** Forrest Gump (e) **16.20** Triumph of Love **18.10** Lloyd **20.00** **Old School** (Gamli skólinn) Mitch, Frank og Beanie hafa mátt þola ýmislegt en þeir halda að lausn vandans sé að upplifa ungdómsárin aftur. Bönnuð börnum. **22.00** **Dreamcatcher** (Draumagildran) Stranglega bönnuð börnum. **0.10** Foyle's War (B. börnum) **2.00** Proximity (Str. b. börnum) **4.00** Dreamcatcher (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** High Price of Fame **15.00** High Price of Fame **16.00** E! News **17.00** The 2006 Critics Choice Awards **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** 101 Most Shocking Moments in... **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Superstar Weddings Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið. Þáttur í umsjón Böðvars Bergssonar þar sem stuðningsmannaklúbbar ensku liðanna á Íslandi fá klukkutíma til að láta móðan mása.
**21.00** **Birmingham – Man. Utd. frá 28.12** Leikur sem fór fram miðvikudaginn 28. desember sl.
**23.00** Everton – Liverpool frá 28.12
**1.00** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



HVER VERÐUR MEISTARINN?
Aðjúnktinn mætir alþingismanninum í kvöld kl. 20:30



GOTT FÓLK McCANN

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## How I Met Your Mother — Stöð 2 kl. 20.50

### *Gamanþættir í anda Friends*

*Leikkonan Alyson Hannigan slær í gegn í þáttunum.*



Nýir bráðskemmtilegir gamanþættir í anda Friends sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum síðan sýningar á þeim hófust þar fyrr á árinu. Þættirnir fjalla um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki kominn sé tími til að finna lífsförunautinn. Sagan hefst í framtíðinni þar sem Ted segir uppkomnum börnum sínum frá því hvernig hann kynntist móður þeirra, sem gerðist einmitt árið 2005. Þættirnir gerast því allir eins og um upprifjun sé að ræða. Með vissri fortíðarþrá sem gerir allar lýsingar á okkar tímum enn skemmtilegri en ella; allt í senn ýktari og fyndnari. Með aðalhlutverk fara nokkrir af eftirsóttustu gamanleikurum af yngri kynslóðinni; þar á meðal Alyson Hannigan úr American Pie-myndunum, Josh Radnor úr Not Another Teen Movie, Neil Patrick Harris úr Harold & Kumar Go to White Castle.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.24** Augl. **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Einhver í dyrunum **23.10** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**21.10**

*Fréttir*

PANORAMA

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegiðfréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir

**20.00 Fréttir**
**20.10 Fréttaljós**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama** Fréttaþáttur um fuglaflensuna.
**22.00 Fréttir**
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Ski Jumping: World Cup Four Hills Tournament **13.00** Tennis: WTA Tournament Sydney Australia **14.15** Tennis: WTA Tournament Sydney Australia **15.15** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf **16.15** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **18.00** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf **19.00** Skeleton: World Cup Königssee **20.00** Darts: World Championship Lakeside United Kingdom **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **23.00** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

**BBC PRIME**

**12.00** Porridge **12.30** The Good Life **13.00** Monarch of the Glen **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** As Time Goes By **19.30** 2 point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Little Britain **22.00** Trouble At the Top **22.40** Dalziel and Pascoe **0.10** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** State of the Planet **2.00** Arts Foundation Course

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Hunter Hunted **14.00** Megastructures **15.00** Eruption At Pinatubo **16.00** The Super Twisters **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Storm Stories **18.30** Storm Stories **19.00** African Megaflyover **20.00** Megastructures **21.00** Egypt's Napoleon **22.00** Tomb Robbers **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Egypt's Napoleon **1.00** Tomb Robbers

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Life of Mammals **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Weird Nature **19.30** Big Cat Diary **20.00** Gods and Demons **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Weird Nature **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Gods and Demons **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** A 4x4 is Born **13.30** A 4x4 is Born **14.00** Building the Ultimate **14.30** Building the Ultimate **15.00** Massive Machines **15.30** Massive Engines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Dr G **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Weapons of War

ÚTSALA
15-50% afsláttur
Allar vörur í verslun á útsölu
opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16













mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300




KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Steintryggur fyrir að vera boðið á tónlistarhátíðina Eurosonic í Hollandi.*

## AÐ MÍNU SKAPI HELENA ÁRNADÓTTIR, GOLFKONA Í GOLFKLÚBBI REYKJAVÍKUR

# *París, golf, stelpumyndir og sálfræði*



**TÓNLIST:**
Damien Rice er í algeru uppáhaldi hjá mér, en ég var svo lánsöm að sjá hann á Hættu-tónleikunum í Laugardalshöll síðastliðið laugardagskvöld. Allan tímann sem hann flutti tónlist sína var ég með gæsahúð upp- og niður úr. Annars hlusta ég líka heilmikið á Kanye West; aðallega til að fá útrás fyrir hiphoparann í mér.

**BÓK:**
Er nýbyrjuð á skáldsögu Gerðar Kristnýjar „Bátur með segli og allt" og finnst mér sagan lofa góðu. Annars hafa námsbækurnar átt hug minn allan síðustu mánuðina, því mér þykir einkar gaman að öllu efni sem viðkemur sálfræði.

**BÍÓMYND:**
Sá seinast „Rumor Has it" sem var fín mynd til að hvíla heilann þar sem hún er alveg dæmigerð formúlumynd í Hollywood-stílnum. Annars held ég mikið upp á kvikmyndirnar „I Am Sam" og „In the Name of the Father". Get svo ekki sleppt því að nefna þrjár dæmigerðar stelpumyndir: „Dirty Dancing", „Love Actually" og „Bridget Jones". Það eru bíómyndir sem allir elska en enginn þorir að viðurkenna ást sína á!

**BORG:**
París í Frakklandi. Ég verð bara að segja það. París er unaðsleg heim að sækja. Það er eitthvað við andrúmsloftið í borginni sem er yndislegt. Og svo er Barcelona á Spáni líka í miklu uppáhaldi.

**BÚÐ:**
Draumur allra íslenskra stúlkna í útlöndum er H&M. Ég missi mig gjörsamlega þegar ég kemst í H&M-verslanirnar ytra því freistingarnar eru svo margar og tælandi. Þá lendir Eurokortið mitt í mikilli hættu!

**VERKEFNI:**
Er nú á leið í æfingaferð til Flórída með landsliðshópnum í golfi. Einnig legg ég stund á sálfræði við Háskóla Íslands og þessa dagana er skólinn að rúlla af stað eftir jólahátíðina. Ég er því heppin; það eru spennandi tímar framundan.



**LÁRÉTT**
2 eyja 6 frá 8 léreft 9 stormur 11 til dæmis 12 fæla 14 hroki 16 halló 17 snúningshraði 18 tunnu 20 ekki heldur 21 gort.

**LÓÐRÉTT**
1 þungi 3 bor 4 bætiefni 5 á móti 7 útskúfa 10 belja 13 tækifæri 15 pappír 16 langur 19 tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 java, 6 af, 8 lín, 9 rok, 11 td, 12 grýla, 14 dramb, 16 hæ, 17 gír, 18 ámu, 20 né, 21 raup. **LÓÐRÉTT:** 1 farg, 3 al, 4 vítamín, 5 and, 7 fordæma, 10 kýr, 13 lag, 15 bréf, 16 hár, 19 uu.

## VEISTU SVARIÐ?

1. Guðmundur Bjarnason.
2. Kobe Bryant, leikmaður LA Lakers.
3. Köld slóð.

allt tilboð
Alla föstudaga



**ÍSMAÐURINN SIGURÐUR** Drepur hákarla og baðar sig á borgarísjökum í heimildarmynd sem er væntanleg um mitt árið.

## ÍSMAÐURINN SIGURÐUR PÉTURSSON: ER CLINT EASTWOOD NORÐURSINS

# Reynir á hákarlaveiðum vegna heimildarmyndar

Reynir Traustason, höfundur bókarinnar Skuggabörn og ritstjóri Mannlífs, er ásamt kvikmyndafyrirtækinu Í einni sæng að gera heimildarmynd um Ísmanninn Sigurð Pétursson. Hann og Lýður Árnason, leikstjóri myndarinnar, voru staddir í höfuðstað austurhluta Grænlands, Tasiilaq, þegar Fréttablaðið náði tali af þeim. Tvíeykið var að bíða eftir þyrlu sem myndi flytja þá til Kulusuk en félagarnir voru á leiðinni heim til Íslands eftir fjögurra daga dvöl með Ísmanninum í heimabæ hans Kuummuit.

„Þetta er búið að vera eitt samfellt ævintýri," sagði Reynir þar sem hann sat ásamt Lýð og Sigurði í flugstöðinni. „Við erum að umlykja hann ást og umhyggju enda eiga stórstjörnur eins og hann ekkert annað skilið," bætti hann við og hló. Tvö ár eru liðin síðan vinnsla við myndina hófst og hafa Lýður og Reynir farið til Grænlands nokkrum sinnum auk þess sem flogið var með Sigurð heim til Íslands í hjartaþræðingu og allt fest á filmu.

Að sögn Reynis kviknaði hugmyndin þegar hann skrifaði bókina Seiður Grænlands fyrir sex árum en Sigurður var ein af aðalpersónum þeirrar bókar. Árið áður hafði Reynir tekið dagblaðaviðtal við Sigurð sem þá fékk einmitt viðurnefnið Ísmaðurinn ógurlegi. „Sigurður er maður sem hefur snúið baki við þeirri vestrænu menningu sem við þekkjum," útskýrir Reynir og viðurkennir að hann og Lýður séu orðnir hálfgerðir Grænlandsfíklar eftir að þeir byrjuðu að vinna myndina.

Ritstjórinn segir að þeir eigi um hundrað klukkustundir af æði skrautlegu efni sem inniheldur ótrúlegar aðstæður og uppákomur. „Við höfum meðal annars farið á hákarlaveiðar, siglt með honum út og suður enda lendir kappinn í stöðugum ævintýrum," segir Reynir en meðal þess sem eflaust eftir vekja mikla eftirtekt er þegar Ísmaðurinn baðar sig úti á borgarísjaka, eitthvað sem flestum þætti eflaust heldur kalt bað. „Þetta er mikið hreystimenni," segir Reynir.

Myndin kemur væntanlega fyrir almenningssjónir um mitt árið eða í haust en vilyrði er fyrir því að myndin fái framleiðslustyrk hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands upp á tæpar þrjár milljónir. Reynir segir þá þó ætla að fara sér að engu óðslega og taka sér góðan tíma til að vinna í myndinni. „Við erum að komast á klippistigið," sagði Reynir sem neyddist í kjölfarið til að slíta samtalinu enda þyrlan komin á vettvang.

freyrgigja@frettabladid.is



**REYNIR TRAUSTASON** Segist vera orðinn algjör Grænlandsfíklar eftir gerð heimildarmyndarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og greint er frá hér neðar á síðunni birti Kvikmyndamiðstöð Íslands lista yfir verkefni sem hún styrkir eða hefur gefið vilyrði fyrir að styrkja. Eitt nafn stingur óneitanlega í stúf en það er nafn **Björns Inga Hrafnssonar**, frambjóðanda í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík og aðstoðarmaður forsætisráðherra. Hann vinnur nú ásamt Viðari Víkingssyni að gerð handrits fyrir heimildarmynd um knattspyrnufeiril Alberts Guðmundssonar, en þeir félagar fengu fimm hundruð þúsund króna styrk og er Saga Film skráður framleiðandi.

Ísamtali við Fréttablaðið sagðist Björn Ingi hafa gengið lengi með þessa hugmynd í maganum eða alveg síðan að hann starfaði sjálfur sem íþróttafréttamaður. Nú væri komin smá skriður á málið en Saga Film væri að kortleggja staðina í Evrópu þar sem hugsanlega mætti finna myndefni af kappanum. Albert Guðmundsson gerði garðinn frægan með stórliðum í Evrópu og lék meðal annars með Glasgow Rangers, Arsenal og AC Milan áður en hann lagði skóna á hilluna árið 1954 þá 31 árs.

Björn Ingi sagði það hljóta vera mikilvægt að eiga á einum stað myndir af kappanum og glæstum ferli hans. Frambjóðandinn vildi þó ekki gera upp á milli hvítu perlunnar og hins „ljóshærða Maradona", Eiðs Smára, enda sagði hann þrjá knattspyrnukappa skara fram úr í íslenskri knattspyrnusögu. „Þeir tveir og Ásgeir Sigurvinsson eru þeir bestu en það er mikið tilfinningamál í hvaða röð þeir eru settir," sagði Björn Ingi sem vissi þó ekki hvenær heimildarmyndin liti dagsins ljós. „Þetta er allt á frumstigi en þegar maður hefur fengið styrk verður eitthvað að verða úr verki." -fgg

Glæný Ýsa
Hrogn
Lifur

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Gamanþáttur í anda Office

Kvikmyndamiðstöð Íslands birti nýverið lista yfir þau verkefni sem hafa fengið styrki eða vilyrði fyrir þeim. Þar kennir margra grasa en mesta eftirtektina vekur nafn Vernharðs Þorleifssonar sem fær handritsstyrk fyrir verkefni sem gengur undir heitinu „Venni Páer". Vernharð hefur vakið athygli fyrir skrif sín í bakþönkum Fréttablaðsins, en hann var staddur á skrifstofu sinni hjá fasteignasölunni REMAX þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum. „Þetta eru gamanþættir sem verða vonandi settir í sýningu á Skjá einum næsta haust," útskýrði Vernharð þegar hann var spurður af hverju nafn hans væri að finna á þessum lista. „Þeir eru í anda Office og fjalla um einkaþjálfarann Venna Páer sem er með ívið meira sjálfstraust en hann hefur efni á," bætir hann við en svokallaður „pilot"-þáttur var tekinn upp í ágúst í fyrra með Jóni Gnarr og Álfrúnu Örnólfsdóttur til að selja þáttinn.

Margir ráku upp stór augu þegar Vernharður fór að skrifa reglulega pistla í blaðið enda eflaust einhverjir haldið að hann væri hálfgerður „íþróttahálfviti" eins og hann segir sjálfur. „Ég hef örugglega verið flokkaður sem einhver ákveðin steríó-týpa og það er því gaman að sýna á sér nýja hlið." Vernharð byrjaði fyrst að skrifa dagbókarfærslur á netinu þegar hann fluttist til Svíþjóðar og keppti þar í júdó. „Ég hélt reyndar að ég væri sá eini sem væri að þessu en komst síðar að raun um að í kringum tólf milljónir netverja höfðu sama háttinn á," segir Vernharð og hlær.

Handritshöfundurinn er að mestu leyti búinn að skrifa fyrstu þáttaröðina og segir nú þetta að mestu vera komið úr hans höndum að sinni. „Þetta er komið til manna sem ég treysti mjög vel og hef fulla trú á að þeir fari vel með þetta." -fgg



**VERNHARÐ ÞORLEIFSSON** Hefur skrifað gamanþætti á kvöldin en selt fasteignir á daginn.

# Útsalan

## Aðeins 4 dagar eftir

**30%** afsl.

- af völdum vörum -

**Nýtt kortatímabil hefst í dag 12. janúar**

LLOYD ara PETER KAISER ecco Mary B ZINDA

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

KRINGLAN - SMÁRALIND



# Útsalan

## Aðeins 4 dagar eftir

**30%** afsl.

- af völdum vörum -

**Nýtt kortatímabil hefst í dag 12. janúar**

ecco

Kringlan - Laugavegi 38 - Smáralind

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**


JÓNS GNARR


## *Flugvellir*

Flugvellir eru skrítnir staðir að vera á. Þar ríkir ákaflega skringileg stemning. Allir eru að koma eða fara og flestir stoppa stutt við. Fólk er margt úrillt og þreytt. Andrúmsloftið er þurrt. Þú nærð ekki augnsambandi við neinn, allir glápa leitandi út í loftið á meðan þeir ganga hjá. Aðrir sitja og horfa daufum og áhugalausum augum fram fyrir sig. Fólki líður ekki vel á flugvöllum. Maður sér það best á þeim fjölda sem hangir á börum, jafnvel snemma á morgnana. Mér finnst þetta svipuð stemning og ég ímynda mér að ríki í flóttamannabúðum.

**ÉG** fór til útlanda um daginn. Ég lenti í því að fluginu mínu seinkaði og ég þurfti að bíða rúmum tveimur tímum lengur en til stóð. Það var ósköp lítið við að vera nema rölta fram og aftur í leiðindunum. Ég hef ferðast með börn síðustu tuttugu árin og það er hálfu verra en að ferðast einn. Það er ekki gert mikið fyrir barnafólk.

**ÞJÓNUSTA** á flugvöllum er nær undantekningalaust slæm. Það er leitun að verri þjónustu. Maturinn er oftast vondur og einstaklega dýr og úrval lítið. Viðmót afgreiðslufólks er sérstakt og ópersónulegt. Og opnunartímar eru óskiljanlegir. Þetta þarf ekki að vera svona.

**AF** hverju er komið svona illa fram við fólk á flugvöllum? Umhverfi og aðstæður hafa áhrif á líðan fólks. Því ekki að bjóða fólki upp á eitthvað annað en endalausar búðir og bari? Ég vildi óska þess að ég væri yfirmaður á stórum alþjóðaflugvelli. Það er svo margt hægt að gera. Ég myndi byrja á því að bæta stórlega aðstöðu fyrir börn og barnafólk og koma upp leikaðstöðu. Svo myndi ég bjóða nuddurum að setja upp nuddstofur eða nuddstóla. Ég myndi kanna möguleika á að bjóða upp á svefnaðstöðu fyrir fólk sem þarf að stoppa lengi. Og láta setja upp sturtuaðstöðu. Ég myndi líka setja upp sjónvörp sem sýndu annað en komur og brottfarir. Og þetta er aðeins brot af því sem hægt væri að gera fyrir þreytta ferðalanga. Nú standa yfir breytingar á Leifsstöð. Það er verið að stækka. Ég skora á yfirmenn þar að grípa tækifærið og gera Flugstöð Leifs Eiríkssonar að bestu flugstöð í heimi. Gengur ekki lífið út á það að gera vel við náungann?





fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Skráning í fjarnám á vorönn 2006 fer fram 6. – 15. janúar á heimasíðu skólans. Slóðin er www.fa.is**